



BARN AVERNDARSTOFA

HANDBÓK FYRIR BARN AVERNDARNEFNDIR OG
STARFSFÓLK ÞEIRRA

ÚTGEFIN Í MARS 2006
ENDURSKOÐUN 2015

E F N I S Y F I R L I T

1. Barnavernd samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002	8
2. Stefnumörkun í barnaverndarmálum.....	10
3. Nokkur grundvallaratriði í barnaverndarstarfi	11
3.1 Meginreglur barnaverndarstarfs	12
4. Skipulag barnaverndarmála	15
4.1. Velferðarráðuneytið	15
4.2. Kærunefnd barnaverndarmála.....	15
4.3. Barnaverndarstofa	16
4.4. Barnaverndarnefndir	16
4.4.1 Um hæfi nefndarmanna og barnaverndarstarfsmanna	17
4.4.2 Hlutverk barnaverndarnefndar og starfsmanna.....	19
4.4.3 Verkefni barnaverndarstarfsmanns og málafjöldi.....	19
5. Valdsvið barnaverndarnefnda	22
5.1. Flutningur mála	23
5.2. Börn sem ekki eiga lögheimili á Íslandi	25
5.2.1 Vegalaus börn	25
6. Skráning mála og meðferð persónuupplýsinga hjá barnaverndarnefnd.....	26
6.1 Hvað er mál?	26
6.2 Skylda til að skrá öll mál og upplýsingar í máli	26
6.3 Varðveisla gagna – starfsstöðvar	27
6.4 Skráning, talning vegna ársskýrslu og sískráning	28
7. Tilkynningar	29
7.1 Tilkynningarskyldan	29
7.2 Hvert á að tilkynna.....	29
7.3 Hvað er tilkynning	30
7.3.1 Tilkynningar frá einstaklingum og þeim sem afskipti hafa af börnum.....	30
7.3.2 Tilkynningar frá lögreglu	30
7.3.3 Börnin leita eftir aðstoð	31
7.3.4 Foreldrar leita eftir aðstoð.....	31
7.3.5 Óskir um úrræði	32
7.3.6 Fundir með samstarfsaðilum.....	32
7.3.7 Mál í vinnslu	32
7.3.8 Tilkynning um að heilsu eða lífi ófæddis barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu	33
7.3.9 Nafnlausar tilkynningar	33
7.4 Fundir um tilkynningar	34
7.5 Upplýsingar til tilkynnanda.....	34
7.6 Flokkun tilkynninga	35
7.7 Almenn verndarákvæði	35
8. Nafnleynd.....	35

8.1 Nafnleynd einstaklinga	36
8.2 Þeir sem afskipti hafa af börnum vegna starfa sinna	36
8.3 Aflétting nafnleyndar	37
9. Ákvörðun um könnun.....	37
9.1 Ákvörðun um að hefja könnun máls eða láta mál niður falla	37
9.2 Tilkynning til forsjáraðila	39
10. Samvinna í barnaverndarmálum	40
10.1 Hvað sýna rannsóknir	40
10.2 Áherslur í lögum	41
10.3 Samvinna við barnið	42
10.4 Samvinna við foreldra.....	44
10.4.1. Samvinna við foreldra sem fara sameiginlega með forsjá en búa ekki saman	46
10.4.2 Samvinna við forsjárlaust/forsjársvipt foreldri	46
10.5 Samvinna við aðra.....	48
10.5.1 Þörf á samvinnu	49
10.5.2 Helstu samstarfsaðilar barnverndarnefnda eru:	49
11 Könnun máls.....	50
11.1 Skipan talsmanns	50
11.2 Upphaf könnunar	51
11.3 Skilgreining og flokkun - hjálpartæki við könnun og flokkun mála.....	53
11.4 Ósk um lögreglurannsókn	54
11.5 Rannsóknarheimildir.....	54
11.5.1 Heimildir til að tala við börnin og fylgjast með hegðun þeirra.....	55
11.5.2 Heimildir til að leita upplýsinga hjá foreldrum.....	56
11.5.3 Heimildir til að leita upplýsinga hjá öðrum	56
11.6 Skriflegar upplýsingar.....	57
11.7 Mál barna sem eru grunuð um að hafa brotið af sér	58
11.7.1. Mál ósakhæfra barna sem grunuð eru um að hafa brotið af sér.....	58
11.7.2. Mál sakhæfra barna sem grunuð eru um að hafa brotið af sér.....	59
11.8 Almennt um skýrslutökur af börnum í opinberum málum	62
11.8.1 Hlutverk barnaverndarstarfsmanns við skýrslutökur	64
11.9 Niðurstaða könnunar	64
11.10 Að loka máli.....	65
12. Áætlun um meðferð máls	65
12.1 Hvers vegna áætlun?	66
12.2 Hverjir taka þátt í gerð áætlunar	67
12.3 Innihald áætlunar um stuðningsúrræði.....	68
12.4 Einhliða áætlun um beitingu þvingunar	68
12.4.1 Innihald einhliða áætlunar um beitingu þvingunar	69
12.5 Áætlun um umsjá barns í fóstri eða vistun utan heimilis.....	69
12.6 Mál ungmennis 18-20 ára	69
13. Stuðningsúrræði.....	70
13.1 Samningur bvn. um stuðning eða beitingu úrræðis	72

13.2	Stuðningur inn á heimili skv. 24. gr. bvl.....	73
13.2.1	Leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns	73
13.2.2	Stuðla að því í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir að beitt verði úrræðum samkvæmt öðrum lögum	73
13.2.3	Útvega barni viðeigandi stuðning eða meðferð	74
13.2.4	Útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu	74
13.2.5	Aðstoða foreldra eða þungaða konu við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála	77
13.3	Stuðningur með vistun barns utan heimilis skv. 25. gr. bvl.....	77
13.3.1	Ráðstöfun barns í fóstur	78
13.3.2	Vistun barns á stofnun eða heimili.....	79
13.4	Samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri	79
13.5	Heimili og stofnanir á ábyrgð sveitarfélaga sbr. 84. gr. bvl.	79
14.	Þvingunarúrræði.....	80
14.1	Markmið þvingunarúrræða	80
14.2	Neyðarráðstafanir.....	81
14.3	Staða barnsins í þvingunarmálum	82
14.4	Undirbúningur þvingunar - málsmeðferð	83
14.4.1	Úrskurður barnaverndarnefndar.....	83
14.4.2	Styrkur til að greiða fyrir lögmannsaðstoð	84
14.4.3	Frágangur úrskurðar.....	85
14.4.4	Aðrar stjórnisýsluákvæðanir barnaverndarnefndar	86
14.5	Úrskurður dómstóls skv. 28. gr. bvl.....	87
14.5.1	Málshöfðun skv. 29. gr. bvl.	87
14.5.2	Ein ráðstöfun tekur við af annarri skv. 2. mgr. 28. gr. bvl.....	88
14.5.3	Krafa um sviptingu sjálfræðis skv. 30. gr. bvl.....	88
14.5.4	Krafa um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann skv. 37. gr. bvl.	89
14.6	Þvingunarúrræði inn á heimili	89
14.6.1	Eftirlit með heimili.....	89
14.6.2	Fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, lækniþjónustu, rannsókn, meðferð eða þjálfun	90
14.6.3	Ákvörðun um að ekki megi fara með barn úr landi.....	90
14.7	Þvingunarúrræði utan heimilis.....	91
14.7.1	Úrskurður barnaverndarnefndar um vistun í allt að tvo mánuði.....	91
14.7.2	Úrskurður dómstóls um vistun í allt að 12 mánuði.....	92
14.8	Forsjársvipting	92

15. Úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum	93
15.1. Ráðningar	93
15.2. Ábótavant atferli manns sem hefur samskipti við börn í starfi sínu	94
15.3 Heimildir Barnaverndarstofu til að gefa upplýsingar um dæmda kynferðisbrotamenn	95
16. kafli Barnahús	95
16.1 Hvers vegna Barnahús?.....	95
16.2 Verkefni Barnahúss.....	96
17. kafli Sálfræðiþjónusta vegna óviðeigandi kynhegðunar barna	98
18. kafli Fjölkerfameðferð - MST	100
19. Meðferðarheimili á vegum ríkisins.....	102
19.1 Framkvæmd vistunar barns á heimili eða stofnun skv. 79. gr. bvl.	102
19.2 Reglur um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila.....	104
19.3 Réttindi barna og beiting þvingunar á meðferðarheimilum	104
19.4 Meðferð kvörtunar vegna meðferðarheimila	104
19.5 Leiðbeiningar um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi og reglur um viðbrögð við framburði barns og öðrum grunsemdum um kynferðielegt ofbeldi á heimilum og stofnunum á vegum ríkisins	105
19.6 Heimili og stofnanir undir yfirstjórn Barnaverndarstofu	105
19.6.1 Meðferðarstöð ríkisins, Stuðlar www.studlar.is	106
19.7 Meðferðarheimili	106
19.7.1 Háholt.....	106
19.7.2 Laugaland.....	107
19.7.3 Lækjarbakki	107
20. Ráðstöfun barns í fóstur	108
20.1 Hvað er fóstur	108
20.1.1 Tímabundið fóstur.....	108
20.1.2 Varanlegt fóstur	109
20.1.3 Styrkt fóstur	109
20.2 Hvenær fer barn í fóstur?	110
20.2.1 Fósturráðstöfun barns með samþykki foreldra	110
20.2.2 Fósturráðstöfun barns þegar foreldrar hafa verið sviptir forsjá	110
20.2.3 Fósturráðstöfun barns vegna andláts forsjárforeldra.....	110
20.3 Hlutverk Barnaverndarstofu í fósturmálum	111
20.3.1 Taka við umsóknum frá þeim sem óska eftir að taka barn í fóstur.....	111
20.3.2 Óska eftir umsögn barnaverndarnefndar.....	112
20.3.3 Halda námskeið.....	112
20.3.4 Afgreiða umsóknir þeirra sem óska eftir að taka barn í fóstur	112
20.3.5 Endurnýjun leyfis.....	113
20.3.6 Skrá um fósturforeldra	114

20.3.7 Taka við umsóknum frá barnaverndarnefnd um fósturheimili fyrir barn	114
20.3.8 Aðstoða barnaverndarnefnd við val á fósturheimili.....	114
20.3.9 Velja fósturforeldra og taka þátt í greiðslum til þeirra þegar um er að ræða styrkt fóstur	115
20.4 Hlutverk barnaverndarnefnda í fósturmálum.....	115
20.4.1 Veita Barnaverndarstofu umsögn vegna óska um að gerast fósturforeldrar	115
20.4.2 Taka ákvörðun um að ráðstafa barni í fóstur	116
20.4.3 Sækja um fósturheimili og velja í samráði við Barnaverndarstofu.....	116
20.4.4 Fósturráðstöfun barns til kynforeldris sem ekki fer með forsjá.....	117
20.4.5 Ráðstöfun barns til kynforeldris sem fer með sameiginlega forsjá en barn býr ekki hjá	118
20.4.6 Ráðstöfun barns í fóstur til nákomins ættingja	119
20.4.7 Undirbúningur barns undir að fara í fóstur	119
20.4.8 Gera fóstursamning	120
20.5 Tilkynna um gerð fóstursamnings	127
20.6 Stuðningur við barnið, fósturforeldrana og foreldrana	128
20.7 Samstarf við aðra aðila.....	131
20.8 Endurskoða fóstursamning	132
20.9 Segja upp eða rifta fóstursamningi	132
20.10 Réttindi barns í fóstri	133
20.11 Eftirlit með barni í fóstri	133
20.12 Réttur foreldra og barns til að taka mál upp að nýju.....	134
20.13 Lok fóstursamnings.....	135
20.14 Gagnlegir tenglar um fósturmál	135
21. Önnur verkefni barnaverndarnefnda.....	136
21.1 Leyfisveitingar barnaverndarnefndar	136
21.2. Sumardvöl á vegum annarra en barnaverndarnefnda.....	136
21.2.1 Sumardvöl á einkaheimili	136
21.3 Sumardvöl á vegum barnaverndarnefnda	137
21.3.1. Úttekt vegna umsóknar um að taka börn í sumardvöl	138
21.3.2 Endurnýjun á leyfi.....	140
21.4 Tilsjónarmaður og persónulegur ráðgjafi.....	141
21.5 Stuðningsfjölskyldur	142
21.6 Leyfisveitingar Barnaverndarstofu	143
21.6.1 Heimili og önnur úrræði sem bvn. skulu hafa tiltæk	143
21.6.2 Sumarbúðir ofl.	144
19.7.1 Forsjá og umgengni.....	147

21.7.2 Ættleiðingar.....	149
21.7.3 Tæknifrjógungun.....	149

1. Barnavernd samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002

Það getur verið flókið að meta hvort ákveðin atriði er varða umönnun og aðbúnað barna geri það að verkum að fjalla eigi um málið sem barnaverndarmál með þeim skyldum og heimildum opinberra aðila sem það felur í sér eða hvort um sé að ræða mál sem fjalla eigi um með hliðsjón af öðrum lögum, svo sem barnalögum, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um málefni fatlaðs fólks eða lögum um grunnskóla. Ástæðurnar fyrir því að mikilvægt er að skilgreina barnaverndarmálin sérstaklega eru fyrst og fremst tvær. Í barnaverndarlögunum eru skýr ákvæði um þau réttindi og skyldur sem nefndin hefur þegar verið er að fjalla um barnaverndarmál, málsmeðferðina sem fara þarf eftir og nokkur þeirra stuðningsúræða sem eiga að standa til boða. Þessi réttindi og skyldur eru ekki til staðar í öðrum lögum og þetta undirstrikar því þá sérstöðu sem barnaverndarmál hafa miðað við mál sem verið er að fjalla um á öðrum grunni svo sem lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 er að finna nokkur atriði sem líta má á sem leiðbeiningar þegar skilgreina á barnaverndarmál. Í 2. gr. laganna er talað um að tryggja eigi að börn sem *búa við óviðunandi aðstæður* eða *börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu* fái nauðsynlega aðstoð. Í 16. gr. er fjallað um *börn sem búa við óviðunandi uppeldisaðstæður, verða fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofna heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu* og einnig þegar *heilsu eða líf ófædds barns er stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðar konur eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi. Í 17. og 18. gr. er sérstaklega getið um skyldu tiltekinna starfstétta til að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna.*

Það ríkir hins vegar engin sátt um hvað hugtökin „óviðunandi aðstæður” eða „að stofna heilsu sinni og þroska í hættu” þýða. Rannsóknir hafa sýnt að ólíkir faghópar, svo sem félagsráðgjafar, starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar, sálfræðingar og lögfræðingar, hafi ólík viðhorf til þess hvað sé börnum skaðlegt¹. Innlendar

¹ Lagerberg, D., og Sundelin, C., (2000) *Risk och prognos i socialt arbete med barn. Forskningsmetoder och resultat*. Forlaget Gothia

rannsóknir hafa staðfest að barnaverndarstarfsmenn hafa einnig ólíkt mat á því hvers konar tilvik eða aðbúnaður (eða skortur á aðbúnaði) leiði til barnaverndarafskipta²

Nokkrar umræður hafa verið hér á landi, eins og annars staðar um það hvort skilgreina eigi barnaverndarmál vítt eða þröngt. Með „víðri” skilgreiningu er átt við að notaðar séu almennar velferðaráherslur en „þröng” skilgreining felur frekar í sér „verndaráherslur”.³ Árið 2003 skipaði þáverandi félagsmálastjóri í Reykjavík nefnd til að afla upplýsinga um hugtakið „barnaverndarmál” í nágrennalöndunum og gera samanburð á skilgreiningum. Einnig var óskað eftir álitum starfshópsins á skilgreiningu á hugtakinu hér á landi. Starfshópurinn skilaði skýrslu árið 2004.⁴ Ein af niðurstöðum starfshópsins er að barnaverndarmál séu ekki skilgreind víðar hér en annars staðar á Norðurlöndum. Einnig kemur fram að almennar velferðaráherslur (víður rammi) speglast skýrar í lagasetningu á Norðurlöndum en í hinum engilsaxnesku þar sem „verndaráhersla” (þröngur rammi) er skýrari.

Í skýrslunni er bent á ólíkar leiðir sem fara má til að skilgreina barnaverndarmál. Ein leiðin sem bent er á er að skilgreina barnaverndarmál út frá stöðu barns og/eða foreldris. Önnur leið sem bent er á er að láta skilgreininguna stýrast út frá því hvaða úrræða er þörf. Nefndin vann ekki upp ákveðna skilgreiningu á hugtakinu barnaverndarmál heldur lét Barnaverndarstofu eftir að vinna áfram að því.

Í daglegu starfi er þó rétt að hafa markmið bvl. og orðalag 21. gr. í huga þegar verið er að skilgreina barnaverndarmál. Leggja skal áherslu á stuðningshlutverk barnaverndarnefndar og beitingu meðalhófs, þ.e. barnaverndarnefnd skal hafa svigrúm til að beita vægari úrræðum áður en gripið er til þvingunar. Þá eru skilgreind tiltekin úrræði í bvl. og reglugerðum sem hvergi eru skilgreind í öðrum lögum. Þá er einnig rétt að hafa í huga að ef vandi barns er þannig að rétt þykir að beita úrræðum barnaverndarlaga þurfi að fylgja ákvæðum barnaverndarlaga við alla málsmeðferð.

² Freydís J. Freysteinsdóttir (2005) *Risk factors for repeated child maltreatment in Iceland: An ecological approach*. Reykjavík: University of Iceland Press

Anni G. Haugen (2004) “Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið. Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn” Barnaverndarstofa

³ Guðrún Kristinsdóttir (ritstj) 2004 “Barnaverndarmál Skilgreining hugtaksins og samanburður við nágrennalönd” Félagsþjónustan í Reykjavík

⁴ Guðrún Kristinsdóttir (ritstj) (2004) “Barnaverndarmál Skilgreining hugtaksins og samanburður við nágrennalönd” Félagsþjónustan í Reykjavík

2. Stefnumörkun í barnaverndarmálum

5. og 9. gr. bvl. nr. 80/2002

Barnaverndarlögin kveða á um að bæði ríki og sveitarfélög marki sér stefnu og geri sér framkvæmdaáætlun um barnaverndarstarf.

Í 5. gr. bvl. segir að ráðuneytið beri ábyrgð á stefnumótun í barnavernd og að ráðherra eigi að leggja framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn fyrir Alþingi að loknum sveitarstjórnarkosningum. Áætlunina á að byggja á þeirri þekkingu sem til er hverju sinni um börn og aðstæður þeirra. Gert er ráð fyrir að hún sé endurskoðuð reglulega á grundvelli úttekta á barnaverndarstarfi og þeim úrræðum sem til eru hverju sinni og þannig tryggja að barnaverndarstarfið þjóni sem best þeim börnum sem í hlut eiga. Þess má vænta að mótun heildarstefnu í barnaverndarmálum geti orðið til þess að tryggja að öll börn njóti sambærilegrar þjónustu enn frekar en nú er.

Í 9. gr. bvl. er ákvæði um að sveitarstjórnir skuli marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlunin skal send ráðuneyti og Barnaverndarstofu. Þar sem fleiri sveitarfélög standa saman að barnaverndarnefnd er heimilt að gera sameiginlega áætlun.

Áætluninni er ætlað að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi. Einnig má ætla að framkvæmdaáætlunin auki sýnileika málaflokksins innan sveitarfélagsins. Í áætluninni eiga að koma fram atriði eins og:

- markmið sveitarfélagsins í barnaverndarstarfi
- hvernig barnaverndarstarfið er byggt upp
- hver starfsmannaþörfin er
- hver er helsti vandi barna í sveitarfélaginu
- hvers konar stuðningsúrræði eru til
- hver er þörfin fyrir stuðningsúrræði og þá hvers konar úrræði
- hver er áætlaður kostnaður vegna stuðningsúrræða

- ákvarðanir um þau verkefni sem ráðist verður í meðan áætlun varir og forgangsroðun þeirra
- hvernig er eftirliti barnaverndarnefndar með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum barna háttað

Við undirbúning áætlunarinnar er nauðsynlegt að safna saman upplýsingum um stöðu barna í sveitarfélaginu og þarfir þeirra á sviði barnaverndar. Því má gera ráð fyrir að auk starfsmanna barnaverndar þurfi kennarar, leikskólakennarar og aðrir sem hafa sérstaka þekkingu á högum barna að koma að starfinu.

3. Nokkur grundvallaratriði í barnaverndarstarfi

4. gr. bvl. nr. 80/2002

3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, augl. nr. 18/1992

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 19/2013

Í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 segir að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Ákvæðið felur í sér stefnuyfirlýsingu og sækir m.a. fyrirmynd til ákvæða ýmissa alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Þetta er mikilvægt ákvæði sem undirstrikar að vernd barna skuli vera í fyrirrúmi og að réttindi annarra geti þurft að víkja ef hagsmunir barns krefjast þess.

Sameinuðu þjóðirnar samþykktu haustið 1989 samning um réttindi barnsins. Ísland staðfesti samninginn 1992, sbr. augl. nr. 18/1992 og lögfesti hann 2013, sbr. lög nr. 19/2013. Samningurinn um réttindi barnsins er alþjóðalög og undirstrikar full mannréttindi allra barna. Í honum er að finna ýmis ákvæði sem jafnframt er að finna í barnaverndarlögunum svo sem skilgreiningu á aldri barna, ákvæði um að hagsmunir barna skuli vera í fyrirrúmi við allar ákvarðanir og um rétt barna til lífs, ríkisfangs, fjölskylduverndar og þátttöku. <http://www.althingi.is/lagas/128b/1992018.2c5.html>

3.1 Meginreglur barnaverndarstarfs

Í 4. gr. bvl. eru taldar upp þær meginreglur sem barnaverndaryfirvöldum ber að hafa í huga þegar verið er að fjalla um málefni barns og fjölskyldu þess:

➤ **Beita skal þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu**

Það getur verið erfitt að meta hvað sé barni fyrir bestu og auðvelt að rangtúlka hugtakið til að rökstyðja ákvörðun um úrræði, sem e.t.v. byggir frekar á óskum og hagsmunum hins fullorðna en á þörfum barnsins. Í öllu sínu starfi þarf barnaverndarnefnd að horfa stöðugt á barnið sjálft, kynnast því og taka ákvarðanir með hagsmuni þess í huga. Þetta þarf að gerast allt frá og með því að tekin er ákvörðun um könnun máls og þar til því lýkur. Oftast nær er um að ræða lausnir þar sem foreldrar eru í aðalhlutverki með því að veita barninu stuðning. Þeir geta þurft að læra nýjar leiðir við umönnun barnsins og þurfa ef til vill sjálfir að takast á við eigin vanda. Þó getur komið fyrir að óskir og vilji foreldra eru ekki taldar samræmast þörfum barnsins, til dæmis vegna vímuefnaneyslu eða annars vanda sem þeir eru ekki tilbúnir að takast á við og sem hindra það að barnið geti öðlast öryggi í þeirra umsjón

➤ **Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi**

Spurningin um hagsmuni barnsins er nátengd því að velja þær lausnir sem eru barninu fyrir bestu. Þegar ljóst er að forsendur séu fyrir því að barnaverndarafskipti hefjist skal ætíð horfa á hagsmuni barnsins við val vinnuaðferða og stuðningsaðgerða. Þetta felur ekki í sér að horft sé framhjá hagsmunum foreldra, enda er skýrt tekið fram í markmiðsgrein barnaverndarlaganna að leitast skuli við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki. Hin mikla áhersla sem lögð er á samvinnu við foreldra og barn, eftir aldri þess og þroska, getur hins vegar stundum leitt til þess að sjónarmið og þarfir foreldra verða sýnilegri í vinnslu málsins, en líðan, óskir og þarfir barnsins, m.a. vegna þess að oft er mun meira rætt við foreldrana en barnið sjálft. Þetta getur átt sér eðlilegar skýringar t.d. ungur aldur barnsins eða mikilvægi þess að foreldri breyti sínum aðstæðum til að geta betur tekist á við uppeldishlutverkið. Þessi regla getur t.d. verið áleitin þegar meta á hvort framlengja eigi ákveðnar stuðningsaðgerðir eins og að nota

tílsjónarmann eða persónulegan ráðgjafa. Þá er það ekki fyrst og fremst spurning um hvort foreldri sé tilbúið til samstarfs um áframhaldandi stuðning, heldur hvort sá stuðningur sé líklegur til að bæta aðbúnað og líðan barnsins, eða hvort ef til vill sé komið að því að skoða hvort hagsmunum barnsins verði betur komið á annan hátt t.d. hjá nýjum umönnunaraðilum.

➤ **Taka skal tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til**

Lögin leggja áherslu á að barnaverndarnefnd kanni sérstaklega sjónarmið barnanna og taki tillit til þeirra þegar leita á lausna á stöðu þeirra og vanda. Á hvern hátt það skuli gert fer eftir aldri barns og þroska. 46. gr. bvl. kveður nánar á um réttindi og þátttöku barns við málsmeðferð, þar sem lögð er áhersla á að rætt sé við barnið og sjónarmið þess könnuð. Þetta þýðir ekki að þau ráði alfarið til hvaða ráðstafana er gripið, heldur að hlustað sé á sjónarmið þeirra og það metið á hvern hátt hægt sé að koma til móts við þau. Þegar barn er orðið 15 ára er það aðili máls í ákveðnum tilvikum og á þá óskoraðan rétt til að tjá sig um mál á sama hátt og foreldrar þess. Það hefur sjálfstæðan aðgang að öllum gögnum málsins og getur átt rétt á aðstoð lögmanns, auk þess sem heimilt er að skipa því talsmann með sömu skilmálum og gilda um yngri börn.

➤ **Stuðla skal að stöðugleika í uppvexti barna**

Eitt af því sem stuðlar að því að barn alist upp í öryggi er stöðugleiki. Umönnun barna þarf að vera lituð af festu þar sem umönnunaraðilar eru, eins og hægt er, þeir sömu og tilvera barnsins ekki lituð af stöðugum flutningum og nýju umhverfi. Þessi sjónarmið geta t.d. komið til athugunar þegar meta þarf hvort barn verði vistað utan heimilis hjá öðrum en forsjáraðilum, en einnig þegar skoðað er hvort barn eigi að fara á ný til forsjáraðila eftir langa dvöl hjá öðrum.

➤ **Leitast skal við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra þeirra og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu**

Eitt höfuðatriði í barnaverndarstarfi, eins og í flestum öðrum störfum þar sem unnið er með fólki, er að sýna öllum þeim sem að málinu koma fulla virðingu. Þetta varðar börnin sjálf, foreldra, samstarfsaðila og alla aðra. Virðingin felur m.a. í sér að hlustað sé á sjónarmið þeirra er málið varðar og leitað sé lausna í samvinnu við aðila málsins með hagsmuni barnsins í huga. Virðingin felur ekki endilega í sér að öll hegðun og sjónarmið aðila séu viðurkennd og samþykkt.

➤ **Leitast skal við að hafa góða samvinnu sín á milli og við aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna**

Barnaverndarnefndir þurfa oft að hafa samvinnu sín á milli þegar verið er að vinna að málefnum barna, svo sem þegar verið er að kanna mál eða flytja mál á milli nefnda. Einnig þurfa barnaverndarnefndir oft að leita liðsinnis hvor hjá annarri, t.d. í tilvikum þegar barn sem barnaverndarnefnd hefur afskipti af er statt í umdæmi annarrar nefndar. Þá er barnaverndarnefndum nauðsynlegt að vera í samstarfi við allar þær ólíku stofnanir sem sinna málefnum barna á einn eða annan hátt þar sem þessar stofnanir geta búið yfir mikilvægum upplýsingum vegna könnunar máls, en geta einnig veitt barninu mikilvægan stuðning. Löginn leggja áherslu á þessa samvinnu og sérstaklega er fjallað um hana á öðrum stað í þessari handbók.

➤ **Í störfum sínum og öllum ákvörðunum skulu barnaverndaryfirvöld gæta samræmis og jafnræðis**

Í þessu felst m.a. að barnaverndarnefndir gæti þess ávallt að mál séu unnin af vandvirkni og samviskusemi, að verklags- og málsmeðferðarreglur séu haldnar í heiðri og fylgt sé lögum og reglugerðum sem í gildi eru.

➤ **Eftir föngum skal þess gætt að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða**

Ávallt skal miðað við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Aðeins skal gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum þegar lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti.

➤ **Allir þeir sem vinna að barnavernd skulu gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af**

Til að ná þeirri samvinnu sem nauðsynleg er þurfa foreldrar og aðrir að geta treyst því að fullur trúnaður ríki um þau atriði sem fram kunna að koma við vinnslu barnaverndarmáls um hagi barns og/eða foreldra, enda er hér oftast um afar viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða. Þá ber að hafa í huga þó aðilar máls séu foreldrar og barn eftir atvikum, þá snertir hvert barnaverndarmál oft á tíðum ýmsa aðra, svo sem afa og ömmur, systkini og aðra sem láta sig hag barnsins varða. Trúnaðurinn skiptir alla miklu máli og getur orðið forsenda þess að hægt verði að vinna að farsælli lausn fyrir barnið.

4. Skipulag barnaverndarmála

II. kafli bvl. nr. 80/2002

I. kafli reglug. nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir bvn.

3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993

Í II. kafla bvl. er gerð ýtarleg grein fyrir skipulagi og stjórn barnaverndarmála og þeim stofnunum sem einu nafni nefnast barnaverndaryfirvöld en það eru velferðarráðuneytið, Barnaverndarstofa, barnaverndarnefndir og kærunefnd barnaverndarmála.

4.1. Velferðarráðuneytið

Málaflokkurinn heyrir undir velferðarráðuneytið sem ber einnig ábyrgð á stefnumótun í barnavernd. Ráðherra leggur fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Frekari upplýsingar um velferðarráðuneytið má finna á heimasíðu ráðuneytisins: <http://velferdarraduneyti.is/>

4.2. Kærunefnd barnaverndarmála

Heimilt er að skjóta úrskurðum og einstökum ákvörðunum barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu til kærunefndar barnaverndarmála. Velferðarráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn og í henni sitja þrjár einstaklingar. Starfsaðstaða nefndarinnar er í velferðarráðuneytinu og þar er einnig aðsetur starfsmanns. Nánari

upplýsingar er að finna á heimasíðu ráðuneytisins:

<http://velferdarraduneyti.is/kaerunefndir/barnaverndarmal/>

4.3. Barnaverndarstofa

Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins. Hlutverk hennar eru tíunduð í 7. og 8. gr. bvl. en helstu verkefni eru:

- að samhæfa og efla barnaverndarstarf
- annast daglega stjórn barnaverndarmála
- leiðbeina um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga
- annast fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir
- hafa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda
- annast leyfisveitingar til fósturforeldra og veita nefndum liðsinni í fósturmálum
- hafa yfirumsjón og eftirlit með rekstri sérhæfðra meðferðarheimila
- efla rannsóknar- og þróunarstarf á sviði barnaverndar

Barnaverndarstofa er staðsett í Höfðaborg, Borgartúni 21 í Reykjavík og forstjóri hennar er Bragi Guðbrandsson. Nánari upplýsingar um Barnaverndarstofu er að finna á heimasíðunni <http://www.bvs.is>

4.4. Barnaverndarnefndir

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir og eru þær kosnar af sveitarstjórnnum, héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags. Að baki hvernar barnaverndarnefndar skulu vera minnst 1.500 íbúar. Sveitarstjórnnum er ekki heimilt að gefa barnaverndarnefnd fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála og er einnig óheimill aðgangur að gögnum og upplýsingum um einstök mál. Nefndin skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum, en heimilt er að skipa allt að sjö menn ef nefndinni er ætlað að þjóna fleiri en einu sveitarfélagi. Lögð er áhersla á að í nefndinni sitji bæði konur og karlar sem skulu vera kunnir að grandvarleik og þekkja vel til þeirra mála sem nefndin fjallar um og hafi sérþekkingu á málefnum barna. Leitast skal við að skipa lögfræðing í nefndina og við ákvarðanir er varða 26. og 27. gr. bvl. skal kalla til lögfræðing eigi hann ekki sæti í nefndinni. Heimilt er að fela

félagsmálanefnd störf barnaverndarnefndar. Nánari upplýsingar um skipan barnaverndarnefndar, starfslið o.fl. er að finna í 10. – 15. gr. bvl. Í I. kafla reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd er einnig fjallað um þessi atriði. <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/056-2004>

4.4.1 Um hæfi nefndarmanna og barnaverndarstarfsmanna

Um hæfi nefndarmanna og barnaverndarstarfsmanna til að fara með einstök mál gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993, en þar segir í 3. gr.:

Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

- ef hann er aðili máls, fyrirvarsmaður eða umboðsmaður aðila
- ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar
- ef hann tengist fyrirvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölulið
- á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu á þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að
- ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni
- ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu

Við mat á vanhæfi verður að nota almenna mælikvarða, þ.e. skoða hvort fyrirleggjandi aðstæður séu almennt til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni hvers venjulegs manns. Sú regla er bæði reist á því sjónarmiði að rétt niðurstaða fái í máli og að

menn geti borið traust til stjórnslunnar. Flestar ákvarðanir bvn. snerta mjög persónuleg og viðkvæm atriði og miklu skiptir að ákvarðanir séu yfir gagnrýni hafnar. Það ber þó að varast að ganga svo langt í varkárni að nefndir verði óstarfshæfar sökum þess að nefndarmenn vilji víkjast undan því að fjalla um mál þeirra sem þeir kannast við eða starfa með.

➤ **Vinátta – óvinátta**

Náin vinátta eða fjandskapur við aðila máls getur valdið vanhæfi. Til að vinátta valdi vanhæfi nægir ekki að um kunningskap sé að ræða eða fyrir hendi séu þær aðstæður, t.d. á fámennum stöðum, að „allir þekki alla” heldur verður að vera um nána vináttu að ræða. Þá er ekki talið að sjálfkrafa sé um vanhæfi að ræða þótt mál varði mjög náinn samstarfsmann heldur verður meira að koma til. Til að óvinátta valdi vanhæfi verður að vera um að ræða einhverjar sannanlegar hlutlægar ástæður sem almennt má telja til þess fallnar að draga óhlutdrægni í efa. Almennt er talið að einstaklingar geti ekki verið óhlutdrægir þegar þeir eiga verulegra persónulegra hagsmuna að gæta, þar sem einstaklingar eru með vissum hætti háðir yfirmönnum sínum. Rétt er að minna á formaður bvn. er ekki yfirmaður annarra nefndarmanna og því veldur vanhæfi formanns ekki endilega sjálfkrafa vanhæfi annarra nefndarmanna.

➤ **Fyrri afskipti af máli**

Það er ekki talið vera vanhæfi þótt nefndarmaður eða starfsmaður nefndar hafi áður fjallað um málefni viðkomandi barns, t.d. getur sami starfsmaður fjallað um það þegar er óskað endurskoðunar á fyrri ákvörðunum sbr. 34. gr. bvl.

➤ **Barnaverndarnefndarmenn í öðrum störfum**

Spurningar um hæfi til meðferðar máls vakna stundum ef í bvn. eiga sæti nefndarmenn sem hafa samhliða afskipti af einstaklingunum í öðrum störfum sínum, svo sem eins og skólastjórar, kennarar, prestar, læknar og hjúkrunarfræðingar. Þeir sem gegna þessum störfum eru oft mikilvægustu samstarfsaðilar bvn. bæði við könnun máls og meðferð þess að öðru leyti. Telja verður að nefndarmenn geti ekki komið að málum með þessum hætti. Þannig er rétt af skólastjóra að víkja sæti ef bvn. fjallar um málefni barns í hans skóla svo og öðrum nefndarmönnum ef þeir eru sérstaklega að fjalla um mál einstaklinganna á öðrum vettvangi.

4.4.2 Hlutverk barnaverndarnefndar og starfsmanna

Barnaverndarnefndir bera alla ábyrgð á grunnvinnu í barnaverndarmálum og ákvörðunum sem henni tengjast. Í þessu felst að taka við tilkynningum, taka ákvörðun um könnun, kanna mál, gera áætlanir, koma með viðeigandi stuðningsúrræði eða sjá til þess að beitt verði öðrum úrræðum.

Barnaverndarnefndir skulu hafa á að skipa sérhæfðu starfslíði og geta falið starfsmönnum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka samkvæmt reglum sem nefndin setur. Reglur þessar skulu kynntar Barnaverndarstofu.

Ákvarðanir sem fela í sér úrskurð eða ákvarðanir um málshöfðun er ekki hægt að framselja til starfsmanna og eiga ætíð að vera teknar af nefndinni. Ákvarðanirnar sem hér um ræðir eru:

- kveða upp úrskurði samkvæmt bvl.
- taka ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr. bvl.
- setja fram kröfu um sjálfræðissviptingu skv. 30. gr. bvl.
- taka ákvarðanir um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr. bvl.

4.4.3 Verkefni barnaverndarstarfsmanns og málafjöldi

Barnaverndarstarfið getur verið vandasamt og erfitt enda er nefndunum og starfsmönnum þeirra ætlað að fjalla um afar viðkvæma þætti í lífi einstaklinga og fjölskyldna. Barnaverndarstarfsmaðurinn þarf m.a. að hafa góða þekkingu á þroskasálfræði og öllum aðstæðum barna, hann þarf að þekkja ólík meðferðarform og samskiptamynstur í fjölskyldum, félagslegar aðstæður barna og fjölskyldna og ekki síst þarf hann að þekkja vel öll þau lög og reglugerðir er varða starfið.

Þau mál sem bvn. fjallar um eru afar ólík og krefjast mismikillar vinnu. Þannig getur eitt mál þar sem ekki tekst að ná samvinnu og þar sem skyndilegir atburðir sem krefjast aðgerða eru tíðir, svo sem mikil óregla, gert það að verkum að starfsmaður sinnir ekki mörgum öðrum málum í einhvern tíma. Í öðrum tilvikum þar sem full

samvinna hefur náðst vinnst könnun málsins, áætlunargerð og stuðningsúrræði rólega fyrir sig. Þó þarf að hafa í huga að máli þarf að sinna alveg þangað til því er lokað. Það hversu ólík hin einstöku barnaverndarmál eru gerir það að verkum að erfitt er að vera með ákveðnar leiðbeiningar um fjölda mála á hvern starfsmann og ekki er vitað til að slíkir opinberir staðlar séu til á Norðurlöndum. Nokkrar starfsstéttir hér á landi hafa slík viðmið og má þar e.t.v. helst skoða leiðbeiningar um álag lögreglumanna. Í skýrslu sem gefin var út af dómsmálaráðuneytinu árið 2005 um nýskipan lögreglumála⁵ kemur fram að ein forsenda sem dómsmálaráðherra telur rétt að hafa í huga við endurskipulagningu lögreglunnar er „að íbúafjöldi á bak við hvern lögreglumann í sameinuðu umdæmi fari helst ekki yfir 500.”

Þegar ársskýrslur barnaverndarnefnda eru skoðaðar kemur í ljós að afar misjafnt er hversu mörg mál hver starfsmaður er með á ári, allt frá 2 og upp í 70⁶. Þess ber að geta að víða um land sinna starfsmenn einnig verkefnum á grundvelli annarra laga, s.s. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Því er upplýsingar um stöðugildi huglægt mat yfirmanna á hverjum tíma og byggjast á huglægum forsendum frá ári til árs. Ef notuð eru svipuð viðmið og hjá lögreglu og gert ráð fyrir að hver starfsmaður eigi að þjóna sem svarar 500 börnum sést að einungis þrjár nefndir eru nálægt því viðmiði. Því eru nánast allar nefndir með of fáa starfsmenn, skv. þessum forsendum, og sum staðar vantar verulega á. Í Noregi eru upplýsingar um fjölda barnaverndarstarfsmanna pr. 1000 íbúa og ef samsvarandi tölur eru skoðaðar hér kemur í ljós að verulegur munur er á fjölda starfsmanna.

Við útreikninga á starfsmannaþörf hjá einstökum nefndum hefur verið reynt að meta álag á starfsmenn út frá ákveðnum „þunga”. Undir flokk eitt, léttustu málin, falla þá tilkynningar sem eru kannaðar en málum síðan lokið, mál í gangi þar sem veitt er ráðgjöf og einhver eftirfylgd, en úrræði að öðru leyti ekki notuð.

Undir flokk tvö falla þá fósturmál með reglulegu eftirliti, mál í gangi með einhverjum stuðningsúrræðum, minni háttar kynferðisbrotamál og sumardvalir.

⁵ <http://domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/Logregluskyrsla.pdf>

⁶ Tölur fengnar úr ársskýrslum barnaverndarnefnda fyrir árið 2013

Undir flokk þrjú falla öll þvingunarmál, mál sem krefjast mikils utanumhalds og stuðningsúrræði, unglíngamál þar sem er neysla og greining og/eða meðferðarvistun, kynferðisbrotamál sem fara í Barnahús og/eða til lögreglu og tímabundið fóstur.

Með hliðsjón af þeirri þekkingu sem til er um barnaverndarstarf í landinu og þeim upplýsingum sem nefndirnar sjálfar birta í ársskýrslum verður að meta það sem svo að almennt sé ekki hægt að ætlast til að starfsmaður sinni meira en 25 – 35 málum á hverjum tíma og er þá átt við mál sem hér að framan myndu lenda í flokki tvö eða þrjú. Þá er ástæða til að undirstrika að hér eru eingöngu um leiðbeinandi tölur að ræða og ljóst að eitt þungt barnaverndarmál getur krafist fullrar vinnu eins starfsmanns um tíma þannig að ekki gefst tóm til að vinna í öðrum málum á meðan.

Til viðbótar fjölda mála á hvern starfsmann er ýmislegt sem skiptir máli í starfsumhverfi barnaverndarstarfsmannsins og getur haft áhrif á upplifun hans á því álagi sem fylgir starfinu. Miklu skiptir að starfsmenn hafi stuðning yfirmanna sinna og að öll skipulagning og verkstjórn sé skýr. Verklagsreglur og vinnuferli þurfa að vera til staðar og aðgengilegar öllum starfsmönnum. Starfsmannastefna þarf að fela í sér að nýju starfsfólki sé vel sinnt og fái góðar leiðbeiningar um verkefni. Í þeim tilvikum sem opinber umræða er um einstök barnaverndarmál sem verið er að vinna þurfa yfirmenn að meta á hvern hátt rétt er að koma inn í umræðuna og styðja þann starfsmann sem e.t.v. verður fyrir mikilli gagnrýni í umræðunni.

Reynt skal að tryggja faglegar umræður um þau málefni sem verið er að fást við, stuðla að símenntun starfsmanna og tryggja þeim handleiðslu.

Unnið skal að jákvæðri kynningu á málaflokknum og þeim úrræðum sem til eru meðal samstarfsaðila, svo sem skóla, leikskóla, heilsugæslu og lögreglu.

Upplýsingar um barnaverndarnefndir landsins, staðsetningu og símanúmer er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu www.bvs.is.

5. Valdsvið barnaverndarnefnda

3. og 15. gr. bvl. nr. 80/2002

7. gr. reglug. nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir bvn.

Íslensku barnaverndarlögin taka til allra barna, þ.e. einstaklinga yngri en 18 ára sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins. Barnaverndaryfirvöld bera fyrst og fremst ábyrgð á málum barna sem eru búsett hér á landi en geta þurft að gegna ákveðnum skyldum gagnvart börnum sem eru stödd hér. Barnaverndaryfirvöld bera ekki ábyrgð á málefnum íslenskra barna ef þau eru búsett erlendis.

Samkvæmt 3. gr. bvl. geta barnaverndaryfirvöld ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs.

Barnaverndarnefnd þar sem barn á fasta búsetu á fyrst og fremst úrlausn um málefni þess. Stundum getur þurft að meta hvar barn teljist eiga fasta búsetu og við það mat er fyrst horft til þess hvar barnið eigi lögheimili, enda löglíkur fyrir því að þetta fari saman. Í 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990 segir að lögheimili manns sé þar sem hann hefur fasta búsetu. Einnig segir að föst búseta sé lögð að jöfnu við þann stað þar sem maður hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum sínum og er svefnstaður þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika. Þá er tekið fram að dvöl á gistihúsi, fangelsi, vinnuhæli, sjúkrahúsi, athvarfi, heimavistarskóla, verbúð, vinnubúðum eða öðru húsnæði sem jafna má til þessa sé ekki ígildi fastrar búsetu. Í barnaverndarstarfinu þýðir það að nefnd þar sem foreldri barns býr fer með málefni þess þó svo að foreldri dvelji á sjúkrahúsi, í athvarfi eða öðru svipuðu húsnæði í öðru sveitarfélagi.

Í lögum um lögheimili er sérstaklega tekið fram að barn 17 ára eða yngra skuli eiga sama lögheimili og foreldrar þess. Enn fremur að hafi barnið fasta búsetu hjá því foreldri sem ekki hefur forsjá þess skuli það eiga lögheimili þar, enda sé forsjáforeldri samþykkt búsetunni. Hafi forsjá barns ekki verið falin öðru hvoru foreldranna á barnið sama lögheimili og það foreldri sem það býr hjá. Búi barnið hjá

hvorugu foreldra sinna á það lögheimili þar sem það hefur fasta búsetu. Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að athuga vel hvar barn er búsett áður en barnaverndarafskipti hefjast, sérstaklega ef barn býr ekki hjá báðum foreldrum sínum.

Lögheimili barns eða dvalarstaður ræður ekki alltaf úrslitum, t.d. ef barnið er hjá öðrum en forsjáradílum sínum. Hér verður sérstaklega að benda á að skv. 90. gr. bvl. getur foreldri falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barns síns með vissum skilyrðum. Ef slíkur samningur er örugglega fyrir hendi getur verið rétt að barnaverndarnefnd í umdæmi umsjáradíla fari með mál sem kann að koma upp. Oft kemur mál upp vegna ágreinings um slíkan samning, hvort hann er til staðar, hvers efnis og hver skuli vera búseta barnsins og þá verður barnaverndarnefnd í umdæmi forsjárforeldris að fara með málið.

Í barnaverndarstarfi vaknar stundum spurning um valdsvið barnaverndarnefnda þegar barn er hjá forsjáradílum sínum sem setjast að í öðru sveitarfélagi en þar sem þau eiga lögheimili. Í þeim tilvikum þarf að meta hvort hér er um tímabundna búsetu að ræða t.d. í athvarfi eða á gistiheimili, eða hvort fjölskyldan búi í raun annars staðar en þar sem lögheimili er. Ef barn er t.d. komið í skóla í nýja sveitarfélaginu má líta á það sem fasta búsetu.

5.1. Flutningur mála

Oft vakna spurningar um hvenær eigi að flytja mál frá einni nefnd til annarrar þegar fjölskylda flytur. Í 15. gr. bvl. segir að flytjist barn úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál þess til meðferðar skuli nefndin tafarlaust tilkynna flutningin til barnaverndarnefndar í umdæminu sem barnið flytur í, upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta nefndinni í té öll nauðsynleg gögn þess. Barnaverndarnefnd í umdæminu sem barnið flytur í ber að taka strax við meðferð málsins og leitast við að tryggja samfellu í vinnslu og meðferð málsins. Ef hægt er að koma því við er kostur ef starfsmaður sem unnið hefur að málefnum barnsins getur fundað með starfsmanni í nýju sveitarfélagi og þá e.t.v. með foreldrum og barni, hafi það aldur og þroska til. Ætíð skal skrifa greinargerð um málið og senda öll þau gögn sem talin eru skipta máli vegna áframhaldandi vinnslu

málsins. Í flestum tilvikum er einnig eðlilegt að foreldrar fái afrit af þeim gögnum sem send eru á nýjan stað.

Barnaverndarlögin gera ráð fyrir því að þyki hentugra að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi en þar sem barn á fasta búsetu geti viðkomandi barnaverndarnefndir samið um það sín á milli. Þetta getur t.d. átt við ef miklu skiptir að halda stöðugleika í vinnslu málsins eða ef nefndin sem farið hefur með mál barnsins þekkir fjölskylduna vel og er í góðu samstarfi við hana. Komi upp ágreiningur milli nefnda um hver eigi að sinna málinu getur Barnaverndarstofa mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á fasta búsetu fari með málið. Ákvörðun Barnaverndarstofu er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála.

Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. skal barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur eða vistun í annað umdæmi fara með mál barnsins meðan ráðstöfun varir og á þetta við þó forsjáraðilar barnsins flytji í annað umdæmi á tímabilinu. Spurningar hafa vaknað um hvenær nefnd teljist hafa ráðstafað barni og er talið rétt að miða hér við að tekin hafi verið ákvörðun um ráðstöfunina, t.d. verið gerð áætlun um vistun með aðilum og sótt um meðferðarheimili og/eða fósturheimili til Barnaverndarstofu og fengist jákvætt svar. Barnaverndarstofa hefur leyst úr ágreiningi um lögsögu í tilvikum sem þessum og er unnt að skjóta ákvörðun til kærunefndar barnaverndarmála.

<http://www.felagsmalaraduneyti.is/kaerunefndir/barnaverndarmal/nr/323>

Ef forsjárforeldri flytur í annað sveitarfélag meðan tímabundin ráðstöfun varir þá er almennt miðað við að barnaverndarnefnd í hinu nýja umdæmi taki við málinu þegar ráðstöfun lýkur. Mikilvægt er að nefndir eigi gott samstarf í þessum málum, m.a. að barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni tilkynni mál tímanlega og láti hinni nýju nefnd í té öll gögn enda kemur það í hennar hlut að gera nýja áætlun með foreldrum að lokinni vistun.

Stundum berast barnaverndarnefnd upplýsingar um vanda barns sem er statt í umdæmi nefndarinnar en á fasta búsetu annars staðar á landinu, t.d. þegar barn er í útilegu, á útihátíð eða er tekið af lögreglu. Í þessum tilvikum ber nefndinni þar sem barnið er statt tafarlaust að hafa samband við nefnd þar sem barnið á fasta búsetu og

sú nefnd verður að bregðast við annað hvort með því að koma og vinna mál á staðnum eða biðja um aðstoð. Ef brýn þörf er til aðgerða og ekki er mögulegt að hafa samband við barnaverndarnefnd sem ber að fara með málið þá verður barnaverndarnefnd þar sem barnið er statt að grípa til nauðsynlegra aðgerða, jafnvel beita 31. gr. um neyðarráðstafanir, en koma svo máli í réttan farveg við fyrsta tækifæri.

5.2. Börn sem ekki eiga lögheimili á Íslandi

Ef barn á ekki lögheimili á Íslandi eða er hér án forsjáraðila sinna skal sú nefnd þar sem barnið dvelst eða er statt fara með málefni þess. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarstjórn útlagðan kostnað sem af slíku máli hlýst. Rísi ágreiningur um hvaða nefnd beri að sinna málefnum barnsins getur Barnaverndarstofa skorið úr um það.

5.2.1 Vegalaus börn

Með vegalausum börnum er hér átt við erlend börn sem eru ein sín liðs og óska eftir hæli hér á landi, koma með forsjáraðilum sem grunur er að ekki séu forsjáraðilar þeirra, grunur er um mansal eða finnast hér óskráð. Starfshópur skipaður af dómismálaráðherra árið 2004 var sammála um að meginverkefni stjórnvalda varðandi erlend börn sem stödd eru hér á landi án foreldra eða forsjáraðila sé að finna uppruna þeirra og sameina þau fjölskyldu þeirra í heimalandi með öruggum hætti. Í tillögum starfshópsins er lagt til að lögregla beri ábyrgð á rannsókn málsins í upphafi en málið flytjist svo til Útlendingastofnunar. Útlendingastofnun fer með málefni hælisleitenda og gilda sérstakar reglur um meðferð hælisbeiðna fylgdarlausra barna og ungmenna skv. 19. gr. rgl. nr. 769/2004. Lögregla tillkynnir Útlendingastofnun, Rauða Krossi Íslands, Barnaverndarstofu og viðkomandi barnaverndarnefnd um málið en það er hlutverk barnaverndarnefnda að tryggja örugga umönnun barns. Ef barni er veitt hæli eða dvalarleyfi á Íslandi ákveður Barnaverndarstofa hvaða barnaverndarnefnd skuli taka við forsjá barnsins og fara með málið eftir að leyfi er veitt. Ríkissjóður greiðir allan kostnað viðkomandi barnaverndarnefndar vegna ráðstöfunar barnsins í fóstur eða aðra vistun. Í þeim tilvikum sem koma upp mál barna sem hafa dvalið hér á landi í nokkurn tíma þegar í ljós kemur að þau eru hér án forsjáraðila sinna og án dvalarleyfis. Í þeim tilvikum ber barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn hefði

dvalið að taka ábyrgð á máli barnsins en jafnframt er sótt um dvalarleyfi og málsmeðferð að öðru leyti svipuð.

Skýrslu starfshóps dómsmálaráðherra frá 2004 er að finna á heimasíðu innanríkisráðuneytisins:

<http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/frettatilkygningar/nr/851>

6. Skráning mála og meðferð persónuupplýsinga hjá barnaverndarnefnd

VII. kafli bvl. nr. 80/2002

VIII. kafli reglug. nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir bvn.

Til að tryggja rétta málsmeðferð og til að hægt sé að skoða allan feril barnaverndarmáls hjá bvn. er mikilvægt að málin séu skráð eins og bvl. gera kröfu um.

6.1 Hvað er mál?

Mál telst barnaverndarmál þegar barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um að hefja könnun, sbr. 5. mgr. 21. gr. bvl. Þannig er það ekki barnaverndarmál þó að tilkynning berist nefnd ef tekin er ákvörðun um að hefja ekki könnun. Barnaverndarnefnd verður þó að gæta þess að skrá með kerfisbundnum hætti og varðveita allar tilkynningar, sbr. 12. gr. reglug. um málsmeðferð.

Athuga þarf að stofna skal mál um hvert einstakt barn þannig að ef fjallað er um málefni þriggja systkina eru það þrjú mál.

6.2 Skylda til að skrá öll mál og upplýsingar í máli

Í 39. gr. bvl. er áréttuð sú skylda barnaverndarnefnda að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt. Málaskrá skal skipuleggja þannig að barnaverndarnefnd geti á hverjum tíma með auðveldum hætti fundið mál barns og mál sem forsjáraðilar barnsins tengjast. Þar þarf nafn barns og forsjáraðila að vera skráð svo og kennitölur og heimilisföng auk upplýsinga um hvenær barnaverndarmál hófst og hvenær því lauk.

Í 42. gr. bvl. er fjallað um að barnaverndarnefnd skuli skrá upplýsingar um málsatvik sem henni eru veittar munnlega ef hún telur þær geta haft þýðingu fyrir úrlausn máls og þær ekki að finna í öðrum gögnum nefndarinnar. Í þessu felst að barnaverndarnefnd þarf að skrá vandlega niður öll málsatvik í hverju einstöku máli, allt frá því að tilkynning berst og þar til máli er lokað. Þá þarf einnig að vera tryggt að allar ákvarðanir nefndarinnar séu skráðar og rökstuddar, hvort heldur ákvörðunin felur í sér að gera eitthvað, t.d. hefja könnun, bjóða stuðning eða annað eða gera ekki neitt, eins og t.d. að hefja ekki könnun. Ákvarðanirnar þurfa að vera rökstuddar og byggjast á upplýsingum sem að liggja fyrir.

Málaskrá skal skipuleggja þannig að barnaverndarnefnd geti á hverjum tíma með auðveldum hætti fundið mál barns og mál sem forsjáradilar barnsins tengjast. Þar þarf nafn barns og forsjáradila og vera skráð svo og kennitölur og heimilisföng auk upplýsinga um hvenær barnaverndarmál hófst og hvenær því lauk.

Til viðbótar við málaskrá þarf að gæta þess að skrá hvert mál skipulega og varðveita öll gögn og upplýsingar um hvert og eitt mál. Þannig er skylt að búa til einhvers konar skrá eða möppu um hvert mál sem hefur m.a. að geyma:

- tilkynningar
- afrit allra bréfa sem send eru vegna málsins
- skrifleg gögn sem aflað er við könnun málsins
- upplýsingar um málsatvik sem barnaverndarnefnd eru veittar munnlega, svo sem í símtölum eða á fundum
- allar greinargerðir og áætlanir
- alla samninga um úrræði, svo sem við tilsjónarmann eða persónulegan ráðgjafa eða um vistun eða fóstur
- allar ákvarðanir barnaverndarnefndar, Barnaverndarstofu, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla.

6.3 Varðveisla gagna – starfsstöðvar

Öll gögn barnaverndarnefnda þarf að varðveita með skipulögðum hætti á starfsstöð nefndarinnar. Varðveisla gagnanna þarf að samrýmast reglum og stöðlum sem

Persónuvernd setur. Þetta gildir einnig um eldri gögn nefndarinnar og gögn sem tilheyrðu nefndum sem síðan hafa sameinast. Við sameiningu nefnda þarf því að tryggja að eldri gögn flytjist á nýja starfsstöð og varðveitist þar.

Barnaverndarnefnd skal að jafnaði hafa eina fasta starfsstöð. Við sérstakar aðstæður, svo sem þegar fleiri en eitt sveitarfélag sameinast um skipan barnaverndarnefndar, má velja nefndinni fleiri en eina fasta starfsstöð. Í þeim tilvikum þarf að vera ljóst að um eina nefnd er að ræða þannig að sömu vinnureglur þurfa að gilda hjá öllum starfsstöðvunum, stuðningsúrræði þurfa að vera þau sömu og svo og öll málsmeðferð og afgreiðsla mála. Einnig þurfa að vera til reglur um hvaða gögn eru geymd á hvaða staða og yfirsýn yfir þau gögn sem til eru. Jafnframt þurfa að liggja fyrir skýrar upplýsingar um heimilisfang nefndarinnar og hvert eigi að beina erindum.

6.4 Skráning, talning vegna ársskýrslu og sískráning

Í 8. gr. bvl. kemur fram að barnaverndarnefndir skuli fyrir 1. maí hvert ár senda Barnaverndarstofu skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Markmiðið með þessu er að tryggja að til séu upplýsingar um umfang barnaverndarmála í landinu. Með skipulagðri skráningu fá nefndirnar líka gott yfirlit yfir eigið starf, fjölda erinda, eðli þeirra og beitingu úrræða. Þá gefur þessi skráning einnig möguleika á að gera áætlun um framtíðarstarf, s.s. fjölda starfsmanna, uppbyggingu úrræða og hvaða áherslur beri að hafa í starfinu. Þessar upplýsingar eru einnig mikilvægar þegar verið er að meta þróun málaflokksins á landsvísi og móta stefnu. Þá eru hér um að ræða upplýsingar sem eru mikilvægar þegar verið er að skoða þróun málaflokksins á Íslandi miðað við önnur lönd, skýrslugerð og svör til alþjóðlegra stofnana, við framkvæmd rannsókna o.fl.

Barnaverndarstofa sendir nefndunum sérstakt eyðublað til útfyllingar vegna ársskýrslu og er það að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu ásamt leiðbeiningum

<http://www.bvs.is/files/file397.doc> og <http://www.bvs.is/files/file398.doc>

Þá safnar Barnaverndarstofa mánaðarlega upplýsingum um fjölda tilkynninga og eðli þeirra og birtir reglulega á heimasíðu sinni www.bvs.is

7. Tilkynningar

16., 17., 18., 21. gr. bvl. 80/2002

III. kafli reglug. nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir bvn.

Til að barnaverndarnefndir geti gegnt hlutverki sínu og komið börnum sem búa við vanrækslu, ofbeldi eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu til aðstoðar er mikilvægt að tilkynningarskyldan sé virk og að stöðugt sé unnið að því að kynna hana.

7.1 Tilkynningarskyldan

Tilkynningarskyldan er ótvíræð og skýr í barnaverndarlögunum. 16. gr. fjallar um tilkynningarskyldu almennings, 17. gr. um tilkynningarskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum og 18. gr. um tilkynningar lögreglu. Í 2. mgr. 16. gr. er undirstrikað að tilkynningar geti einnig varðað ófætt barn þegar ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi þess sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi.

7.2 Hvert á að tilkynna

Almennt ber að koma tilkynningu á framfæri við starfsmann á fastri starfsstöð barnaverndarnefndar þar sem barn er búsett. Upplýsingar um barnaverndarnefndir landsins, nefndarmenn, starfsmann, heimilisfang og símanúmer er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu, www.bvs.is

Með samningi barnaverndarnefnda við Neyðarlínuna er hægt að ná sambandi við allar barnaverndarnefndir landsins gegnum símanúmerið 112. Þar eru skráðar helstu upplýsingar og gefið samband við viðkomandi nefnd. Ef ekki er um neyðartilvik að ræða og símtalið berst utan venjulegs skrifstofutíma taka neyðarverðir við helstu upplýsingum og senda þær til nefndar sem tekur við vinnslu málsins þegar skrifstofan opnar næst.

7.3 Hvað er tilkynning

Tilkynningar til barnaverndarnefnda geta komið símleiðis, skriflega og á fundi en einnig í tölvupósti og með SMS. Engin krafa er í lögum um form tilkynninga, en eins og fram kemur í 6. kafla er það skylda nefndarinnar að skrá niður tilkynninguna, komi hún ekki skriflega, og halda upplýsingunum til haga.

7.3.1 Tilkynningar frá einstaklingum og þeim sem afskipti hafa af börnum

Í lögum segir að tilkynna skuli um aðstæður barns þegar ástæða er til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu, sbr. 16. gr. Einnig ber að tilkynna þegar sá sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu, sbr. 17. gr.

Tilkynningarskylda þeirra starfsstétta sem getið er um í 17. gr. gengur frammar ákvæðum laga og siðareglna um þagnarskyldu.

Gerðar hafa verið sérstakar verklagsreglur fyrir starfsfólk heilbrigðisstofnana og starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla til að auðvelda þeim mat á því hvenær beri að tilkynna til barnaverndarnefnda. Verklagsreglurnar er að finna á vefsíðum Barnaverndarstofu www.bvs.is, embættis landlæknis www.landlaeknir.is, Sambands íslenskra sveitarfélaga <http://www.samband.is/> og mennta- og menningarmálaráðuneytis <http://www.menntamalaraduneyti.is/>.

7.3.2 Tilkynningar frá lögreglu

Tilkynningarskyldu lögreglu er að finna í 18. gr. þar sem sérstaklega er áréttað að til viðbótar við tilkynningar um aðstæður barns þá beri lögreglu að tilkynna þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn, annaðhvort af barni eða gegn því, ef verknaðurinn getur varðað þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi. Af þessu leiðir að allar lögregluskýrslur sem lýsa óviðunandi aðstæðum barna eða brotum sem börn hafa framið eða orðið fyrir, ýmist á eigin heimili eða utan þess, eru tilkynningar og þarf að meta á sama hátt og þær tilkynningar sem áður voru nefndar.

Þegar talað er um brot framín af eða gegn börnum er átt við refsiverð brot en barnaverndarlögin takmarka ekki þau refsilög sem kann að vera brotið gegn. Fyrst og fremst er átt við almenn hegningarlög en einnig koma til álita t.d. umferðalög, áfengislög, lög um ávana- og fíkniefni og refsíákvæði barnaverndarlaga.

7.3.3 Börnin leita eftir aðstoð

Stundum kemur barn sjálf og lýsir aðstæðum sem það telur óviðunandi eða segir frá ofbeldi gegn sjálfu sér og/eða öðrum á heimilinu. Leiða má líkum að því að þessum tilkynningum eigi eftir að fjölga þar sem börn og ungt fólk verður æ meðvitaðra um rétt sinn og þá aðila sem eiga að geta komið þeim til hjálpar við erfiðar aðstæður. Þá þekkja flest börn símanúmer Neyðarlínunnar 112, og leita stundum aðstoðar þar. Ef vandi þeirra er þannig að það fellur undir ákvæði bvl. er símtölum þeirra beint áfram til barnaverndarnefndar.

7.3.4 Foreldrar leita eftir aðstoð

Foreldrar leita í mörgum tilvikum sjálfir eftir aðstoð vegna barnanna sinna. Vandinn getur verið margvíslegur,- stundum er um að ræða vanda sem foreldrið á við að etja, í öðrum tilvikum getur verið um að ræða vanda hjá barninu eða fjölskyldunni allri. Í þessum tilvikum þurfa starfsmenn að meta hvort hér sé um að ræða beiðni um félagslega ráðgjöf á grundvelli 17. eða 36. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eða hvort líta eigi á beiðni foreldris sem tilkynningu á grundvelli barnaverndarlaga. Hafa ber í huga að lög um félagsþjónustu sveitarfélaga gera fyrst og fremst ráð fyrir ráðgjöf til foreldra og/eða unglunga og takmarkast málsmeðferð alfarið við ákvæði þessara laga. Þá verður að undirstrika að skv. lögum um félagsþjónustu er ekki hægt að bjóða upp á sértæk úrræði sem getið er um í barnaverndarlögum og reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga skv. ákvæðum barnaverndarlaga, svo sem tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa, stuðningsfjölskyldu eða vistun barns utan heimilis á einkaheimili, sambylí, í fóstri eða á meðferðarheimili.

Meta verður hvort foreldri sé að lýsa óviðunandi aðstæðum barns sem krefst þess að tekin sé ákvörðun um könnun og í framhaldi af því metið hvort og þá hvaða úrræði séu líkleg til að breyta aðstæðum þess í samræmi við VI. kafla barnaverndarlaganna.

Miklu skiptir að starfsmenn skilgreini málið í upphafi og taki ákvörðun um eftir hvaða lögum sé unnið þar sem málsmeðferð og réttarstaða barnsins og fjölskyldunnar fer eftir því hvort hér sé um ráðgjöf á grundvelli félagsþjónustulaga að ræða eða tilkynningu á grundvelli barnaverndarlaga.

7.3.5 Óskir um úrræði

Samstarfsaðilar svo sem skóli, leikskóli, BUGL og aðrir biðja oft um tiltekin stuðningsúrræði fyrir barn og/eða fjölskyldu þess. Þarna er í raun verið að óska eftir stuðningi við viðkomandi barn á grundvelli barnaverndarlaga svo sem persónulegum ráðgjafa, tímabundnu fóstri eða stuðningsfjölskyldu vegna þess að aðstæður barnsins eru á einhvern hátt óviðunandi. Hér er því um tilkynningu að ræða sem meta þarf þegar hún berst. Ef ákveðið er að kanna málið þarf að skoða hversu umfangsmikil hún eigi að vera eða að hve miklu leyti mat samstarfsstofnunar nægi til að hægt sé að gera greinargerð um niðurstöðu könnunar og áætlun um stuðning.

7.3.6 Fundir með samstarfsaðilum

Á fundum með samstarfsaðilum þar sem verið er að fjalla um málefni barna eins og t.d. á nemendaverndarráðsfundum getur stundum verið erfitt að meta hvort um barnaverndartilkynningu er að ræða eða ekki. Þumalfingurregla er að ef verið er að leita til fulltrúa barnaverndarnefndar eftir almennri ráðgjöf í máli, sem ekki varðar vanrækslu eða ofbeldi, er ekki um tilkynningu að ræða. Eðlilegast er þá að ræða þessi mál nafnlaust. Um leið og farið er að ræða um aðstæður tiltekins barns sem talið er að búi við ófullnægjandi aðstæður er um tilkynningu að ræða og málið þarf að meta í samræmi við það. Í þessum tilvikum getur barnaverndarstarfsmaðurinn þurft að taka af skarið og undirstrika að hér sé um tilkynningu að ræða, enda má gera ráð fyrir að málið hafi verið tekið til umræðu til að finna á því lausn sem tilkynningaraðili, eins og skóli, hefur ekki yfir að ráða.

7.3.7 Mál í vinnslu

Þegar ábending berst um mál sem þegar er í vinnslu þarf að gera greinarmun á því hvort um er að ræða upplýsingar frá einhverjum sem barnaverndarnefnd er í samstarfi

við vegna málsins eða hvort hér er um að ræða upplýsingar frá öðrum. Í fyrra tilvikinu getur verið um að ræða upplýsingar sem verða liður í því að meta hvernig tilteknar stuðningsaðgerðir ganga, svo sem barn mæti ekki í leikskóla þrátt fyrir að gerð hafi verið áætlun um það. Ef um er að ræða tilkynningu frá öðrum sem ekki er á neinn hátt þátttakandi í stuðningsaðgerðum við barnið og þekkir ekki til vinnslu málsins, eins og t.d. frá nágranna, er hér um nýja tilkynningu í málinu að ræða.

7.3.8 Tilkynning um að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu

Í 16. gr. barnaverndarlaganna er ákvæði um tilkynningar til barnaverndarnefnda ef þunguð kona stofnar heilsu og lífi ófædds barns í hættu með háskalegu líferni eða er beitt ofbeldi. Þau tilvik sem hér er helst verið að fjalla um er ofneysla áfengis eða fíkniefna, kona býr við ofbeldi á heimili eða sinnir ekki ráðlagðri meðferð. Hér undir geta einnig fallið tilvik þar sem þunguð kona er haldin alvarlegum geðsjúkdómi eða þroskaskerðingu sem leiðir til þess að hún með hegðun sinni kunni að valda ófæddu barni sínu skaða.

7.3.9 Nafnlausar tilkynningar

Skv. 19. gr. bvl. skal hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar segja á sér deili. Ástæðan er sú að sá sem tekur við tilkynningunni þarf að geta haft samband við tilkynnandann aftur til að fá nánari upplýsingar og einnig þarf að vera hægt að fá upplýsingar um hvernig viðkomandi hefur fengið þær upplýsingar sem verið er að tilkynna um og þannig styrkt trúverðugleika tilkynningarinnar. Öðru hvoru kemur þó fyrir að tilkynningar berast frá nafnlausum aðilum ýmist í síma, bréfi, tölvupósti eða SMS. Í þessum tilvikum þarf að meta hvort um tilkynningu er að ræða eða ekki. Ef um er að ræða tilkynningu í máli sem er þekkt getur verið full ástæða til að bregðast við ef tilkynningin er þess eðlis. Í máli sem ekki er þekkt þarf að fara mjög varlega í að bregðast við nafnlausum tilkynningum.

7.4 Fundir um tilkynningar

Allmargar barnaverndarnefndir hafa tekið upp þá vinnuáferð að hvetja samstarfsstofnanir til að boða til fundar um tilkynninguna. Þá óskar t.d. skóli eftir því að foreldri og barnaverndarstarfsmaður komi á fund skólans þar sem er farið yfir þau atriði í umönnun og aðbúnaði barnsins sem áhyggjur eru af. Í framhaldi ræðir barnaverndarstarfsmaður svo nánar við foreldri og/eða barnið. Vinnuáferð sem þessi gerir það að verkum að foreldri og/eða barnið er strax frá byrjun meðvitað um hvaða áhyggjur tilkynnandi, eins og t.d. skólinn, hefur og veit einnig hvað sagt er um málið. Foreldri fær einnig að heyra hvaða breytingar tilkynnandi telur mikilvægar og hvaða stuðning viðkomandi stofnun getur veitt barninu.

Hjá Barnavernd Reykjavíkur hefur verið gerð tilraun með að halda fundi í kjölfar tilkynninga frá skólum en boðað er til þeirra af starfsmönnum nefndarinnar. Hugmyndin er að hluta til sú sama og nefnd er hér að framan en einnig er lögð áhersla á að finna strax á þessum tímamarki styrkleika í umhverfi barnsins sem stuðlað geta að því að tryggja aðbúnað þess og umönnun. Verkefnið hefur gengið undir nafninu „Prándheimsmódelið”.

7.5 Upplýsingar til tilkynnanda

Barnaverndarnefndir eru oft gagnrýndar af þeim sem tilkynna fyrir það að viðkomandi fái ekki neinar upplýsingar til baka um afdrif tilkynningarinnar. Í þeim tilvikum sem tilkynning fer fram á fundi þar sem tilkynnandinn er mættur ásamt foreldri og barnaverndarstarfsmanni kemur þessi spurning ekki upp. Öðru máli gegnir þegar tilkynnt er í síma eða skriflega. Ljóst er að viðkomandi á ekki rétt á neinum persónuupplýsingum um barnið sem tilkynnt er um eða fjölskyldu þess og undir þetta falla upplýsingar um hvort mál er kannað eða ekki og allar upplýsingar um vinnslu málsins í kjölfarið. Hins vegar ber barnaverndarnefnd að staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málmeðferð vegna tilkynningar sbr. 4. mgr. 21. gr. bvl. Það getur verið ákjósanlegt að viðkomandi fái bréf um að tilkynningin hafi verið móttækin og að málið verði unnið í samræmi við lög og reglugerðir. Tilkynnandinn sér þá að einhver hefur tekið eftir tilkynningunni og verður rólegri með að henni verði sinnt. Svar af þessu tagi skapar ákveðið traust

og getur einnig skipt máli ef upp kemur spurning um samstarf vegna stuðnings við barnið og/eða fjölskyldu þess síðar.

7.6 Flokkun tilkynninga

Barnaverndarstofa óskaði eftir því við dr. Freydísi J. Freysteinsdóttur að hún ynni að kerfi sem nota mætti til að flokka tilkynningar. Kerfið kallast SOF (skilgreiningar og flokkun), en skv. því eru tilkynningar flokkaðar í fjóra flokka: vanræksla, ofbeldi, áhættuhegðun barns og tilkynning vegna ófæddis barn. Hver flokkur hefur síðan ákveðna undirflokk. Eyðublað vegna tilkynninga er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu, www.bvs.is Nánar er sagt frá SOF kerfinu í kafla 11 um könnun, kerfið var tekið í notkun 2005 en endurskoðað á árinu 2012 og endurútgefið.

7.7 Almenn verndarákvæði

Í XVII. kafla bvl. er að finna nokkur almenn verndarákvæði. Hér má nefna ákvæði um útvistartíma barna í 92. gr., eftirlit með sýningum og skemmtunum í 93. gr. og almennt eftirlit barnaverndarnefnda í 95. gr. Ef barnaverndarnefnd berst ábending vegna þessara ákvæða sem varðar almenn atriði en ekki tiltekið barn eða börn er ekki um tilkynningu að ræða. Ef ábendingar varða ákveðið barn eða börn er hins vegar rétt að líta á þær sem tilkynningar og meðhöndla þær skv. því.

8. Nafnleynd

19. gr. bvl. nr. 80/2002

13. gr. reglug. nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir bvn.

Tilgangur nafnleyndarinnar er að gera þeim sem hefur áhyggjur af aðbúnaði og aðstæðum barns auðveldara fyrir að hafa samband við barnaverndarnefnd og um leið að veita honum ákveðna vernd fyrir mögulegum afleiðingum tilkynningarinnar. Oft á tíðum er tilkynnandinn einhver sem er í nánú tilfinningasambandi við fjölskylduna eða sem barnið hefur leitað athvarfs og stuðnings hjá og mikilvægt að viðkomandi geti haldið því hlutverki sínu áfram. Vert er að undirstrika að nafnleyndin nær eingöngu til nafns tilkynnanda og þeirra atriða sem gefa nafn hans augljóslega til

kynna en barnaverndarnefnd verður að leitast við að gefa forelrdi að öðru leyti sem mestar upplýsingar um efni tilkynningarinnar, svo sem vanrækslu eða ofbeldi.

8.1 Nafnleynd einstaklinga

Nafnleyndin nær eingöngu til einstaklinga sem tilkynna til barnaverndarnefnda skv. 16. gr. bvl. Hér er oftast um að ræða ættingja, nágranna eða aðra sem þekkja til aðstæðna barnsins og mikilvægt að þeir geti notið ákveðinnar verndar sbr. það sem að framan segir.

Þó að barnaverndarnefnd haldi nafni tilkynnanda leyndu kemur það ekki alltaf í veg fyrir að sá sem tilkynnt er um geti sér til hver tilkynnandinn er þar sem efni tilkynningarinnar er oft á tíðum aðeins þekkt hjá afmörkuðum hópi eða að rætt hefur verið opið um að tilkynna þurfi barnaverndarnefnd um ákveðið ástand. Í þeim tilvikum sem tilkynnandi treystir sér til að tilkynna undir nafni verður vinnsla málsins oft auðveldari vegna þess að upphaf málsins liggur ljóst fyrir.

8.2 Þeir sem afskipti hafa af börnum vegna starfa sinna

Þeir sem starfa sinna vegna hafa afskipti af börnum sbr. 17. og 18. gr. bvl. njóta ekki nafnleyndar. Hér er m.a. um að ræða starfsmenn stofnana sem þekkja aðstæður barnsins vel, annað hvort vegna náninna tengsla við barnið, s.s. í skóla eða leikskóla, eða vegna þekkingar á högum barnsins vegna samskipta við foreldra þess, svo sem á sjúkrahúsi. Í flestum tilvikum er um að ræða tilvik sem þegar er búið að ræða við foreldra án þess að jákvæð breyting hafi orðið á, svo sem mæting barns í skóla eða ófullnægjandi útbúnað barns í leikskóla og þær bjargir sem viðkomandi stofnun hefur yfir að ráða duga ekki. Málinu er því vísað til barnaverndarnefndar til að hægt sé að beita öðrum og stundum sterkari úrræðum. Eðlilegast er að þessar tilkynningar komi í nafni þeirrar stofnunar sem um ræðir en ekki frá einstökum starfsmanni sem er í nánustu tengslum við barnið og/eða foreldra þess, svo sem nafngreindum kennara eða hjúkrunarfræðingi. Í flestum tilvikum er eðlilegt að láta foreldra vita að málið sé tilkynnt barnaverndarnefnd en það er þó ekki skylda.

Í þeim tilvikum sem tilkynning varðar grun um líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi gegn barninu skiptir miklu máli að *ekki* sé haft samband við foreldra áður en tilkynning er send barnaverndarnefnd. Ástæðan er sú að tryggja þarf öryggi barnsins um leið og farið er að ræða gruninn við foreldra, sérstaklega ef meintur gerandi er í nánú umhverfi barnsins. Verði foreldrum tilkynnt um þennan grun áður en tilkynning er send barnaverndarnefnd er hætt á því að barnið verði beitt hótunum eða frekara ofbeldi af hendi geranda. Einnig er hætt á að lögreglurannsókn máls spillist en þessi mál eru að öllu jöfnu kærð til lögreglu í kjölfar barnaverndartilkynningar.

8.3 Aflétting nafnleyndar

Fái barnaverndarnefnd rökstuddan grun um að tilkynnandi hafi vísvitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur hún tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Gefa skal tilkynnanda kost á að tjá sig áður en ákvörðun er tekin. Heimilt er að skjóta ákvörðun barnaverndarnefndar til kærufndar barnaverndarmála. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd geta barnaverndarnefnd og/eða forsjáraðilar barns óskað lögreglurannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaganna.

www.velferdarraduneyti.is/kaerunefndir/barnaverndarmal/nr/323

9. Ákvörðun um könnun

21. gr. bvl. nr. 80/2002

14. gr. reglug. nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir bvn.

Við ákvörðun um hvort hefja skuli könnun máls eða ekki skal hafa í huga að öll afskipti barnaverndaryfirvalda eru til þess fallin að trufla einkalíf viðkomandi fjölskyldu. Barnaverndarnefndir þurfa því að geta rökstutt afskipti og öll íhlutun barnaverndarnefnda verður að styðjast við heimild í lögum. Ákvörðun um könnun þarf að taka með hagsmuni barns í huga.

9.1 Ákvörðun um að hefja könnun máls eða láta mál niður falla

Eftir að barnaverndarnefnd hefur fengið tilkynningu eða upplýsingar á annan hátt um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætt á búið vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða

eigin hegðunar þarf hún að meta hvort um rökstuddan grun sé að ræða. Skal sú ákvörðun tekin eins fljótt og hægt er og *eigi síðar en 7 dögum* eftir að upplýsingarnar berast sbr. 21. gr. bvl. Enginn greinarmunur er hér gerður á tilkynningu sem berst utan frá eða upplýsingum sem nefndinni geta borist á annan hátt, t.d. vegna könnunar á öðru barnaverndarmáli, við vinnslu máls skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eða við gerð umsagnar fyrir sýslumann, dómara eða aðra.

Sömu ákvæði gilda einnig um málefni þungaðrar konu sem nefndin hefur fengið vitneskju um að geti stofnað heilsu eða lífi ófædds barns síns í voða.

Hafa ber í huga að skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart einstökum börnum felast fyrst og fremst í því að grípa til viðeigandi úrræða ef og þegar aðstæður barns eða aðbúnaður er óviðunandi. Hér er átt við að:

- heilsu barns og þroska sé hætta búin vegna vanrækslu, ofbeldis, vanhæfni eða framferðis foreldris
- barn verði fyrir áreitni eða ofbeldi af hálfu annarra en foreldra
- barn stofni heilsu sinni og þroska í hættu með hegðun sinni eða lífern.

Þegar verið er að meta hvort forsendur séu fyrir því að hefja könnun máls eða ekki getur verið gagnlegt að velta fyrir sér eftirfarandi:

- er líkamlegur, tilfinningalegur og vitsmunalegur þroski barnsins í hættu?
- er barnið í hættu? – hvað er það sem bendir til þess
- er barnið vanrækt? – hvað er það sem bendir til þess
- hver tilkynnir og hvernig eru tengsl hans/hennar við barnið og fjölskylduna?

Til að hægt sé að glöggva sig frekar á þessum spurningum getur barnaverndarstarfsmaður gert tvennt:

- rætt aftur við tilkynnanda um þær aðstæður eða atvik sem tilkynnt er um
- skoðað upplýsingar eða gögn sem barnaverndarnefnd kann að hafa í fórum sínum vegna afskipta af barninu sem tilkynnt er um eða öðrum börnum foreldranna.

Heimildir til að afla frekari gagna eða upplýsinga á þessu stigi eru ekki fyrir hendi.

Hafa þarf í huga að ákvörðun um hvort ástæða sé til að hefja könnun skal taka sérstaklega fyrir hvert barn, sbr. 4. mgr. 14. gr. reg. nr. 56/2004

Eftir að hafa skoðað tilkynninguna eða þær upplýsingar sem nefndin hefur og þau atriði sem að framan greinir er tekin ákvörðun um hvort kanna eigi málið eða ekki.

Í þeim tilvikum sem ákveðið er að kanna málið ekki frekar eru foreldrar upplýstir um tilkynninguna og þá ákvörðun að aðhafast ekkert frekar.

9.2 Tilkynning til forsjáraðila

Ef tekin er ákvörðun um að hefja könnun máls skal barnaverndarnefnd láta foreldra vita um tilkynninguna og ákvörðun nefndarinnar um könnun. Ef nefndin telur að könnun málsins, og möguleg rannsókn lögreglu, gæti á einhvern hátt eyðilagst eða barnið verið í hættu fái foreldrar vitneskju um tilkynninguna er heimilt að fresta því að láta foreldra vita. Þau tilvik sem hér um ræðir eru f.o.f. tilkynningar er varða ofbeldi gegn barni þar sem meintur gerandi er á heimili barnsins og því hætta á að hann gæti haft áhrif á vitnisburð barnsins og/eða beitt það enn frekara ofbeldi eða hótunum. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða vanrækslu eða annað er eðlilegt að foreldrum sé strax skýrt frá tilkynningunni og innihaldi hennar. Meginreglan er því að tilkynna foreldrum strax um ákvörðun um könnun. Minnt er á að hafi tilkynning borist frá einstaklingi skv. 16. gr. getur verið um nafnleynd að ræða.

Ef tekin er ákvörðun um að hefja ekki könnun skal barnaverndarnefnd láta foreldra vita um tilkynninguna og innihald hennar og ákvörðun nefndarinnar.

Ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja könnun máls eða láta mál niður falla á þessu stigi er hvorki kæránleg til kærunefndar barnaverndarmála né annars stjórnvalds.

10. Samvinna í barnaverndarmálum

4., 20., 23., og 43. gr. bvl. nr. 80/2002

17., 18., 19., 22., 23., og 29 reglug. nr. 56/2004

Í öllu barnaverndarstarfi er lögð áhersla á mikilvægi samvinnu. Þessi krafa um samvinnu getur stundum virst mótsagnarkennd. Í lögnum er annars vegar lögð áhersla á það hlutverk barnaverndarnefndar að tryggja öryggi og umönnun barnsins, hins vegar ber nefndinni að styðja barnið og/eða fjölskyldu þess. Þannig fela þessi hlutverk í sér ákveðið eftirlit og stuðning en undirstrika einnig það vald sem nefndin hefur og ber að beita telji hún öryggi og aðbúnaði barnsins ógnað. Stundum er um það rætt að sú skýra málsmeðferð sem gerð er krafa um í lögum, sem m.a. felur í sér nákvæma skráningu og greinargerðaskrif, sé til trafala þegar verið er að vinna að því að ná samstarfi við barn og/eða foreldra í barnaverndarstarfi. Nákvæm skráning og skýrslur sem aðilar máls fá eintak af eru þó einnig tæki til að skapa öryggi, sýna markviss vinnubrögð og er góður grundvöllur fyrir umræðu um skilgreiningar á vanda og leiðum til úrbóta. Þegar verið er að byggja upp samstarf við barnið og/eða foreldra þarf jafnframt að ræða og skýra hvaða þætti hægt er að hafa samvinnu um og að í ákveðnum tilvikum beri starfsmanni að grípa inn í, jafnvel gegn vilja barns og/eða foreldra. Þá þarf einnig að undirstrika að samvinnan á ætíð að snúast um hagsmuni barnsins en ekki um vilja og óska foreldra sem í sumum tilvikum kunna að vera í andstöðu við þarfir barnsins.

10.1 Hvað sýna rannsóknir

Á undanförunum árum hefur verið mikil þróun í nýjum aðferðum og vinnubrögðum í barnavernd. Sem dæmi má t.d. nefna fjölskyldusamráð, fjölkerfameðferð (Multisystemic Therapy, MST), uppbyggingarstefnuna og tilkynningarfundir. Þessar vinnuaðferðir eiga það sameiginlegt að leggja áherslu á að styrkja einstaklinginn til þess að taka sjálfur ábyrgð á því sem er að gerast og vinna að lausnum. Þessi hugmyndafræði sem stundum er kennd við valdeflingu (empowering) er í mikilli mótsögn við þá forsjárhyggju sem oft á tíðum hefur litað barnaverndarstarfið þar sem sérfræðingar taka að sér að ákveða hver vandinn er og hvernig beri að leysa hann. Barnaverndarstarfsmenn þurfa að leggja sig fram við að læra aðferðir sem byggjast á

að hlusta á alla aðila málsins, leita eftir sjónarmiðum þeirra, taka hugmyndir þeirra alvarlega og líta á þá sem samstarfsaðila sem eru að takast á við ákveðinn vanda með aðstoð barnaverndarnefndar. Samtímis þarf þó að hafa þá fyrirvara sem eru nefndir hér að framan um þarfir og öryggi barns.

Ýmsir fræðimenn hafa í rannsóknum sínum leitast við að kanna sjónarmið þeirra sem hafa haft samskipti við hið opinbera hjálparkerfi, svo sem barnavernd og félagsþjónustu. Einn þeirra er Lars Uggerhøj sem í tengslum við doktorsverkefni sitt ræddi við stóran hóp barnafjölskyldna sem lengi höfðu verið í samskiptum við félagsþjónustuna.⁷ Hans viðmælendur lögðu áherslu á að fá að vera þátttakendur í eigin lífi, bæði við könnun mála og áætlanagerð. Þeir vildu að komið væri fram við þá af virðingu og að starfsmenn væru bæði faglegir og persónulegir í samskiptum sínum við þá sem lituð væru af samræðum, heiðarleika og einlægni. Svipaðar niðurstöður hafa komið fram í mörgum öðrum rannsóknum, t.d. hjá Monu Sandbæk⁸.

10.2 Áherslur í lögum

Í barnaverndarlögum má finna fjölmörg ákvæði sem leggja áherslu á samvinnu, ekki bara við börnin og foreldrana heldur alla þá sem á einhvern hátt koma að barnaverndarstarfinu. Helstu greinar eru:

- 4. gr. - samvinna við börn og foreldra og samvinna við aðrar bvn. og stofnanir sem sinna málefnum barna
- 20. gr. - öllum sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf. Bvn. skulu einnig leitast við að hafa samstarf við sömu aðila
- 20. gr. - sjúkrastofnunum, geðdeildum og áfengismeðferðarstofnunum ber að taka tillit til hagsmuna barns þegar teknar eru ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldra
- 20. gr. - lögreglu og fangelsismálayfirvöldum er skylt að hafa samstarf við barnaverndarnefndir og veita þeim aðstoð eftir atvikum við úrlausn barnaverndarmála

⁷ Uggerhøj, Lars: (1995) “Hjælp eller avhengighed” Aalborg Universitetsforlag.

⁸ Sandbæk, Mona, (red) (2001) “Fra mottaker til aktør. Brukernes plass i praktisk sosialt arbeid og forskning” Gyldendal

- 23. gr. - áætlun um meðferð máls skal unnin í samvinnu við forelda og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri
- 43. gr. - leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra

Reglugerð nr. 56/2004 um málsmeðferð hefur einnig að geyma fjölmörg ákvæði um samvinnu. Helstu greinar þar eru:

- 17. gr. samvinna bvn. og forsjáraðila við könnun
- 18. gr. samvinna við barn við könnun
- 19. gr. samvinna við aðra við könnun
- 22. gr. samvinna við aðila við gerð áætlunar
- 23. gr. samvinna við aðra við gerð og framkvæmd áætlunar
- 29. gr. talsmaður barns

10.3 Samvinna við barnið

Mikil áhersla hefur verið lögð á það í öllu barnaverndarstarfi á undanförunum árum að tala meira við börnin. Ástæðan er m.a. sú aukna áhersla sem lögð hefur verið á þátttöku og samvinnu barna og fjölskyldna í starfinu, en jafnframt er hér verið að bregðast við niðurstöðum ótal rannsókna sem sýna að almennt hafa barnaverndarstarfsmenn talað lítið við börnin. Í umræðum um þetta hefur komið fram að starfsmennirnir hafa viljað verja börnin fyrir erfiðum og krefjandi umræðum um aðstæður sínar, að aðrir fagmenn, s.s. leikskólakennarar og kennarar, þekki börnin betur og því hafi verið talið réttara að fá þessa aðila til að tala við þau. Loks má nefna að margir barnaverndarstarfsmenn hafa ekki talið sig hafa þá færni sem þeir telja nauðsynlega til að ræða við börnin og hafa lagt áherslu á að fá frekari kennslu og þjálfun í því. Íslensk rannsókn um vinnubrögð staðfestir að fyrrnefnd atriði eiga einnig við hér á landi. Einnig eru vísbendingar um að þegar rætt er við börn er það frekar til að útskýra fyrir þeim ákveðin atriði en að taka þau með sem ákveðna samstarfsaðila í eigin málum. Þessi mynd breytist þó nokkuð þegar um unglinga er að ræða þar sem áherslan er frekar á að leita eftir þeirra sjónarmiðum og kanna vilja þeirra⁹. Það er einnig athyglisvert að í rannsókn dr. Guðrúnar Kristinsdóttur um börn

⁹ Anni Haugen (2004): “Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið. Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn” Barnaverndarstofa ritröð 1.

í fóstri kom fram að þau vissu yfirleitt ekki af starfsmönnunum meðan þau voru í fósturinu og flest upplifðu engan stuðning frá þeim¹⁰. Barnaverndarstofa hefur gefið út kennslufni, leiðbeiningahefti og DVD-disk sem ætlað er að gefa fólki innsýn í hvernig er hægt að bæta sig í að tala við börn og unglinga. Efnið er útbúið að frumkvæði Barna- og jafnréttisráðuneytisins í Noregi sem veitti Barnaverndarstofu góðfúslegt leyfi til að texta og þýða á íslensku árið 2010. Efnið má nálgast hjá Barnaverndarstofu en leiðbeiningaheftið er einnig að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu.

Barnaverndarstarfsmaður þarf í öllum málum að velta fyrir sér samvinnu við barnið og meta hvernig hún á að vera. Aldur og þroski barnsins ræður að sjálfsögðu miklu þar um. Engu að síður skiptir nær alltaf máli að barnaverndarstarfsmaðurinn þekki barnið að einhverju marki. Það að sjá barnið og vita hvernig það lítur út, jafnvel þó um kornabarn sé að ræða, hjálpar starfsmanninum að halda athyglinni á barninu og vinna málið út frá því. Barn sem farið er að tjá sig getur veitt mikilvægar upplýsingar um lífið sitt þegar mál er í könnun, getur sagt frá því sem skiptir máli í umhverfi sínu, frá áhugamálum og styrkleikum. Þá þarf einnig að hafa í huga að yngri börn finna oft fyrir þeirri spennu sem getur fylgt könnun barnaverndarmáls eða því ástandi sem ríkja kann á heimilinu og því mikilvægt að ræða um það þannig að þau átti sig betur á því sem er að gerast. Stálpuð börn og eldri hafa oft á tíðum skýrar hugmyndir um vandamál sem kunna að vera fyrir hendi um leið og þau hafa velt fyrir sér mögulegum lausnum. Það getur einnig verið barni mikilvægt að fá upplýsingar um gang málsins, ákvarðanir bvn., hvernig stuðning barnið getur fengið og hvað í honum felst. Þannig verður hlutur barnsins í vinnslu málsins ekki eingöngu sá að taka við upplýsingum og skýringum frá barnaverndarstarfsmanninum heldur er það samstarfsaðili sem veitir upplýsingar og kemur með hugmyndir að lausnum við ákveðna þætti málsins. Eins og áður segir þarf hér ætíð að miða þátttöku barnsins út frá aldri þess og þroska. Í sumum tilvikum getur verið nauðsynlegt að fá túlk til aðstoðar eða aðra sérfræðinga, svo sem þroskaþjálfara ef um þroskahömlun er að ræða. Í mörgum tilvikum getur verið rétt að skipa barni talsmann og verður fjallað um það nánar í kafla um könnun. Samkvæmt barnaverndarlögunum eru börn 15 ára og eldri aðilar að barnaverndarmálum þegar gripið er til tiltekinna ráðstafana. Í þeim tilvikum skiptir

¹⁰ Guðrún Kristinsdóttir (2004): *Ég hef verið mjög sátt við að vera í fóstur en... Um reynslu ungs fólks af fóstur* Barnaverndarstofa ritröð 2.

samvinna og samþykki barns sköpum um þær leiðir sem færar eru í málinu og þá málsmeðferð sem ber að beita. Nánar er gerð grein fyrir þessu í umfjöllun um þvingunarúrræði.

10.4 Samvinna við foreldra

Samvinna við foreldra barns er í langflestum tilvikum lykillinn að farsælli lausn barnaverndarmáls. Þegar rætt er hér um foreldra er fyrst og fremst átt við þá sem fara með forsjá barns og barnið býr hjá. Samvinnan þarf að vera virk allt frá því að könnun máls hefst og þar til því er lokað. Eins og bent var á hér að framan þarf strax í byrjun að ræða samvinnuna og jafnframt benda á að ákveðnar aðstæður geta leitt til þess að ekki er unnt að vera í samstarfi, t.d. ef tryggja þarf öryggi barns. Samstarfið felur í sér að hlustað sé á skoðanir og hugmyndir foreldra, að tekið sé tillit til þeirra að því marki sem það þjónar hagsmunum barnsins, að foreldrum (og barni út frá þroska þess og aldri) sé kunnugt um fyrirætlanir barnaverndarnefndar og að þeir fái aðgang að þeim gögnum sem tillögur og ákvarðanir byggja á.

Foreldrar sem ekki hafa vald á íslensku eiga rétt á aðstoð túlks í allri samvinnu við barnaverndarnefnd. Þá er rétt að vísa til auglýsingar nr. 5/1987 um fullgildingu Norðurlandasamnings sem felur í sér að ríkisborgarar annarra norrænna ríkja eiga rétt á að nota eigin tungu í samskiptum við yfirvöld og stofnanir hér á landi.

Ennfremur er rétt að hafa í huga að oft geta verið fleiri hindranir í samskiptum foreldra og barnaverndarnefndar. Ef um alvarlega þroskahömlun er að ræða getur þurft að meta hvort rétt sé að fá aðstoðarmann í málið sem er vanur að vinna með þroskaskertum og er líklegri til að geta tryggt að foreldrarnir geri sér grein fyrir því mati og þeim áætlunum sem gerðar eru. Sama gildir ef foreldri er t.d. mállaust og/eða heyrnarskert.

Sú meginregla um samvinnu sem finna má í lögnum er ekki algild. Í undantekningartilvikum er samvinna ekki talin þjóna hagsmunum barnsins. Þetta kemur t.d. fyrir þegar foreldri sem barn dvelur hjá er grunað um að beita það líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.

Undantekningar frá meginreglunni um samvinnu er að finna í eftirfarandi greinum barnaverndarlaganna:

- 19. gr. – ákvörðun um nafnleynd tilkynnanda
- 21. gr. – ákvörðun um að hefja könnun eða ekki skal taka án nokkurs samráðs við aðila
- 5. mgr. 21. gr. – heimilt er að fresta tilkynningu til foreldra um að tilkynning hafi borist og ákvörðun um að hefja könnun eða að láta mál niður falla
- 1. mgr. 43. gr. – könnun er ekki háð samþykki aðila þó leita skuli eftir samvinnu
- 5. mgr. 43. gr. – heimild til að tala við og/eða fylgjast með barni án vitneskju eða samþykkis foreldra
- 4. mgr. 23. gr. – barnaverndarnefnd skal semja einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða náist ekki samstarf um stuðningsaðgerðir
- 26. gr. – úrræði án samþykkis foreldra án þess að taka barn af heimili
- 27., 28. og 29. gr. – úrræði án samþykkis um töku barns af heimili og um forsjárviptingu
- 2. mgr. 30. gr. – heimild til að gera kröfu um sviptingu sjálfræðis þungaðrar konu
- 31. gr. – neyðarráðstafanir
- 37. gr. – heimild til að óska brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns
- 2. mgr. 45. gr. – heimild til að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum.

Í reglugerð nr. 56/2004 um málsmeðferð er að finna frekari ákvæði um frávik frá meginreglunni um samvinnu:

- 13. gr. – ákvörðun um nafnleynd
- 14. gr. – ákvörðun um könnun og frestun tilkynningar til foreldra
- 20. gr. – ósk um lögreglurannsókn á alvarlegu refsiverðu broti gegn barni
- 24. gr. – einhliða áætlun um beitingu þvingunarúrræða
- 26. gr. – neyðarráðstafanir

10.4.1. Samvinna við foreldra sem fara sameiginlega með forsjá en búa ekki saman

Í barnaverndarstarfi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því strax í upphafi máls hver fari með forsjá barns, en það verður æ algengara að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns þó þeir búi ekki saman. Réttarstaða forsjárforeldris sem býr ekki með barninu sínu er ekki sú sama og forsjárforeldris sem býr með barninu. Samkvæmt ákvæðum barnalaga nr. 76/2003 geta foreldrar sem búa ekki saman gert samning sín á milli um að þau fari sameiginlega með forsjá barnsins en þau verða jafnframt að ákveða hjá hvoru þeirra barnið skuli eiga lögheimili. Foreldrið sem barnið býr hjá þarf ekki að hafa samráð við hitt foreldrið um alla hluti er varða líf barnsins og í barnaverndarstarfi verður að leggja megináherslu á samvinnu við það foreldri sem barnið býr hjá. Hér getur þurft að meta eðli þeirrar ákvörðunar sem tekin er í máli á hverju stigi en ljóst er að barnaverndarnefnd verður að taka meira frumkvæði að samvinnu við forsjárforeldri sem barnið býr ekki hjá heldur en t.d. hjá forsjárlausu foreldri sem fjallað verður hér á eftir. Þá þarf að meta hvernig best er að haga samvinnu, t.d. hvort talað er við forsjárforeldra saman eða sitt í hvoru lagi. Um rétt forsjárforeldris sem barn býr ekki hjá má sérstaklega nefna eftirfarandi:

- 21. gr. – skylt að tilkynna forsjárforeldri að tilkynning hafi borist og um ákvörðun í tilefni af henni
- 22. gr. – gefa forsjárforeldri kost á að tjá sig um könnun og fá upplýsingar um hvernig könnun verði háttáð
- 1. mgr. 23. gr. – kynna greinargerð um niðurstöður könnunar
- 4. mgr. 23. gr. – kynna einhliða áætlun um beitingu þvingunar
- 4. mgr. 25. gr. – samþykki fyrir vistun utan heimilis
- 29. gr. – forsjáarsvipting eftir atvikum.

10.4.2 Samvinna við forsjárlaust/forsjársvipt foreldri

Foreldri getur verið *forsjárlaust* skv. ákvæðum barnalaga nr. 76/2003, þ.e. hefur ekki verið gift eða í skráðri sambúð með hinu foreldrinu, eða ef fyrir liggur staðfestur samningur eða dómur um að öðru foreldri sé falin forsjá barns.

Hugtakið *forsjársvipt* foreldri er notað um þá sem hafa afsalað sér forsjá barns til bvn. skv. 25. gr. eða hafa verið sviptir forsjá skv. 29. gr. bvl.

Forsjársvipt foreldri hefur almennt engan rétt til íhlutunar um málefni barnsins. Það á ekki rétt á að fá upplýsingar um ráðstafanir um barnið, né aðgang að gögnum og ekki ber að leita eftir samvinnu við það um aðgerðir svo sem um val á fósturforeldrum eða öðrum vistunarstað. Foreldri á almennt rétt á umgengni við barnið skv. 2. mgr. 74. gr. bvl og á þá rétt á aðgangi að gögnum í máli sem kann að verða rekið um þessa umgengni. Þá getur foreldri óskað eftir endurupptöku máls skv. 34. gr. bvl.

Forsjárlaus foreldri skv. ákvæðum barnalaga á nokkuð ríkari rétt. Samkvæmt 2. mgr. 52. gr. barnalaga á forsjárlaus foreldri rétt á að fá upplýsingar um barnið frá barnaverndarnefnd en tekið er fram að þetta feli ekki í sér heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjárforeldris. Forsjárlaus foreldri þarf sjálft að hafa frumkvæði að því að leita eftir upplýsingum og á eingöngu rétt á munnlegum upplýsingum um barnið en ekki rétt til aðgangs að gögnum. Sérstaklega þarf að hafa í huga að trúnaðarskylda barnaverndaryfirvalda er fyrst og fremst til þess að vernda barnið og forsjáradila fyrir því að nokkur óviðkomandi fái upplýsingar um barnaverndarmál og því verður ekki um neina samvinnu að ræða við forsjárlaus foreldri nema með samþykki forsjáradila eða ef það leiðir beinlínis af öðrum ákvæðum laga. Hér reynir helst á ákvæði 3. mgr. 71. gr. þar sem tekið er fram að barnaverndarnefnd skuli alltaf leita umsagnar forsjárlaus foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur og rétt er að beita því sama þegar barn er vistað á meðferðarheimili. Ef barnaverndarnefnd tekur við forsjá barns með samþykki eða eftir sviptingu þá ber nefndinni einnig að kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til forsjárlaus foreldris. Barnaverndarnefnd er heimilt, ef hún telur hagsmuni barnsins tryggða með þeim hætti, að afsala forsjá þess til kynforeldris sem hefur ekki farið með forsjá, sbr. 71. gr.

Forsjárlaus foreldri á einnig rétt á umgengni við barn sem vistað hefur verið utan heimilis á grundvelli barnaverndarlaga.

Eins og áður hefur verið rætt getur skipt miklu máli fyrir barnið að samstarf takist milli barnaverndarnefndar og ólíkra aðila sem eru mikilvægir í lífi barnsins. Þetta getur að sjálfsögðu átt við um forsjárlaus foreldri. Við vinnslu málsins þarf ætíð að gera sér grein fyrir tengslum barnsins við hið forsjárlosa foreldri og hvernig sambandi þeirra er háttáð. Þó svo að lögin setji ýmsar skorður um rétt forsjárlosa

foreldrisins til upplýsinga og þátttöku í málsmeðferðinni þarf að meta hvort rétt sé að leita eftir samþykki forsjárforeldris og barnsins um að leitað sé eftir samstarfi við forsjárlaus foreldrið á ólíkum stigum málsins, svo sem við könnun þess, áætlunargerð eða sem lið í stuðningi við barnið.

10.5 Samvinna við aðra

Hér að framan hefur verið fjallað um samstarf við þá sem mestu máli skipta til að takast megi að bæta aðbúnað og umönnun barna, þ.e. barnið sjálft og foreldra þess. Ótal aðrir þurfa þó að koma að þessu starfi og nauðsynlegt er fyrir barnaverndarnefndir að vera í góðu samstarfi við flesta þá aðila sem sinna málefnum barna. Samvinnan getur oft á tíðum verið flókin og erfið í reynd og litast af tortryggni. Helstu ástæður þess eru:

- vanþekking á tilkynningarskyldunni
- vanþekking á barnaverndarkerfinu og uppbyggingu þess
- vanþekking á þeim úrræðum sem barnaverndarnefndir hafa og starfsaðferðum þeirra
- lítil þekking á verkaskiptingu og verkstjórn við vinnslu barnaverndarmála
- ótti um að grunur sé ekki nægilega sterkur (rökstuddur) eða misfellingur ekki nægilega alvarlegar
- grunur eða víska um að búið sé að tilkynna og að barnaverndarnefnd þekki mál barnsins
- grunur um að afskipti barnaverndarnefndar verði barninu erfið og það muni ekki hafa gagn af þeim
- ótti um að trúnaðarsamband gagnvart skjólstaðingum verði í hættu
- hræðsla um að yfirstandandi meðferð á barni og/eða fjölskyldu gæti truflast
- vantraust á kerfum og fagfólki sem maður er ekki sjálfur hluti af.

Ofangreind atriði skipta máli þegar barnaverndarstarfið, málsmeðferð og úrræði er kynnt fyrir samstarfsaðilum og ástæða til að fjalla sérstaklega um hvað það er sem getur hindrað þá í að tilkynna. Einnig þarf að ræða og verða sammála um helstu þætti samvinnunnar, í hverju hún eigi að felast og hvert verði ábyrgðarsvið hvers og eins. Þá þarf sérstaklega að ræða um trúnaðarskyldu barnaverndarnefndar og hvers vegna ekki er unnt að gera samstarfsaðilum grein fyrir gangi máls. Í þeirri umræðu þarf

barnaverndarstarfsmaðurinn einnig að leggja áherslu á að með samþykki foreldra, og í sumum tilvikum barnsins, er hægt að gera samstarfsaðilum grein fyrir ákveðnum þáttum málsins sem geta skipt miklu þegar meta á hvernig best er hægt að mæta þörfum barnsins og styðja það. Til þess að það geti gerst þurfa barnaverndarstarfsmenn einnig að leggja áherslu á að kynna sér helstu þætti í starfi samstarfsaðila þannig að þeir þekki styrkleika og möguleika þeirra til að veita stuðning.

10.5.1 Þörf á samvinnu

Barnaverndarnefnd þarf að vera í samvinnu við aðra á öllum stigum barnaverndarmáls og getur ekki unnið mál barns án þess. Markmiðið með samstarfinu er mismunandi eftir því hvar málið er statt eins og sjá má hér á eftir:

- Við móttöku tilkynninga
 - til að barnaverndarnefnd fái upplýsingar um barn sem mögulega býr við óviðunandi aðstæður eða er sjálfu sér hættulegt
- Við könnun máls
 - til að hægt sé að fá sem besta mynd af aðstæðum og stöðu barnsins
- Við gerð áætlunar
 - til að fá mynd af hvað samstarfsaðilar geta gert til að styðja barnið
- Við beitingu úrræða
 - hvernig samstarfsaðilar styðja barnið og hvernig sá stuðningur reynist

10.5.2 Helstu samstarfsaðilar barnverndarnefnda eru:

- aðrar barnaverndar- og félagsmálanefndir
- starfsmenn leikskóla og skóla
- starfsmenn heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa
- starfsmenn barna- og unglingageðdeildar Landspítalans (BUGL)
- starfsmenn Greiningarstöðvar ríkisins
- starfsmenn skólaskrifstofu
- starfsmenn félagsþjónustu, þ.m.t. þeir sem veita þjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðra
- lögregla, ríkislögreglustjóri, ríkissaksóknari og Fangelsismálastofnun

- starfsmenn ýmissa frjálsra félagasamtaka s.s. Þroskahjálpar, Stígamóta, Kvennaathvarfs
- starfsmenn Barnaverndarstofu og Barnahúss
- starfsmenn sem veita meðferð á vegum Barnaverndarstofu, s.s. fjölkerfameðferðar (MST) Stuðla og meðferðarheimila

11 Könnun máls

22. og VIII. kafli bvl. nr. 80/2002

V. og VII. kafli reglug. nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir bvn.

Þegar fyrir liggur ákvörðun um að hefja könnun verður að hafa hugfast að lögin leggja áherslu á að sýna þurfi þeim er málið varðar fyllstu nærgætni og að könnun megi ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur. Koma þarf fram við alla aðila málsins af virðingu og jafnframt að hafa í huga að könnunin snýst um barnið og aðstæður þess og að hagsmunir allra aðila málsins falla ekki endilega saman.

Í 22. gr. bvl. og 16. gr. reglug. nr. 56/2004 er að finna ákvæði um markmið könnunar máls. Þar er lögð áhersla á að afla sem besta upplýsinga um hagi barnsins, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, aðbúnað þess á heimilinu, skólagöngu, hegðun og líðan. Jafnframt þarf að afla upplýsinga um hagi foreldra, fá upplýsingar um á hvern hátt þeim tekst að mæta þörfum barnsins fyrir umönnun, ástúð, öryggi o.fl. Þá er tekið fram að leita skuli aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur. Markmiðið með könnun verður því:

- að meta hvort barnið sé í hættu
- að safna staðreyndum varðandi þann grun sem fram hefur komið
- að ákveða hvort ástæða sé til að hafa áhyggjur
- að finna hvaða styrkleikar eru hjá barninu, í fjölskyldunni og umhverfinu
- að ákveða stuðning og/eða aðrar aðgerðir gagnvart barninu og mögulega öðrum.

11.1 Skipan talsmanns

Skv. 3. mgr. 46. gr. bvl. og 15. gr. reglug. nr. 56/2004 ber barnaverndarnefnd, þegar hún hefur tekið ákvörðun um að hefja könnun máls, að taka afstöðu til þess hvort þörf

sé á að skipa barni talsmann. Þetta felur ekki í sér að ætíð skuli skipa barni talsmann aðeins að taka þurfi ákvörðun um hvort svo verði gert eða ekki og að ákvörðunin sé rökstudd og skráð. Einnig er unnt að skipa barninu talsmann á síðari stigum málsins. Það skal að jafnaði gert áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. og 28. gr. bvl. og einnig áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. nema barn njóti aðstoðar lögmanns.

Fjallað er um hæfi og hlutverk talsmanns í VII. kafla reglug. nr. 56/2004.

Barnaverndarnefnd ber að velja talsmann sem er best til þess falinn að þjóna hagsmunum barns í hverju máli. Skoða þarf markmið með skipan talsmanns í hverju máli fyrir sig, hvaða þætti reynir sérstaklega á og í framhaldi af því að meta hver er best til þess fallinn að vera talsmaður barnsins. Ekki er gerð krafa um sérstaka menntun talsmanns en almennt er miðað við að valinn sé einstaklingur sem hefur sérþekkingu á málefnum barna og ber skyn á þau mál sem barnaverndarnefndir fjalla um. Nefndarmaður í barnaverndarnefnd, starfsmaður nefndarinnar eða þeirrar stofnunar sem fer með tiltekið mál í umboði nefndar getur ekki orðið talsmaður barns. Þá skal ekki skipa neinn talsmanns barns sem hefur hagsmuni af úrlausn barnaverndarmáls eða hefur sterk tengsl við einhvern sem hefur slíka hagsmuni. Barnaverndarnefnd þarf að meta í hverju tilviki hvaða upplýsingar um málið talsmaður á rétt á að fá þannig að hann geti gegnt hlutverki sínu, þ.e. að ræða við barnið og koma sjónarmiðum þess á framfæri.

11.2 Upphaf könnunar

Þegar barnaverndarnefnd telur forsendur fyrir hendi til að hefja könnun máls er algengast að haft sé samband við foreldra og þeir boðaðir í viðtal. Markmið þess viðtals er fyrst og fremst að gera foreldrum grein fyrir tilkynningunni og ræða við þau um innihald hennar. Það hvort barnið kemur með í þetta fyrsta viðtal fer eftir aldri þess, þroska og því hvers eðlis tilkynningin er. Barnaverndarstofa hefur lagt nokkra áherslu á að þetta fyrsta viðtal sé boðað formlega og fari að öllu jöfnu fram á skrifstofu barnaverndarnefndar. Á þann hátt er undirstrikað að hér er um opinber, formleg afskipti að ræða sem fylgja ákveðnu ferli og málsmeðferð, um leið og foreldrar fá tækifæri til að undirbúa sig fyrir fundinn. Það sama gildir þegar um tilkynningarfundir er að ræða (sjá kafla 7.4). Jafnframt þarf að hafa í huga að fyrsta

viðtalið í barnaverndarmáli getur verið það mikilvægasta í öllu ferlinu. Í þessu viðtali þarf að skapast grundvöllur fyrir ákveðnu trausti og gagnkvæmum skilningi sem er undirstaða að þeirri samvinnu sem er svo nauðsynleg til þess að hægt sé að vinna að viðunandi lausn fyrir barnið. Hér reynir því mikið á barnaverndarstarfsmanninn og að honum takist að skapa jákvætt andrúmsloft og trúverðugleika. Alla jafna er hægt að vinna barnaverndarmál opið þannig að foreldrinu, og barninu eftir aldri og þroska, sé ávallt ljóst hvað muni gerast næst, viti hvaða áætlanir eru í gangi og fái skýrslur og greinargerðir og annað sem er til þess fallið að skýra gang málsins. Sýnt hefur verið fram á að eftirfarandi þættir skipta miklu máli um framvindu samstarfs:

- að hve miklu leyti foreldri/barn er sammála þeim lýsingum á vandamálum sem fram koma í tilkynningunni
- hvernig barnaverndarstarfsmaður tekur á reiði, gagnrýni og mótmælum foreldris/barns á fyrsta fundinum
- hvernig barnaverndarstarfsmanninum tekst á ná fram og skilja þau vandamál sem foreldrið/barnið gera sér sjálf grein fyrir¹¹

Markmið á fyrsta fundinum verða því margþætt. Auk þess að ræða um tilkynninguna í samræmi við það sem fram kemur hér að framan þarf að leitast við að:

- skilgreina hlutverk barnaverndarnefndar og lagarammann
- útskýra vinnubrögð barnaverndarnefndar og hvað er í vændum
- ræða um hvað hægt er að semja um og hvað ekki. Það er t.d. hægt að semja um ákveðna þætti við könnun máls o.fl., en ekki um aðra þætti eins og það hvort könnun haldi áfram. Ef nauðsynlegt er að taka barn af heimili til tryggja öryggi þess gæti e.t.v. verið hægt að semja um hvert barnið fer og um umgengni við foreldrið,
- ræða um trúnað og skráningu upplýsinga, m.a. hverjir fá aðgang að upplýsingunum (eins og t.d. barnaverndarnefndin) og að aðrir en lögboðnir aðilar fái þær ekki nema með samþykki foreldris/barns
- ræða um væntingar foreldris/barns, t.d. hvort einhver fyrri reynsla af samskiptum við barnaverndarnefnd geti haft áhrif á væntanlegt samstarf.

¹¹ Hafdís Einarsson (1995): Et tilrettelagt mottak í Vigdis Bunkholdt og Erik Larsen (red) *Metodisk Barnevernsarbeid, fokus på forståelse, sammenheng og tiltak*” Tano

Einn liður í því að vinna opið og stuðla að trausti foreldris og barns er að gera áætlun um könnun máls. Ekki er gert ráð fyrir svona áætlun í lögunum sjálfum en hún getur orðið gott vinnutæki þar sem tími er notaður í að ræða við foreldri, og barn eftir atvikum, um það við hverja er talað, hverjir er líklegastir til að geta veitt nauðsynlegar upplýsingar um barnið, hvort þörf sé á einhverjum sérstökum athugunum og hvenær ráðgert er að könnun ljúki. Þá þarf einnig að vera ljóst að þörf getur orðið á því að endurskoða þessa áætlun, bæta við könnunarferlið eða bregðast við upplýsingum sem fram kunna að koma.

Í þeim tilvikum þar sem grunur er um að barnið hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi ber að haga könnun málsins í samræmi við það og er vísað sérstaklega til kafla 16 um Barnahús.

11.3 Skilgreining og flokkun - hjálpertæki við könnun og flokkun mála

Árið 2004 fól Barnaverndarstofa Dr. Freydísi J. Freysteinsdóttur, lektor í félagsráðgjöf við HÍ, að búa til ákveðið flokkunar- og skilgreiningarkerfi, *SOF*, sem er hugsað annars vegar sem hjálp við flokkun tilkynninga og hins vegar við könnun mála. Einn af styrkleikum þessa kerfis er að sjónum er allan tímann beint að barninu sjálfu, umönnun þess og líðan og er því góð leiðbeining þegar kanna á aðstæður barns.

Við könnun máls þarf að skoða efni tilkynningarinnar betur og í *SOF*-kerfinu er leitast við að skilgreina hvert atriði betur. Vanrækslu er þá t.d. skipt niður í líkamlega vanrækslu, vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit, vanrækslu varðandi nám og tilfinningalega/sálræna vanrækslu. Ef í ljós kemur að eitthvað af þessu á við er það atriði skoðað enn frekar. Ef t.d. er um líkamlega vanrækslu að ræða er skoðað hvort sú vanræksla lýsi sér í döfnunarfeil (failure to thrive), að fæði, klæðnaði, hreinlæti eða húsnæði sé ábótavant eða hvort heilbrigðisþjónustu hafi ekki verið sinnt. Á þennan hátt er farið yfir hvert einstakt atriði sem við á í hverju tilviki og þannig fengin sem skýrust mynd af umönnun, aðbúnaði og hegðun barnsins. Með því að vinna könnun á svona skipulagðan hátt er einnig auðveldara að gera vandann sýnilegri, t.d. fyrir foreldra og um leið auðveldara að sjá hverju þarf að breyta og setja viðeigandi markmið sem allir geta unnið að.

SOF kerfið var endurskoðað árið 2012 og er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu: www.bvs.is

11.4 Ósk um lögreglurannsókn

Í mörgum tilvikum tekur barnaverndarnefnd ákvörðun um könnun máls þar sem jafnframt leikur grunur á að refsivert brot kunni að hafa verið framið. Barnaverndarnefnd verður alltaf að taka frumkvæði að því að meta hvort óska skuli lögreglurannsóknar á broti gegn barni. Samkvæmt 20. gr. rg. nr. 56/2004 um málsmeðferð skal barnaverndarnefnd að jafnaði óska lögreglurannsóknar ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni. Leita skal samþykkis forsjáradila sem hefur barnið í sinni umsjá og haft samráð við barn eftir atvikum. Ef samþykki liggur ekki fyrir getur barnaverndarnefnd óskað lögreglurannsóknar ef grunur leikur á að velferð, lífi eða heilsu barns eða annarra sé stefnt í verulega hættu. Mikilvægt er að bóka ákvarðanir sem barnaverndarnefnd tekur um þetta og ástæður þeirra. Í sumum tilvikum hefur barnaverndarnefnd gefið starfsmönnum umboð til að taka ákvörðun um lögreglurannsókn sbr. reglur á grundvelli 14. gr. bvl. um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála hjá starfsmönnum viðkomandi nefndar.

11.5 Rannsóknarheimildir

Ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja könnun er til þess fallin að valda ákveðnu álagi á fjölskylduna og barnið og raska heimilislífi. Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra og barnið eftir því sem við á en þó verður að minna á að könnun er ekki háð samþykki aðila. Það er eðlileg tillitssemi að könnun sé hraðað eins og kostur er, enda er það í samræmi við ákvæði 41. gr. bvl. um málshraða, auk þess sem henni er ekki ætlað að vera umfangsmeiri en þörf krefur. Könnun skal því að jafnaði ekki taka lengri tíma en þrjá mánuði en í undantekningartilvikum getur hún tekið fjóra mánuði. Að þeim tíma liðnum er gert ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir og tillögur um viðeigandi stuðning fyrir barnið og/eða fjölskylduna ef þess er talin þörf.

Í 43. gr. bvl. er fjallað um þær heimildir sem barnaverndarnefnd hefur við könnun máls.

11.5.1 Heimildir til að tala við börnin og fylgjast með hegðun þeirra

Liður í könnun máls er almennt að tala við barnið sjálft og er hér vísað í kaflann um samvinnu við barn. Barnaverndarstarfsmanni er almennt ekki heimilt að fara inn á heimili barns og ræða við það þar nema með samþykki forsjáraðila eða með dómsúrskurði. Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun er þó heimilt að fara inn á heimili án undangenginnar málsmeðferðar ef ástæða er til að ætla að barn sé í bráðri hættu, sbr. 3. mgr. 31. gr. bvl.

Hins vegar getur starfsmaður talað við barnið eða fylgst með því á öðrum stöðum sem það kann að dvelja á, svo sem á leikskóla, í skóla eða neyðarathvarfi. Jafnan skal hafa samráð við foreldra ef tala á við barn yngra en 12 ára eða gera athuganir á því. Ef rannsóknarhagsmunir mæla sannanlega með því er heimilt að tala við barn yngra en 12 ára og fylgjast með hegðun þess án vitneskju eða samþykki foreldra, en tilkynna skal þeim um það eins fljótt og hægt er. Þetta á nær eingöngu við ef grunur er um að barn sé beitt líkamlegu- eða kynferðislegu ofbeldi og búi með meintum gerenda. Í þeim tilvikum getur það skipt sköpum við könnun máls að rætt sé við barnið án þess að foreldri fái tækifæri til að undirbúa það eða hafa áhrif á framburð barnsins.

Samantekt um hvenær og hvar tala má við börn:

- almennt ber að miða við að tala við öll börn að höfðu samráði við foreldra
- ef farið er á heimili barns til að tala við það þarf samþykki forsjáraðila eða dómsúrskurð
- ef farið er á annan stað en heimili barns til að tala við það o.fl., svo sem í dagvistun, leikskóla, skóla, félagsmiðstöð eða neyðarathvarf
 - ef barn er yngri en 12 ára þarf samþykki forsjáraðila nema sannanlegir rannsóknarhagsmunir séu fyrir hendi
 - ef barn er 12 ára og eldra er heimilt að tala við það án samráðs við foreldra ef þörf krefur.

11.5.2 Heimildir til að leita upplýsinga hjá foreldrum

Barnaverndarnefnd er heimilt að taka skýrslur af foreldrum og er þeim skylt að veita liðsinni sitt til að könnun máls geti gengið greiðlega. Foreldri getur ekki ákveðið hvort eða hvernig könnun fer fram en miklu skiptir að hafa í huga þau atriði sem getið er um í köflunum hér að framan um samvinnu við foreldra. Foreldrarnir eru jú oftast þeir sem geta gefið bestu og mestu upplýsingarnar um barnið og að jafnaði lykilinn að farsælli lausn málsins.

Ef verið er að leita upplýsinga um barnið hjá foreldri sem ekki fer með forsjá þarf að hafa í huga ákvæði 2. mgr. 52. gr. barnalaga þar sem fram kemur að það foreldri, sem ekki fer með forsjá, eigi rétt á upplýsingum um barnið hjá opinberum aðilum. Þar sem könnun máls felur ávallt í sér ákveðna upplýsingagjöf til þess sem leitað er upplýsinga hjá þarf að gæta þess að gefa engar upplýsingar um forsjáforeldrið heldur eingöngu nauðsynlegar upplýsingar um barnið. Í þessum tilvikum er einnig mikilvægt að taka tillit til þess að samband forsjáforeldris við forsjárlausa foreldrið getur hafa verið viðkvæmt í langan tíma og e.t.v. litað af vonbrigðum, söknuði og reiði sem taka þarf tillit til í viðtölum við alla aðila.

11.5.3 Heimildir til að leita upplýsinga hjá öðrum

Við könnun máls þarf í hverju einstöku tilviki að meta og skoða hverjir það eru sem geta veitt upplýsingar um barnið. Eins og áður sagði geta foreldrar og barnið sjálf oft veitt mikilvæga aðstoð við þetta mat og gefið upplýsingar um aðila sem skipta máli í lífi barnsins og þekkja vel til aðstæðna. Könnun á þó aldrei að vera umfangsmeiri en nauðsynlegt er og því þarf að hafa skýra mynd af því hvaða upplýsinga er verið að leita og til hvers. Samþykki forsjáraðila þarf ekki að liggja fyrir til að afla upplýsinga sem taldar eru nauðsynlegar og starfsmaður þarf að meta hvort ástæða sé til að ræða við fleiri, eða aðra, en þá sem foreldrar og barn benda á. Þó ber að hafa í huga að alla jafnan er það kostur að sátt náist um við hverja er talað við könnun málsins og að foreldrum sé kunnugt um það.

Í flestum tilvikum þarf að leita eftir upplýsingum um barnið hjá öðrum opinberum aðilum, svo sem skóla og heilsugæslu. Í 44. gr. bvl. eru ákvæði um upplýsingaskyldu samstarfsaðila gagnvart barnaverndarnefnd. Þar kemur m.a. fram að:

- öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, öðrum sem veita félagslega þjónustu og aðstoð svo og öllum stofnunum eða aðilum þar sem barn hefur dvalist eða kemur reglulega, svo sem skólum, leikskólum og félagsmiðstöðvum, er skylt að láta barnaverndarnefndum í té upplýsingar sem nefndin telur að skipt geti máli fyrir úrlausn barnaverndarmáls, svo sem ástand viðkomandi og batahorfur
- upplýsingar geta varðað börn, foreldra og aðra eftir atvikum
- sama regla gildir um lögreglu og sakaskrá
- upplýsingarnar skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 14 dögum eftir að beiðni barst
- upplýsingarnar skal láta í té endurgjaldslaust
- upplýsingaskyldan gengur framár þagnarskyldu einstakra starfsstétta.

Samvinna milli stofnana fer oft fram á fundum. Æskilegt er að þetta samstarf sé skýrt og að skrifaðar séu fundargerðir þar sem fram kemur um hvað er fundað, hverjir sitja hann, hver niðurstaðan sé og hver ætli að gera hvað. Oft á tíðum er heppilegt að hafa foreldra, og eftir atvikum barnið, með á fundinum en þegar það er ekki hægt er sjálfsagt að senda þeim ljósrit af fundargerðinni. Þetta er liður í því að vinna barnaverndarmál opið og hafa aðila málsins með eins og hægt er. Þó verður að hafa í huga að þessar vinnuaðferðir eiga ekki alltaf við og þarf að meta þetta út frá hverju máli fyrir sig.

11.6 Skriflegar upplýsingar

Eins og áður hefur komið fram er í 42. gr. bvl. lögð áhersla á skráningu allra upplýsinga í barnaverndarmálum og því er æskilegt að óska eftir skriflegum upplýsingum við könnun máls. Hér er ekki eingöngu um kröfur laganna að ræða heldur geta skriflegar upplýsingar auðveldað vinnu barnaverndarstarfsmannsins og einnig forðað því að einhver misskilningur myndist. Í þeim tilvikum sem leitað er eftir upplýsingum á fundi eða í viðtali við einstaklinga er mælt með að fundargerð sé skrifuð og að viðkomandi fái tækifæri til að skoða og samþykkja það sem eftir honum er haft.

11.7 Mál barna sem eru grunuð um að hafa brotið af sér

Þegar grunur leikur á að barn hafi framið refsivert brot reynir sérstaklega á samstarf við lögreglu og aðra í refsivörslukerfinu eftir atvikum. Hér að neðan er gert grein fyrir sérstökum sjónarmiðum sem vert er að hafa í huga við könnun annars vegar mála ósakhæfra barna og hins vegar sakhæfra barna.

11.7.1. Mál ósakhæfra barna sem grunuð eru um að hafa brotið af sér

Skyldur barnaverndarnefnda gagnvart börnum yngri en 15 ára sem grunuð eru um að hafa framið lögbrot eru þær sömu og gagnvart öðrum börnum og fram koma í barnaverndarlögum nr. 80/2002. Markmið barnaverndarnefndar verður alltaf að veita barninu aðstoð, stuðning eða meðferð og getur aldrei verið refsing eða vernd fyrir samfélagið. Barnaverndarnefnd ber að kanna málið, meta þörf barnsins fyrir stuðning og/eða meðferð og veita hann. Til viðbótar ber barnaverndarnefnd sérstakar skyldur, þ.e. að vera viðstödd viðtal hjá lögreglu og á rétt á að fylgjast með rannsókn máls. Hlutverk lögreglu í þessum málum er fyrst og fremst að aðstoða og/eða hjálpa barnaverndaryfirvöldum og barninu sjálfu. Þá er lögreglu einnig skylt að upplýsa mál ósakhæfra barna sem brjóta af sér, m.a. með því að taka skýrslur af þeim sem og vitnum er sum kunna að vera á sama aldri og ósakhæfa barnið. Þá er vert að hafa í huga að skv. lögum nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, getur þolandi afbrots átt rétt á bótum þó að tjónþolinn sé ósakhæfur en það er skilyrði greiðslu bóta að brot hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu.

Miklu getur skipt fyrir barnið að meint brot sé rannsakað, að niðurstaða fáiast um hvað gerðist og hver þáttur barnsins í því hafi verið. Þá getur skipt máli að barninu sé gerð grein fyrir alvarleika brotsins og mögulegum afleiðingum þess bæði fyrir tjónþola og barnið sjálft.

Þegar barnaverndarnefnd berst vitneskja um að ósakhæft barn hafi brotið af sér, eða að grunur er um það, skal hún meta hvort rökstuddur grunur leiki á því að aðstæður barns séu eins og lýst er í 1. og 2. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga. Í mörgum tilvikum fær barnaverndarnefnd þessa vitneskju eftir beiðni frá lögreglu um að starfsmaður verði viðstaddur skýrslutöku eða í formi lögregluskýrslu.

Við mat á því hvort hefja skuli könnun máls hefur bvn. eftirfarandi til viðmiðunar:

- ef um minniháttar mál er að ræða skal að jafnaði ekki hefja könnun máls skv. 21. gr. Hér getur verið um að ræða minniháttar brot á almennum hegningarlögum, t.d. hnúpl eða brot á áfengis- eða umferðarlögum. Foreldrum skal ritað bréf þar sem tilkynnt er um þær upplýsingar sem bvn. býr yfir, ákvörðun bvn. um að hefja ekki könnun og þeim boðið að hafa samband óski þeir frekari aðstoðar
- ef um er að ræða kynferðisbrot eða annað ofbeldi og/eða alvarleg skemmdarverk/annað alvarlegt brot skal nefndin þegar í stað hefja könnun málsins. Ef barn er illa haldið eða jafnvel “rænulaust” vegna neyslu áfengis- og fíkniefna skal einnig meta hvort rétt sé að hefja könnun
- við þriðju lögregluskýrslu um sama barnið skal barnaverndarnefnd hefja könnun óháð því hvert brotið er.

Ef fleiri börn eiga aðild að meintu broti þarf að hafa í huga að hefja könnun í samræmi við það sem sagt er hér að framan gagnvart hverju barni fyrir sig. Hafa ber í huga að mál hvers barns er sérstakt mál. Þegar þannig stendur á er barnaverndarnefnd heimilt að nýta upplýsingar sem hafa orðið til í máli tiltekins barns, t.d. fórnarlamb, í máli annars enda sé hægt að færa gild rök fyrir því að brýna nauðsyn beri til þess vegna hagsmuna þess barns. Barnaverndarnefnd þarf einnig að meta hvort hefja þurfi könnun í máli þolenda og veita ráðgjöf eða meðferð. Könnun málsins fer fram á sama hátt og fjallað var um hér að framan og heimildir og skyldur eru í engu frábrugðnar því sem þar kemur fram. Meta þarf hvort óskað er eftir aðstoð lögreglu við að taka viðtal af ósakhæfu barni eða öðrum og getur barnaverndarnefnd haft samráð við lögreglu um framkvæmd viðtalsins. Starfsmaður skal leita eftir upplýsingum hjá lögreglu um það hvort barnið hafi komið við sögu varðandi önnur brot, fá upplýsingar um hvernig rannsókn málsins miðar og óska eftir afritum af skýrslum. Að lokinni könnun skal gera greinargerð um niðurstöður hennar og vinna áætlun í málinu ef þörf þykir.

11.7.2. Mál sakhæfra barna sem grunuð eru um að hafa brotið af sér

Börn verða sakhæf 15 ára og miðast það við lok afmælis dags.

Skyldur barnaverndarnefndar gagnvart sakhæfum börnum sem grunuð eru um að hafa framið lögbrot eru þær sömu og gagnvart öðrum börnum og fram koma í barnaverndarlögum nr. 80/2002. Markmið barnaverndar verður alltaf að veita barninu aðstoð, stuðning eða meðferð og getur aldrei verið refsing eða vernd fyrir samfélagið. Barnaverndarnefnd ber að kanna málið, meta þörf barnsins fyrir stuðning og/eða meðferð og veita hann. Hafa verður í huga að brot barns beinist oft gegn öðru barni og verður barnaverndarnefnd að taka ákvörðun um hvort óskað er lögreglurannsóknar á meintu broti barns. Sjá nánar kafla hér að framan um ósk barnaverndarnefndar um lögreglurannsókn. Til viðbótar ber bvn. sérstakar skyldur, þ.e. að vera viðstödd skýrslutöku hjá lögreglu og á rétt á að fylgjast með rannsókn máls. Við alla vinnslu málsins þarf að hafa í huga hvort mál barnsins er einnig til meðferðar hjá lögreglu og/eða dómstólum og taka tillit til þess.

Þegar bvn. fær vitneskju um að sakhæft barn hafi brotið af sér eða ef grunur er um það skal hún meta hvort rökstuddur grunur leiki á því að aðstæður barns séu eins og lýst er í 1. og 2. mgr. 21. barnaverndarlaga. Í flestum tilvikum fær barnaverndarnefnd þessa vitneskju eftir beiðni frá lögreglu um að vera viðstödd skýrslutöku eða í formi lögregluskýrslu.

Við mat á því hvort hefja skuli könnun máls hefur barnaverndarnefnd sömu atriði til viðmiðunar og nefnd voru í kaflanum hér að framan um ósakhæf börn. Könnun málsins fer síðan fram á sama hátt og lýst er hér að framan þar sem markmiðið er að fá sem skýrasta mynd af aðstæðum og líðan barnsins með það í huga að beita úrræðum sem að gagni mættu koma til að breyta aðstæðum þess.

Óska skal eftir upplýsingum frá lögreglu um rannsókn málsins, tryggja að allar fyrri lögregluskýrslur um barnið liggi fyrir og fá afrit af dómum ef við á. Þá skal óskað eftir upplýsingum frá Fængelsismálastofnun um hvort þar séu önnur mál til meðferðar varðandi viðkomandi barn.

Það getur skipt miklu máli fyrir barnið að barnaverndarstarfsmaðurinn sé í samstarfi við verjanda þess, lögreglu, saksóknara, dómara og eftir atvikum Fængelsismálastofnun við alla meðferð máls sem jafnframt er unnið að í

refsivörslukerfinu. Þessir aðilar þurfa oft að taka mikilvægar ákvarðanir sem geta haft veruleg áhrif á hagi barns og þær byggjast oft að einhverju leyti á mati á andlegri, líkamlegri eða félagslegri stöðu þess. Barnaverndarnefnd getur tryggt, í samvinnu við barnið og foreldra, að komið sé á framfæri nauðsynlegum upplýsingum til að unnt sé að taka upplýstar ákvarðanir og gott samstarf getur tryggt yfirsýn og samfelli í ákvarðanatöku hjá ólíkum aðilum. Sem dæmi um ákvarðanir sem getur þurft að taka í refsivörslukerfinu er hvort úrskurða skuli barn í gæsluvarðhald, um skilorðsbundna frestun ákæru og um ákvörðun refsingar, t.d. tímalengd og skilorðsbindingu. Þá kemur sérstaklega til álita samstarf við Fangelsismálastofnun um fullnustu refsinga, t.d. ákvörðun um hvenær og hvar skuli afplána, stuðningur við börn í afplánun, vistun utan fangelsis, reynslulausn, hvort samfélagsþjónusta komi til álita og atriði er varða eftirlit og stuðning við þá sem eru á skilorði.

Hafa ber í huga að börn sem fremja alvarleg ofbeldis- eða kynferðisbrot hafa í flestum tilvikum þörf fyrir sérhæfða meðferð þar sem t.d. dvöl á meðferðarheimili eða önnur öflug meðferð er nauðsynleg. Það sama getur einnig átt við um þau börn sem fá skilorðsbundinn dóm eða dóm í annað sinn. Skv. samningi Barnaverndarstofu og Fangelsismálastofnunar er miðað við að fangar yngri en 18 ára verði að jafnaði vistaðir á meðferðarheimilum. Með lögfestingu barnasáttmála SP er óheimilt að vista einstaklinga yngri en 18 ára með þeim sem eru 18 ára og eldri.

Við gerð áætlunar skal metið hvaða aðrir aðilar þurfi að koma að stuðningi við barnið og barnaverndarnefnd að hafa samstarf við s.s. Fangelsismálastofnun. Áætlun skal vera tímabundin og endurmetin eftir þörfum þar til viðunandi markmið hafa náðst. Ef barnið er að bíða eftir dómi þarf að gera áætlun um meðferð málsins þar til dómur er fallinn. Í framhaldi af því þarf að gera nýja áætlun sem tekur mið af niðurstöðum dómsins. Barnaverndarmál skal alltaf vera opið meðan barn afplánar dóm og mikilvægt er að barnaverndarnefnd meti tímanlega þörf fyrir stuðning eða aðrar aðgerðir að afplánun lokinni og geri þá nýja áætlun sem tekur mið af þörfum barnsins.

Náist ekki samstarf við barnið og foreldra um þær stuðningsaðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar skal nefndin gera einhliða áætlun sbr. 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaganna.

11.8 Almenn t um skýrslutökur af börnum í opinberum málum

Lög gera ráð fyrir aðkomu barnaverndarnefnda ef taka þarf skýrslu af barni í opinberu máli, þ.e. máli sem saksóknari höfðar til refsingar. Hér getur verið um að ræða skýrslu af barni sem sakborningi, sem brotþola eða sem vitni og gilda nokkuð ólíkar reglur um réttarstöðu barna. Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. bvl. gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála um skýrslutökur af börnum og eftirfarandi er yfirlit yfir þær reglur:

➤ **Barn 15 ára og eldra sem sakborningur:**

18. gr. bvl. – lögregla skal tilkynna barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn málsins. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldri barns mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.

1. og 9. gr. reglug. nr. 395/1997 um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslur hjá lögreglu - þegar handtekinn er maður yngri en 18 ára skal þá þegar hafa samband við foreldra hans og fulltrúa barnaverndarnefndar og hvetja þá til að koma án tafar á lögreglustöð. Þegar yfirheyrja á sakborning yngri en 18 ára skal þá spyrja hann um nöfn foreldra og heimilisfang. Foreldrum eða öðrum þeim sem barnið ber traust til skal gert viðvart um yfirheyrslu, ef þess er kostur, og þeim veitt færi á að vera viðstaddir. Jafnframt skal gefa foreldrum kost á að benda á löghæfan mann til að fara með starf réttargæslumanns eða verjanda. Gefa skal barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan yfirheyrslu. Ef ástæða þykir til skal æskja þess að fulltrúi eða starfsmaður barnaverndarnefndar verði við yfirheyrslu.

➤ **Barn sem vitni:**

14. gr. reglug. nr. 395/1997 um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslur hjá lögreglu - nú er vitni yngri en 18 ára yfirheyrst og skal þá gefa foreldrum þess eða öðrum þeim sem það ber traust til kost á að vera við yfirheyrsluna. Þetta á ekki við ef viðkomandi er sjálfur kærður í málinu eða aðrar ástæður mæla því í mót. Gefa skal barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan yfirheyrslu. Ef ástæða þykir til skal æskja þess að fulltrúi eða starfsmaður barnaverndarnefndar verði við yfirheyrslu. Gæta skal fyllstu tillitssemi við

yfirheyrslu barns sem er yngra en 18 ára. Barn skal yfirheyrt á heimavelli þess ef þess er kostur.

➤ **Barn sem brotþoli:**

Sérreglur gilda um börn sem brotþola í kynferðisbrota málum en í öðrum málum gilda almennar reglur um börn sem vitni.

74. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 - ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn máls hefst ber lögreglu að leita atbeina dómara sem sér um að taka skýrslu af honum. Þegar skýrslutaka fer fram skv. 1. mgr. skal þess gætt að ákæranda, verjanda og réttargæslumanni brotþola sé tilkynnt um hana fyrir fram þannig að þeir geti verið viðstaddir hana. Sé þess kostur skal framburður sakbornings, brotþola og vitna tekinn upp á myndband. Ef skýrsla er tekin af brotþola yngri en 18 ára skal enn fremur gætt ákvæða 7. mgr. 59. gr.

7. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 - þegar skýrsla er tekin af brotþola yngri en 18 ára getur dómari kvatt til kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku. Þá eiga ákærandi, ákærði og verjandi hans ekki rétt á að vera viðstaddir í dómsal eða annars staðar þar sem dómþing er háð ef dómari telur að nærvera þeirra geti orðið brotþola sérstaklega til íþyngingar eða haft áhrif á framburð hans. Í því tilviki skal dómari sjá til þess að málsaðilar geti fylgst með skýrslutöku um leið og hún fer fram og er honum rétt að leggja fyrir brotþola þær spurningar sem þeir óska. Innanríkisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun skýrslutöku samkvæmt þessari málsgrein.

2. mgr. 10. gr. reglug, nr. 321/1991 um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af brotþola yngri en 18 ára - réttargæslumaður brotþola á ávallt rétt á því að vera viðstaddur skýrslutöku af brotþola. Sömuleiðis fulltrúi eða starfsmaður barnaverndarnefndar og foreldri brotþola. Ef dómari telur að nærvera þessara manna geti orðið brotþola sérstaklega til íþyngingar eða haft áhrif á framburð hans getur hann mælt til þess að einhverjir þeirra eða þeir allir víki úr þingsal eða þeim sal eða herbergi þar sem skýrslutaka fer fram enda sé séð til þess að þeir geti

fylgst með skýrslutökunni um leið og hún fer fram. Ef foreldri verður ekki við tilmælunum getur dómari úrskurðað að það skuli víkja á brott, t.d. ef það er sakborningur eða sérstök hættu er á að nærvera þess geti haft áhrif á framburð brotþola.

11.8.1 Hlutverk barnaverndarstarfsmanns við skýrslutökur

Skyldur barnaverndarstarfsmanns fara að mestu leyti eftir því um hvers konar mál og hvers konar skýrslu er að ræða. Rétt þykir að miða við að barnaverndarnefnd sendi ekki fulltrúa sinn ef um minniháttar mál er að ræða nema sérstaklega standi á, svo sem ef foreldrar óska eftir því. Aftur á móti sendi barnaverndarnefnd að jafnaði fulltrúa sinn til að vera viðstaddan skýrslutöku af sakborningi og brotþola þegar skylt er að hefja könnun máls eftir þeim viðmiðum sem nefnd voru hér að ofan.

Hlutverk barnaverndarstarfsmanns við skýrslutöku af barni er fyrst og fremst að fylgjast með því hvernig barninu líður og tryggja að skýrslutakan gangi ekki gegn hagsmunum barnsins. Barnaverndarstarfsmaður getur komið með ábendingar eða gert athugasemdir við lögreglu ef ástæða þykir til. Það er mikilvægt að barnaverndarstarfsmaður reyni að meta hvort barn og foreldri fái þær upplýsingar sem þau þurfa á að halda og átti sig á farvegi málsins. Þá þarf barnaverndarstarfsmaður að fylgjast með því sem fram kemur við skýrslutöku og meta hvaða áhrif þær upplýsingar eiga að hafa á barnaverndarmál ef könnun er í gangi, m.a. með því að ræða við barn og foreldri að lokinni skýrslutökunni. Í sumum tilvikum er barni (brotþola) skipaður réttargæslumaður eða barni (sakborningi) skipaður verjandi við upphaf rannsóknar og þá geta barnaverndarstarfsmaður og réttargæslumaður/verjandi rætt þau atriði sem koma til álita við skýrslutöku.

11.9 Niðurstaða könnunar

Þegar könnun máls er lokið skal taka saman greinargerð um málið sbr. 1. mgr. 23. gr. bvl. Ef í gangi eru fleiri barnaverndarmál um börn í sömu fjölskyldu þarf að kanna mál hvers og eins barns sérstaklega. Könnun í máli hvers barns getur verið misviðamikil og tekið mislangan tíma en getur einnig fallið að nokkru leyti saman, t.d. þegar afluð er upplýsinga um foreldri sem hafa svo áhrif í málum allra barnanna.

Undirstrika verður mikilvægi þess að komast að sérstakri niðurstöðu í máli hvers barns fyrir sig. Í 21. gr. rg. nr. 56/2004 er að finna upptalningu á þeim atriðum sem fram þurfa að koma í greinargerð um niðurstöðu könnunar. Þau eru:

- tilkynningar og efni þeirra eða annað tilefni könnunar þegar það á við
- ákvörðun um að hefja könnun og tilkynning til forsjáraðila
- með hvaða hætti mál var kannað
- niðurstöður könnunar
- tillögur að heppilegum úrræðum ef við á.

Greinargerð um niðurstöðu könnunar verður alltaf að liggja fyrir áður en beitt er úrræðum á grundvelli barnaverndarlaga. Greinargerðina þarf að kynna fyrir forsjáraðilum og barni eftir því sem við á. Rík áhersla er lögð á að niðurstaða könnunarinnar sé skýr – annað hvort er ástæða til frekari afskipta og málið unnið áfram eða ef forsendur eru ekki fyrir hendi, þá er því lokað. Ef niðurstaða könnunar er sú að þörf sé á stuðningi við barnið er greinargerðin einnig góður umræðugrundvöllur við foreldra og eftir atvikum barnið sjálft og verður þannig upphafið að því að gera áætlun um meðferð máls. Í SOF – kerfinu eru ákveðnar leiðbeiningar um niðurstöður könnunar sem er að finna á: www.bvs.is

11.10 Að loka máli

Ef könnun leiðir í ljós að aðstæður barns teljast viðunandi og gerð er tillaga um að loka málinu þá ber engu að síður að kynna greinargerð um niðurstöðu könnunar fyrir foreldrum og barni eftir atvikum. Ef barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um að loka málinu þá verður að benda aðilum á að þeir geti skotið þeirri ákvörðun til kærunefndar barnaverndarmála innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar. Hið sama á við þegar máli er lokað á síðari stigum. www.velferdarraduneyti.is/kaerunefndir/barnaverndarmal/nr/323

12. Áætlun um meðferð máls

23. gr. l. nr. 80/2002

VI. kafli reglug. nr. 56/2004

Verði niðurstaða könnunar barnaverndarmáls sú að þörf sé á stuðningi við barn og mögulega fjölskylduna alla til að bæta umönnun, aðbúnað eða hegðun barns þarf að

gera um það skriflega áætlun. Ákvæði þar að lútandi er að finna í barnaverndarlögunum svo og í reglugerð.

12.1 Hvers vegna áætlun?

Gerð áætlunar er ekki eingöngu mikilvæg til að uppfylla lagaákvæði heldur er hér um ákveðið vinnutæki að ræða. Annars vegar er áætlun merki um skipulögð vinnubrögð þar sem auðvelt er að sjá að hverju er verið að vinna á hverjum tíma. Hins vegar er vinnan að gerð áætlunarinnar mikilvægur ferill í samstarfi við foreldra og barn, þar sem unnið er að því að skýra hver vandinn er, að hvaða breytingum beri að stefna og hvernig eigi að ná fram þeim breytingum. Áætlun gegnir því margþættum tilgangi í vinnslu málsins:

- skylda skv. 23. gr. bvl. og ákvæðum reglugerðar um málsmeðferð
- auðveldar stjórnun og yfirsýn
- skapar samfellu í vinnslu máls
- er hluti af því að vinna opið
- er tæki til að vinna með barni, fjölskyldu þess og mögulega öðrum.

Lykilatriði við gerð áætlunar er að ná samvinnu við alla sem að málinu koma um gerð hennar og framkvæmd. Náist það samstarf er mun líklegra að markmið áætlunarinnar náist og að barnið og foreldrarnir sjái árangur af því starfi sem unnið er. Gerð áætlunar getur tekið nokkurn tíma þar sem starfsmenn ræða nokkrum sinnum við barnið og foreldrana, saman eða hvert fyrir sig, um þann vanda sem við er að etja, hverju hver einstakur getur breytt, hvaða stuðningur sé nauðsynlegur og hverjir geti veitt hann. Gott getur verið að láta nokkurn tíma líða milli viðtala þar sem foreldrar, og barnið eftir atvikum, eru að velta fyrir sér hugmyndum sem upp hafa komið eða hafa sem verkefni að koma með nýjar eða breyttar tillögur.

Hér er fyrst og fremst átt við samvinnu við það foreldri sem fer með forsjá barns. Þegar foreldrar sem búa ekki saman fara sameiginlega með forsjá barnsins er sömuleiðis fyrst og fremst átt við samvinnu við það foreldri sem barnið býr hjá þegar rætt er um skriflega áætlun máls. Undantekning er ef áætlun felur í sér vistun barns utan heimilis, sbr. 4. mgr. 25. gr. bvl.

12.2 Hverjir taka þátt í gerð áætlunar

- barnið – háð aldri og þroska
- foreldri/foreldrar
- samstarfsaðilar svo sem skóli, heilsugæsla, lögregla

Til að ná settu markmiði þarf að tryggja að aðilar málsins þ.e. barnið (ef við á), foreldrar og barnaverndarstarfsmaður hafi sama skilning á því sem fram kemur í áætluninni. Í því felst að sameiginlegur skilningur sé á þeim vanda sem fram kemur og á því hvernig vinna eigi að jákvæðum breytingum fyrir barnið. Hafa ber í huga að oft á tíðum er verið að fást við vanda sem hefur verið til staðar í langan tíma og það getur tekið langan tíma að breyta aðstæðum barnsins. Áætlunin þarf því að vera sveigjanleg og þau skref sem tekin eru ekki stærri en svo að allir ráði við þau og séu sammála um hvað þau þýða. Það að setja í áætlun að „bæta eigi uppeldisaðstæður barnsins“ getur auðveldlega orðið loðið og skilningur foreldris og starfsmanns á því hvað eigi að bæta orðið afar ólíkur. Til að forðast þetta þarf að taka fram hvað það er sem þarf að bæta, t.d. að byrja á að koma reglu á útvistar- og svefntíma barnsins og hvernig á að breyta þessu. Tímanlega áður en áætlun rennur út þarf að meta hvort markmiðum hennar hafi verið náð, hvort þörf sé á áframhaldi stuðningi og úrræðum og undirbúa og gera nýja áætlun ef þörf krefur.

Í þeim tilvikum sem aðilum utan fjölskyldunnar er ætlað ákveðið hlutverk, eins og t.d. skóla, getur verið nauðsynlegt að funda sérstaklega með t.d. kennara, foreldrum og barni til að gera sér grein fyrir hvort skólinn geti veitt umbeðinn stuðning eða komið inn í líf barnsins á einhvern annan hátt. Þannig verður einnig skýrt hvaða væntingar eru til skólans um leið og hann tekur þátt í að breyta aðstæðum og líðan barnsins.

Hafa ber í huga að hvert barn er sérstakt mál. Af þessu leiðir að þegar þörf er á stuðningi barnaverndarnefndar gagnvart fleiri en einu barni í sömu fjölskyldu er gerð ein áætlun fyrir hvert barn. Þannig verður einnig auðveldara að horfa á þarfir hvers barns fyrir sig og þau atriði sem foreldri og/eða aðrir þurfa að sinna sérstaklega fyrir hvert barn þó svo að aðrir þættir verða e.t.v. samhljóða.

12.3 Innihald áætlunar um stuðningsúrræði

- nafn barns, kennitala og heimilisfang
- nafn forsjáraðila, kennitala og heimilisfang
- niðurstaða könnunar
- markmið áætlunar
- hlutverk barns
- hlutverk forsjáraðila
- hlutverk annarra
- hlutverk barnaverndarnefndar
- hvenær og hvernig skuli meta árangur
- tími sem áætlun á að vara

Áætlunin á að vera skrifleg og undirrituð af foreldri, barni ef við á og starfsmanni barnaverndarnefndar.

Sýnishorn af eyðublaði sem nota má við gerð áætlunar er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu, <http://www.bvs.is/files/file401.doc>

12.4 Einhliða áætlun um beitingu þvingunar

Þó að meginreglan í barnaverndarstarfi sé að ná samstarfi við aðila málsins um það sem gera þarf tekst það ekki í öllum tilvikum. Hafa ber í huga að barn sem orðið er 15 ára er stundum sjálft aðili að máli, þannig að í þeim tilvikum þarf að nást samvinna við bæði foreldra og barn og ekki nægjanlegt að aðeins foreldri sé samþykkt tillögum um stuðning og tilbúið að vinna að áætlun. Náist ekki samkomulag um gerð áætlunar um stuðning skal barnaverndarnefnd semja einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu þvingunarúrræða samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaganna. Þessa áætlun þarf að kynna foreldrum, og barni ef við á, og þeim gefast tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Ef barnaverndarnefnd telur ekki uppfyllt skilyrði til að beita þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í lögnum ber að loka málinu.

12.4.1 Innihald einhliða áætlunar um beitingu þvingunar

- nafn barns, kennitala og heimilisfang
- nafn forsjáraðila, kennitala og heimilisfang
- niðurstaða könnunar
- þær áætlanir um stuðning sem kunna að hafa verið gerðar og mat á árangri
- með hvaða hætti reynt hefur verið að gera áætlun um stuðning
- tillögur um beitingu tiltekinna þvingunarúrræða sem nauðsynlegt þykir að grípa til.

12.5 Áætlun um umsjá barns í fóstri eða vistun utan heimilis

Ef ráðstöfun barnaverndarnefndar felur í sér að barn eigi að fara af heimilinu og á fóstur- eða meðferðarheimili skal gera skriflega áætlun um að tryggja umsjá barnsins. Þetta á við hvort heldur ráðstöfunin er gerð með samþykki foreldris og barns, ef við á, eða ef beitt er þvingun. Atriði sem koma þurfa fram í þessari áætlun eru:

- hvers konar vistun er fyrirhuguð
- tímalengd vistunar
- markmið vistunar
- stuðningur við barnið meðan á vistun stendur
- stuðningur við aðra svo sem fósturforeldra meðan á vistun stendur
- annað sem máli skiptir

Þetta er ekki sama áætlunin og gerð er um meðferð málsins sbr. 23. gr. bvl. þar sem þessi áætlun snýr eingöngu að umsjá barnsins meðan á vistun stendur.

Barnaverndarstofa hefur gefið út *Staðla fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda* sjá <http://www.bvs.is/media/skjol/file937.pdf>

12.6 Mál ungmennis 18-20 ára

Samkvæmt 3. gr. bvl getur barnaverndarnefnd ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna geti haldið eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Gert er ráð fyrir að fyrst og fremst muni reyna á þetta ákvæði ef ráðstöfun felst í vistun barns utan heimilis, svo sem ef barn er í fóstri þegar það verður 18 ára eða í vistun á meðferðarheimili. Rétt er að barnaverndarnefnd taki frumkvæði að því að meta þörf barns fyrir áframhaldandi ráðstöfun við þessar

aðstæður og er hér um að ræða faglegt mat á þörf fyrir áframhaldandi tilfinningalegan og faglegan stuðning. Slík ráðstöfun er háð samþykki ungmennis og allt samráð við foreldra og aðra er háð samþykki ungmennisins. Ef um er að ræða úrræði á vegum ríkisins tekur Barnaverndarstofa ákvörðun að fenginni umsókn barnaverndarnefndar. Leitað er umsagnar meðferðarheimilis og lagt mat á hvort barn hafi ríka þörf fyrir sérhæfða meðferð af því tagi sem veitt er á meðferðarheimili og sem barnið er talið geta nýtt sér.

Ef um áframhaldandi ráðstöfun er að ræða þá er rétt að barnaverndarnefnd geri áætlun um stuðningsaðgerðir í samvinnu við viðkomandi ungmenni.

13. Stuðningsúrræði

VI. kafli bvl. nr. 80/2002

Reglug. nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga skv. bvl.

Reglug. nr. 804/2004 um fóstur

Í áætlun um stuðningsúrræði þarf að koma fram hvert markmiðið með afskiptunum eigi að vera og þá um leið markmiðið með stuðningsúrræðum. Greining þarf að vera góð og markviss og orðalag þess sem á að breyta/bæta sömuleiðis. Mikið er til af fræðibókum um almennar þarfir barna og um leið þær kröfur sem verður að gera til getu foreldra auk þátta sem geta haft áhrif á foreldrahæfni og er hér bent á nokkrar þeirra¹². Flest þau mál sem barnaverndarnefndir eru að fást við varða vanrækslu en eitt einkenni þeirra er að vanrækslan hefur oftast staðið yfir í langan tíma og gera má ráð fyrir að barnið og fjölskylda þess þurfi stuðning í langan tíma, um leið og stöðugt er í gangi mat á því hvernig stuðningurinn gagnist barninu. Þá þarf stuðningurinn

¹² Cleaver, H., Unell, I., Aldgate, J. (1999) *Children's needs – parenting capacity The impact of parental mental illness, problem alcohol and drug use, and domestic violence on children's development*. The stationery office

Lagerberg, D., (2001) *Risk och prognos i socialt arbete med barn. Forskningsmetoder och resultat*. Forlagshuset Gothia

Reder, P. and Lucey, C. (red) (2002) *Assessment of parenting psychiatric and psychological contribution*. Routledge

Howe, D., Brandon, M., Hinings, D. and Schofield, G. (1999) *Attachment theory, child maltreatment and family support*. Macmillan Press

Skytte, M. (2007) *Etniske minoritets familier og socialt arbejde*. Hans Reitzels forlag

Llewellyn, G., Traustadóttir, R., McConnell, D. og Sigurjónsdóttir, H.B. (2010) *Parents with Intellectual Disabilities*. Wilwy-Blackwell

einnig að taka mið af áhættuþáttum í umhverfi barnsins¹³. Í þriðja lagi þarf stöðugt að meta hvaða árangri stuðningurinn skilar. Fáar rannsóknir liggja fyrir um það hver árangurinn af stuðningsúrræðum barnaverndarnefnda er hér á landi.¹⁴ Þó er ýmislegt sem bendir til þess að eitt af því sem skorti sé ákveðin samfella í aðgerðum, þ.e. að eitt úrræði taki við af öðru. Þetta kemur m.a. fram í rannsókn dr. Sigrúnar Júlíusdóttur um hálandishópinn.¹⁵ Í rannsókn sem félagsráðgjafanemar gerðu í Reykjavík á upplifun á stuðningsúrræðum, tilsjón og persónulegri ráðgjöf er einnig fjallað um þörfina á því að þeir sem sinni stuðningsúrræðunum fái leiðbeiningar og handleiðslu á verkefni sitt.¹⁶ Framangreind atriði þarf öll að hafa í huga þegar verið er að velta fyrir sér hvaða stuðningsúrræði eigi við á ákveðnum tíma fyrir ákveðið barn.

Í barnaverndarlögunum eru úrræði annars vegar flokkuð eftir því hvort veita eigi stuðninginn til barnsins og/eða fjölskyldu inn á heimili barnsins eða utan þess með því að fóstura barnið eða vista á meðferðarheimili. Hins vegar eru úrræði flokkuð eftir því hvort um samstarf við foreldra og/eða barn, þegar við á, sé að ræða eða hvort beita þurfi þvingun. Hafa ber í huga að þau úrræði sem talin eru upp í lögunum eru aðeins dæmi um þann stuðning sem barnaverndarnefndir eiga að hafa til staðar.

Barnaverndarnefnd getur og þarf ávallt að skoða hvort stuðningur af öðrum toga myndi gagnast barninu og þannig leitast við að smíða viðeigandi úrræði kringum hvert einstakt barn en ekki bara leita eftir úrræðum sem fyrirfram hafa verið búin til. Vegna þess hve samsettur, flókinn og langvarandi vandinn er oft hjá börnum og fjölskyldum þeirra í barnaverndarmálum og hvað vandinn snertir marga fjölskyldumeðlimi er sjaldnast nægjanlegt að beita aðeins einu úrræði, heldur þarf að skoða hvernig þau spila saman og hvernig síðan eitt úrræði tekur við af öðru.

¹³Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2005) *Risk Factors for Repeatet Child Maltreatment in Iceland An ecological approach*. University of Iceland Press

¹⁴Anni G. Haugen (2004) *Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvöðrunarferlið. Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn*. Barnaverndarstofa

¹⁵Sigrún Júlíusdóttir (2002) *Ævintýri á fjöllum Rannsókn á reynslu unglínga af starfi með Hálandishópnum á tímabilinu 1989 – 2000*. Háskólaútgáfan

¹⁶Dögg Hilmarsdóttir og Erla Hallgrímsdóttir (2001) *Upplifun á stuðningsúrræðum, tilsjón og persónulegri ráðgjöf*. Óbirt verkefni í félagsráðgjöf við HÍ

Jón Björnsson (2008) *Afdrifakönnun hjá unglíngum á meðferðar- og skólaheimilinu Háholti*. Barnaverndarstofa

Elísabet Karlsdóttir ritstj. (2012) *Afdrif barna sem dvöldu á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 200-2007*. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

Anna Kristín Newton og Elín Hjaltadóttir (2012) *Þjónusta Barnahúss: reynsla barna og ungmenna af skýrslutöku og meðferð árin 2007-2009*. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

13.1 Samningur bvn. um stuðning eða beitingu úrræðis

Eins og áður sagði er áætlun um stuðningsaðgerðir fyrst og fremst gerð í samvinnu við foreldri og barn eftir atvikum en stundum einnig að einhverju leyti í samvinnu við þann sem tekur að sér að veita stuðning. Til viðbótar við þetta þá þarf barnaverndarnefnd alltaf að gera sérstakan samning við hvern þann sem tekur að sér að veita barni og/eða fjölskyldu stuðning skv. 24. gr. og XIV. kafla barnaverndarlaga, t.d. tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa, stuðningsfjölskyldu, sálfræðing eða aðra sem veita meðferð eða heimili sem tekur barn í vistun í skamman tíma sbr. 5. gr. reglug. nr. 652/2004. Í slíkum samningi koma að einhverju leyti fram þau atriði sem fjallað er um í áætlun um stuðning en í samningum er einnig að finna ákvæði um réttarstöðu barnaverndarnefndar og þess sem veitir þjónustu sérstaklega.

Í hverjum samningi skal tilgreina meðal annars:

- nafn þjónustuþega
- skilgreiningu og markmið með úrræði
- tíma sem úrræði er ætlað að vara, starfshlutfall og vinnuskyldu eftir því sem við á
- stuðning við barn og þann sem tekur að sér að veita þjónustu meðan úrræði varir
- samráðsfundi
- skýrslugerð, skráningu, varðveislu og skil persónuupplýsinga eftir því sem við á
- umgengni barns við foreldra og aðra nákomna þegar það á við
- greiðslur
- þagnarskyldu
- uppsagnar- og endurskoðunarákvæði.

Sá sem tekur að sér að veita þjónustu skal haga störfum sínum í fyllsta samræmi við þarfir barns og stuðla að alhliða þroska og heilbrigði barnsins í samræmi við markmið með úrræðinu. Viðkomandi á rétt á að fá þær upplýsingar um barn og fjölskyldu sem nauðsynlegar eru til að gera honum kleift að sinna hlutverki sínu. Allir sem taka að sér að veita þjónustu skv. ákvæðum barnaverndarlaga eru bundnir trúnaði um hagi barns, foreldra og annarra sem koma að máli.

Þá er rétt að minna á að óheimilt er að fela nokkrum að veita barni eða fjölskyldu þjónustu skv. ákvæðum barnaverndarlaga ef við komandi hefur hlotið refsidóm vegna brota á XXII. kafla almennra hegningarlaga (um kynferðisbrot) ef brot hefur beinst gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri.

13.2 Stuðningur inn á heimili skv. 24. gr. bvl.

Alla jafna er fyrsti stuðningurinn við barn og/eða fjölskyldu þess veittur inn á heimili barnsins. Á þann hátt verður minnst röskun á högum barnsins, auk þess sem það er í því umhverfi sem gera má ráð fyrir að það eigi eftir að alast upp í.

13.2.1 Leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns

Þetta er úrræði sem stundum er notað eitt sér, en einnig oft til viðbótar við ýmis önnur úrræði. Til grundvallar liggur niðurstaða könnunar og þessu úrræði, eins og öðrum, þarf að marka ákveðinn tíma og gera ráð fyrir að meta árangurinn. Sá sem veitir leiðbeiningarnar þarf að hafa góða þekkingu á uppeldismálum og vera búinn að skapa það traust sem nauðsynlegt er til að foreldrið geti nýtt sér leiðbeiningarnar. Gera má ráð fyrir að leiðbeiningarnar séu oftast hluti af fjölskylduráðgjöf eða félagslegri ráðgjöf við fjölskylduna og geta falist í reglulegum viðtölum við foreldra eða barn þann tíma sem áætlunin varir. Telji nefnd sig ekki vera í stakk búna til að sinna þessu hlutverki, annað hvort vegna þess að fagþekkingu vanti eða vegna vinnuálags, er unnt að semja við sérfræðinga í einstökum málum, sbr. 14. gr. bvl.

13.2.2 Stuðla að því í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir að beitt verði úrræðum samkvæmt öðrum lögum

Vitað er að stór hluti þeirra fjölskyldna sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af eru fátækar fjölskyldur og/eða fjölskyldur þar sem annað eða báðir foreldrar eru öryrkjar¹⁷. Ein forsendan fyrir því að takist að breyta aðstæðum barnsins og styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar getur verið að leita leiða til að barn komist á leikskóla, tryggja fjölskyldunni öruggt húsnæði, stuðla að bættum fjárhag hennar o.fl. Þessi úrræði eru ekki á höndum barnaverndarnefndar en nefndin getur oft aðstoðað

¹⁷ Freydís J. Freysteinsdóttir (2005) *Risk Factors for Repeated Child Maltreatment in Iceland An ecological approach* University of Iceland Press

fjölskylduna við að leita réttar síns eða stutt umsóknir um stuðning úr öðrum kerfum, svo sem frá Tryggingastofnun og félagsþjónustu bæði skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Hlutverk barnaverndarnefndar er þá m.a. að tryggja að foreldrar sækji um og nýti sér þá þjónustu sem talin er nauðsynleg fyrir barnið.

13.2.3 Útvega barni viðeigandi stuðning eða meðferð

Hér er átt við annan stuðning en þann sem fram kemur í d-lið 24. gr., svo sem viðtöl hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingi t.d. sálfræðingi eða félagsráðgjafa, sérstakan stuðning sem tengist námi eða stuðla að því að barnið komist í frekari greiningu og meðferð t.d. á barnageðdeildum og Greiningar- og ráðgjafarastöð ríkisins. Undir þetta fellur einnig að útvega barni sumardvöl.

13.2.4 Útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu

- **Tilsjónarmaður:** Samkvæmt 22. gr. reglug., nr. 652/2004 er með tilsjónarmanni átt við einstakling sem fenginn er á vegum barnaverndarnefndar, fyrst og fremst til að aðstoða foreldra við að sinna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag og þörfum barns. Lögð er áhersla á að ganga þurfi frá ráðningu tilsjónarmanns á formlegan hátt sbr. 24. gr. sömu reglugerðar og í 25. gr. er að finna ákvæði um réttindi hans og skyldur.

Engar formlegar menntunarkröfur eru gerðar til tilsjónarmanna. Gert er ráð fyrir að sá sem taki að sér þetta starf hafi ákveðna þekkingu og mögulega reynslu af starfi með börnum og fjölskyldum, sé góður hlustandi og hafi hæfileika til að leiðbeina og miðla þekkingu. Stundum má finna heppilegan tilsjónarmann í umhverfi fjölskyldunnar. Nokkrar barnaverndarnefndir hafa farið þá leið að ráða tilsjónarmann í fasta stöðu sem síðan sinnir nokkrum fjölskyldum og enn aðrir hafa ráðið ákveðinn hóp fólks sem sinnir störfum tilsjónarmanna og velja síðan þann úr hópnum sem best er talinn geta stutt viðkomandi fjölskyldu.

Þegar ákveðið er að styðja fjölskylduna með því að fá tilsjónarmann þarf að ákvarða hvert hlutverk hans er í hverju tilviki og tryggja þarf að öllum sé það ljóst þ.e. foreldrum, barninu sjálfu eftir því sem við á og tilsjónarmanninum. Jafnframt þarf öllum að vera ljóst að koma tilsjónarmanns inn á heimili sé liður í stuðningsúrræðum barnaverndarnefndar og að hann þurfi að skila skýrslum til nefndarinnar um starf sitt. Tilsjónarmanninum er ætlað að vera inni á heimili fjölskyldunnar þar sem siðir, venjur, viðhorf og samskiptamynstur kunna að vera mjög ólík því sem hann á að venjast. Tilsjónarmaðurinn þarf að hafa möguleika á að ræða vinnu sína og vangaveltur sem henni tengjast við barnaverndarstarfsmann, fá reglulega leiðsögn og handleiðslu og tryggja að markmið vinnunnar séu ætíð í forgrunni. Í áætlun um meðferð málsins þarf að koma fram í hve langan tíma tilsjónarmaður eigi að koma inn á heimilið og hvenær eigi að meta reynsluna af starfinu og hvort markmiðum sem sett hafa verið sé náð. Úrræðið var skoðað árið 2011 sem lokaverkefni til MA-prófs í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.¹⁸

- **Persónulegur ráðgjafi:** Samkvæmt 23. gr. reglug. nr. 652/2004 er með persónulegum ráðgjafa átt við einstakling sem fenginn er á vegum barnaverndarnefndar til að veita barni ráðgjöf og leiðbeiningar í þeim tilgangi að styrkja barnið félagslega og tilfinningalega svo sem í sambandi við tólmstundir, menntun og vinnu. Þá er einnig tekið fram að samband persónulegs ráðgjafa og barns byggist á gagnkvæmu trausti og vinsemd. Lögð er áhersla á að ganga þurfi frá ráðningu persónulegs ráðgjafa á formlegan hátt sbr. 24. gr. sömu reglugerðar og í 25. gr. er að finna ákvæði um réttindi hans og skyldur.

Engar formlegar menntunarkröfur eru gerðar til persónulegs ráðgjafa. Starf hans snýst fyrst og fremst að barninu sjálfu og því þarf viðkomandi að hafa gaman af því að vera með börnum, þekkja áhugamál þeirra og geta hlustað á og tekið þátt í því sem þau eru upptekin af. Um leið þarf hann að geta leiðbeint

¹⁸ María Gunnarsdóttir (2011) *Stuðningsúrræðið tilsjón í barnaverndarmálum*. Óbirt MA-ritgerð
Margrét Þórarinsdóttir (2011) *Tilsjón, tilgangur og markmið í barnaverndarstarfi*. Óbirt MA-ritgerð

og hjálpað barni við að kynnast nýjum/öðrum tómstundum og rætt um það sem barnið er upptekið af og vill breyta.

Við gerð áætlunar þar sem gert er ráð fyrir persónulegum ráðgjafa þarf barnið að vera virkur þátttakandi þannig að hugmyndir þess um hverju það vilji breyta og hvernig komi skýrt fram. Við val á persónulegum ráðgjafa þarf að hafa þessi markmið í huga og ef hægt er velja einhvern sem barnið annað hvort þekkir og treystir eða sem hefur einhverja þá eiginleika sem barninu finnist eftirsóknarverðir og geti skapað traust.

Um persónulega ráðgjafa gildir það sama og tilsjónarmenn, þeir þurfa sjálfir að fá stuðning og leiðbeiningar um starf sitt hjá barnaverndarstarfsmanni. Aðeins á þann hátt er hægt að tryggja að markmiðum starfsins sé fylgt en einnig getur skipt sköpum að persónulegi ráðgjafinn fái möguleika á að ræða sínar tilfinningar og upplifanir af starfinu.

- **Stuðningsfjölskylda:** Samkvæmt 26. gr. reglug. nr. 652/2004 er með stuðningsfjölskyldu átt við aðila sem er fenginn á vegum barnaverndarnefndar fyrst og fremst til að taka á móti barni, eða í sumum tilvikum barni og foreldrum, á einkaheimili í því skyni m.a. að tryggja öryggi barnsins, létta álagi af því og fjölskyldu þess og leiðbeina foreldrum og styðja þá í uppeldishlutverkinu. Þar kemur einnig fram að heimilt sé að vista barn hjá stuðningsfjölskyldu í allt að sjö daga samfelld. Nánari ákvæði er tengjast umsóknum, skilyrðum o.fl. er einnig að finna í VI. kafla reglugerðarinnar.

Hugtakið “stuðningsfjölskylda” er einnig að finna í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Það þarf því að vera ljóst á hvaða lagagrunni verið er að veita barninu og fjölskyldu þess stuðningsfjölskyldu. Þegar um er að ræða úrræði á vegum barnaverndarnefndar gerist það á grundvelli niðurstöðu könnunar og sem liður í áætlun um stuðningsúrræði. Þá er einnig vakin sérstök athygli á því hvernig ganga á frá leyfi til stuðningsfjölskyldna sem vinna fyrir barnaverndarnefndir sbr. fyrrnefnd ákvæði reglugerðar nr. 652/2004.

Stuðningsfjölskyldan þarf að vera tilbúin að taka barnið og í sumum tilvikum foreldri líka inn á heimili sitt til dvalar í ákveðinn tíma í einu. Eins og þegar

beitt er öðrum úrræðum þarf markmiðið með starfinu að vera öllum ljóst. Starf stuðningsfjölskyldunnar krefst þess að hún myndi nán tengsl við barnið (og í sumum tilvikum fjölskylduna alla), kynnist gleði þess og sorgum og oft á tíðum erfiðum upplifunum og reynslu. Markviss handleiðsla er því nauðsynleg um leið og meta þarf reynsluna af starfinu með það í huga að sjá hvort stuðningurinn sé að ná tilætluðum árangri eða hvort breyta þurfi áherslum í starfinu með barnið. Úrræðið var skoðað árið 2011 sem lokaverkefni til MA-prófs í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.¹⁹

13.2.5 Aðstoða foreldra eða þungaða konu við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála

Einn liður í áætlun máls er oft á tíðum sá að foreldri leiti sér meðferðar. Ef ekki er hægt að fá viðeigandi meðferð þar sem foreldri býr þarf að meta hvort barnaverndarnefnd aðstoði foreldri við að leita sér meðferðar annars staðar eða hvort hægt er að stuðla að því að fá sérfræðing á staðinn sem sinnt getur viðeigandi meðferð. Löggin leggja áherslu á samstarf barnaverndarnefnda við meðferðarstofnanir vegna áfengis- og vímuefnavandamála, geðdeildir og göngudeildir þeirra svo og aðra sem veita geðlæknisfræðilega og sálfræðilega meðferð. Þá tekur vistheimilið Hamarskot á móti þunguðum konum sjá nánar í kafla um úrræði Barnaverndarstofu.

13.3 Stuðningur með vistun barns utan heimilis skv. 25. gr. bvl.

Ástæður vistunar utan heimilis geta verið fjölmargar. Stundum er um að ræða ósk um að gera sérstaka athugun á barninu og/eða samskiptum barnsins og foreldranna. Í öðrum tilvikum getur þurft að finna umönnunaraðila fyrir barnið á meðan foreldri er í meðferð eða getur ekki haft barnið hjá sér tímabundið. Ástæða er til að undirstrika að vistun utan heimilis ber almennt ekki að nota nema þegar aðrar og mildari stuðningsaðgerðir hafa ekki skilað nægilegum árangri eða ef tryggja þarf öryggi barnsins.

¹⁹ Anna Ingibjörg Opp (2011) *Stuðningsfjölskyldur í Reykjavík. Umfang, markmið, framkvæmd og málalok*. Óbirt MA-ritgerð

Vistun utan heimilis er mikil og afdrifarík ákvörðun fyrir barnið, jafnvel þó henni sé aðeins ætlað að standa í skamman tíma. Barnið er tekið úr því umhverfi sem það þekkir og frá foreldrum og vinum, það þarf að aðlagast nýjum aðstæðum, kynnst nýju fólki og samskiptareglur og kröfur umhverfisins verða aðrar. Könnunin sem liggur til grundvallar þeirrar ákvörðunar að vista barnið utan heimilis þarf m.a. að gefa skýra og góða mynd af þörfum barnsins og hvað leggja beri áherslu á í stuðningi við það meðan á vistun stendur. Ýmsar rannsóknir sýna t.d. að til þess að vistun barns á meðferðarheimili skili árangri þarf að vera búið að gera góða greiningu á vanda barnsins og meðferðin sem boðið er uppá þarf að vera byggð á traustum faglegum grunni og mæta þörfum barnsins²⁰. Einnig hefur verið sýnt fram á að mikill og markviss stuðningur inn á heimili barnsins er oftast en ekki vænlegri til árangurs.²¹

Þegar barn er vistað utan heimilis þarf að gera sérstaka áætlun um trygga umsjá barnsins sbr. 33. gr. bvl. Nánar er fjallað um þessa áætlun í kafla 12.5 um áætlun. Þá ber að hafa til hliðsjónar *staðla fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda* sem Barnaverndarstofa hefur gefið út sjá www.bvs.is.

13.3.1 Ráðstöfun barns í fóstur

Upplýsingar um ráðstöfun barns í fóstur, hvort heldur sem er tímabundið eða varanlegt, með samþykki eða án samþykkis foreldris og/eða barns er að finna í kafla 18 um fósturmál. Nokkur lokaverkefni til BA og MA prófs við Háskóla Íslands fjalla um fósturmál.²²

²⁰ Tore Andreasen (2003) *Behandling av ungdom i institusjoner Hva sier forskningen?* Kommuneforlaget

²¹ Tore Andreasen (2003) *Behandling av ungdom i institusjoner Hva sier forskningen?* Kommuneforlaget

²² Helga Fríður Garðarsdóttir (2010) Fósturráðstafanir barna, umfang og fagmennska. Óbirt BA-ritgerð
Heiðrún Ósk Ólafsdóttir (2010) Barnavernd á Íslandi: ráðstöfun barna í fóstur og aðilar fóstursamninga frá lagalegu sjónarhorni. Óbirt MA-ritgerð

Hildur Aðalsteinsdóttir (2011) Undirbúningur og stuðningur við fósturfóreltra. Óbirt BA-ritgerð

Rannveig Anna Guðmundsdóttir (2011) Eftirlit með fósturbörnum. Óbirt BA-ritgerð

Guðfinna Jakobsdóttir (2012) Fjölbreytileiki í hlutverki fósturfóreltra. Undirbúningur og stuðningur.

Óbirt BA-ritgerð

Íris Lind Björnsdóttir (2012) Menntun fósturbarna. Óbirt BA-ritgerð

Silja Rós Guðjónsdóttir (2012) „Ég myndi vilja sjá miklu meiri stuðning en þann sem hefur verið fyrir hendi.“ Óbirt MA-ritgerð

13.3.2 Vistun barns á stofnun eða heimili

Upplýsingar um vistun barns á stofnun eða heimili á vegum ríkisins, hvort heldur sem er með eða án samþykkis foreldris og/eða barns er að finna í kafla um heimili, stofnanir og önnur úrræði á ábyrgð sveitarfélaga og í kafla 17 um meðferðarheimili.

13.4 Samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri

Í 25. gr. bvl. er kveðið á um á heimildir barnaverndarnefndar til að taka við forsjá barns eða umsjá þess og ráðstafa barni í fóstur, á meðferðarheimili eða á annan stað sem hentar þörfum þess.

Þegar barnaverndarnefnd tekur við forsjá eða umsjá barns á grundvelli fyrirnefndrar greinar þarf að gæta að því að það sé gert skriflega sbr. 48. gr. bvl. Samþykkið þarf að vera undirritað og vottað af tveimur mönnum sem staðfesta að bæði barni og foreldrum hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins.

13.5 Heimili og stofnanir á ábyrgð sveitarfélaga sbr. 84. gr. bvl.

Í 84. gr. bvl. kemur fram að barnaverndarnefndir skuli hafa tiltæk úrræði til að veita börnum móttöku, hvort heldur sem er í bráðatilvikum eða til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna. Nánar er fjallað um skilyrði slíkra heimila, leyfisveitingar o.fl. í VII. kafla reglug. nr. 652/2004. Með *heimili/stofnun* er átt við úrræði sem barnaverndarnefnd setur á laggirnar og ætlað er að starfa í lengri tíma með skipulögðum hætti. Hér er t.d. átt við vistheimili eða sambyli þar sem ráðið er ákveðið starfsfólk og markmið starfseminnar eru skýr. Með *öðru úrræði* er átt við að ákveðnum aðilum, vistforeldrum, er falið að taka við barni til dvalar í ákveðinn tíma. Hér getur verið um að ræða ættingja, svo sem forsjárlaust foreldri, afa og ömmu o.fl. eða aðila sem barnið þekkir ekki. Vistun af þessu tagi er að jafnaði ekki ætlað að standa lengur en þrjá mánuði.

Umsóknir um þessi úrræði þarf að senda til Barnaverndarstofu og er fjallað um þær hér að neðan.

Oftast nær á vistun barns sér einhvern aðdraganda þannig að tími gefst til að undirbúa barnið fyrir vistunina, sækja um leyfi fyrir úrræðinu til Barnaverndarstofu og undirbúa vistforeldra. Hins vegar getur komið fyrir að ekki gefist tími til að vinna málið á þennan hátt því barnið þarf fyrirvaralaust á vistun að halda. Heimilt er skv. 44. gr. reglug. að vista börn í undantekningartilvikum áður en leyfi Barnaverndarstofu liggur fyrir. Í þeim tilvikum þarf að senda Barnaverndarstofu tilkynningu um vistunina á sérstöku eyðublaði sem er að finna hér <http://www.bvs.is/media/skjol/file366.pdf> Athuga þarf sérstaklega að í þessum tilvikum skal senda umsókn um leyfi skv. 84. gr. bvl. ásamt öllum gögnum til Barnaverndar innan 7 daga frá því að vistun hefst eða beiðni um fósturheimili ef viðkomandi hefur áður hlotið leyfi Barnaverndarstofu til að taka börn í fóstur. Nánari leiðbeiningar um umsóknir til Barnaverndarstofu er að finna í kafla 19.6.1.

14. Þvingunarúrræði

26. – 29. gr. l. nr. 80/2002

2. mgr. 30. gr., 2. mgr. 34. gr. og 37. gr. l. nr. 80/2002

VIII., XI. og XII. kafli bvl.

VII. kafli reglug. nr. 56/2004

Stjórnsýslulög nr. 37/1993

Bvl. heimila ákveðin þvingunarúrræði þegar talið er að hagsmunir barnsins verði ekki tryggðir á annan hátt.

14.1 Markmið þvingunarúrræða

Markmiðið með úrræði án samþykkis foreldra og/eða barns er að barn fái þann stuðning sem talinn er nauðsynlegur þrátt fyrir að forsjáraðilar og jafnvel barnið sjálft séu því andvíg. Í sumum tilvikum getur verið um að ræða að barnið óskar eftir ákveðnum stuðningi en foreldri sé andvígta því, eða öfugt, þ.e. að foreldrar óska eftir úrræði fyrir barn sitt en barnið, sem orðið er 15 ára, er því andvígta.

Hafa ber í huga að úrræði án samþykkis skal aldrei beita nema að vægari úrræði hafi verið reynd og ekki borið tilætlaðan árangur eða þá að sýnt þykir að vægari úrræði muni ekki duga. Stundum eru foreldrar reiðubúnir að samþykkja tiltekin úrræði, t.d.

ráðstöfun barns í fóstur í eitt ár, en ekki úrræði sem barnaverndarnefnd gerir tillögu um, svo sem að foreldri afsali sér forsjá svo unnt verði að ráðstafa barni í varanlegt fóstur. Barnaverndarnefnd verður í slíkum tilvikum að meta sérstaklega hvort vægara úrræði tryggi hagsmuni barnsins og mæti þörfum þess með viðunandi hætti. Ef ekki getur þurft að grípa til þvingunar.

Barnaverndarnefnd hefur heimild til að úrskurða um beitingu þvingunar í ákveðnum tilvikum sbr. 26. og 27. gr. bvl. en ef um er að ræða lengri vistun barns utan heimilis en 2 mánuði, sbr. 28. gr. eða forsjárviptingu sbr. 29. gr. þá þarf barnaverndarnefnd að leita til dómstóls. Barnaverndarnefnd getur einnig í öðrum tilvikum þurft að kveða upp úrskurð ef ekki næst samvinna við aðila máls, svo sem um umgengni við barn í fóstri eða á meðferðarheimili.

14.2. Neyðarráðstafanir

Meginregla barnaverndarlaga er sú að viðhafa skuli ákveðna málsmeðferð áður en gripið er til þvingunarúrræða, svo sem að leiðbeina aðilum, kynna þeim gögn og gefa þeim kost á að tjá sig. Ef ljóst þykir að barni stafi hættu af því að fara þessa leið er hægt að grípa strax til ráðstöfunar sbr. 31. gr. bvl. Þær ráðstafanir sem hér koma aðallega til skoðunar eru þær sem varða töku barns af heimili eða kyrrsetningu þess á stað þar sem það er. Hér geta þó komið til álita allar ráðstafanir barnaverndarnefnda sem annars þyrfti að úrskurða um, svo sem að stöðva för barns úr landi eða stöðva umgengni við barn í fóstri. Dæmi um aðstæður þar sem reynt getur á ákvæði um neyðarráðstöfun skv. 31. gr. eru t.d.:

- barnaverndarstarfsmaður er kallaður út með lögreglu á heimili þar sem er mikil vímuefnaneysla eða ofbeldi, barn er í reiðileysi og hefur þörf fyrir að komast í öryggi
- nauðsynlegt þykir að vista barn sem orðið er 15 ára með litlum fyrirvara, t.d. á neyðarvistun Stuðla
- barn er í vistun utan heimilis og annað hvort foreldri eða barnið sjálft, ef það er orðið 15 ára, afturkallar samþykki sitt fyrir vistun sem engu að síður er talin nauðsynleg

- nauðsynlegt þykir að fara með barn til sérstakrar rannsóknar eða skoðunar, t.d. í Barnahús vegna gruns um kynferðisofbeldi, og varasamt þykir að foreldri viti af því fyrr en um leið og það gerist eða um leið og rannsókn er lokið.

Formaður barnaverndarnefndar eða starfsmaður í umboði hans getur gripið til neyðarráðstöfunar. Mikilvægt er að fjalla um þetta í reglum barnaverndarnefndar um umboð starfsmanna skv. 14. gr. bvl. en formaður getur líka veitt starfsmanni umboð í tilteknu máli ef aðstæður krefjast. Um leið og ákvörðun er tekin, eða svo fljótt á eftir sem unnt er, þarf að kynna hana foreldri og barni ef við á og leiðbeina um framhaldið.

Eftir að gripið hefur verið til neyðarráðstöfunar verður barnaverndarnefnd að taka málið til meðferðar án tafar. Ekki er gert ráð fyrir að nefndin úrskurði sérstaklega um neyðarráðstöfunina sem slíka en mikilvægt er að fjalla um hana og færa hana til bókar ásamt þeim rökum sem lágu til grundvallar. Barnaverndarnefnd þarf einnig að horfa fram í tímann og meta hvort ástæða er til að grípa til frekari aðgerða og hefur nefndin 14 daga til að komast að niðurstöðu um þetta. Ef barnaverndarnefnd telur þörf fyrir áframhaldandi ráðstöfun, svo sem lengri vistun utan heimilis, þá er rétt að leitast við að gera skriflega áætlun um stuðningsúrræði. Náist ekki samkomulag um beitingu stuðningsúrræða verður barnaverndarnefnd að kveða upp úrskurð um frekari ráðstafanir innan 14 daga frá því að gripið var til neyðarráðstöfunar. Um undirbúning þess úrskurðar gilda hefðbundnar málsmeðferðarreglur. Ef úrskurður barnaverndarnefndar liggur ekki fyrir innan 14 daga fellur neyðarráðstöfun úr gildi.

14.3. Staða barnsins í þvingunarmálum

Vísað er til þess sem áður hefur verið sagt um samvinnu við barn en mikilvægt er að huga að þátttöku barns áður en gripið er til þvingunar með hliðsjón af aldri þess og þroska. Eins og áður hefur komið fram skal að jafnaði skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana sem fela í sér vistun barns utan heimilis og á þetta sérstaklega við þegar um þvingun er að ræða.

Eins og fram kemur í 46. gr. bvl. er barn sem orðið er 15 ára sjálft aðili að þegar um er að ræða vistanir utan heimilis, endurskoðun á þeim eða umgengni meðan barn er í fóstri eða á heimili eða stofnun, þ.e. ákvæði á grundvelli 25., 27., 2. mgr. 34., 74. og 81. gr. bvl.

Þegar um er að ræða tímabundna vistun barns utan heimilis er barn sem náð hefur 15 ára aldri aðili málsins með sama hætti og forsjáradili. Ef barn samþykkir ekki ráðstöfun sem barnaverndarnefnd telur nauðsynlega þarf að beita þvingun. Barn getur þá óskað eftir styrk til að greiða lögmannsaðstoð, barnið á rétt á að fá leiðbeiningar um málsmeðferð, réttindi og skyldur, barnið á rétt á gögnum og upplýsingum og barnið nýtur andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin. Þannig á barnið rétt á að mæta á fund barnaverndarnefndar ef um er að ræða ákvörðun skv. 27. gr. og úrskurð skal tilkynna barninu og benda á rétt til málskots. Ef um er að ræða lengri vistun þá beinist barnaverndarnefnd kröfu til dómstóls og krafan beinist að þeim sem samþykkir ekki vistunina. Ef foreldri samþykkir þá beinist krafan eingöngu að barninu og málið er rekið gegn barninu sem alla jafna nýtur lögmannsaðstoðar og hefur gjafsókn.

Sérregla gildir um aðkomu barna að forsjársviptingarmálum. Samkvæmt 55. gr. bvl. þá skal tilkynna barni um höfðun sviptingarmáls og gefa barninu kost á að gæta réttar síns. Er barninu heimilt að ganga inn í mál með meðalgöngustefnu en hér er um að ræða réttarfarsúrræði skv. lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði þar sem einstaklingi er heimilt að ganga inn í mál annarra ef úrslit þess skipta hann máli að lögum. Viðkomandi getur þá haft uppi kröfur um að dómur falli þannig að réttur hans verði verndaður. Ef 15 ára barn velur að gerast ekki aðili með þessum hætti að forsjársviptingarmáli skal engu að síður gefa barninu kost á að tjá sig um málið

14.4 Undirbúningur þvingunar - málsmeðferð

14.4.1 Úrskurður barnaverndarnefndar

Samkvæmt 14. gr. bvl. getur barnaverndarnefnd ekki framselt til starfsmanna sinna vald til að kveða upp úrskurði um þvingun. Ef ekki tekst að gera áætlun um fullnægjandi stuðningsaðgerðir þá semur barnaverndarstarfsmaður einhliða áætlun um beitingu þvingunar þar sem m.a. koma fram tillögur um beitingu tiltekinna þvingunarúrræða sem nauðsynlegt þykir að grípa til.

Einhliða áætlun um beitingu þvingunar þarf að kynna fyrir foreldrum, og barni ef við á, tímanlega fyrir þann fund barnaverndarnefndar þar sem ráðgert er að taka málið fyrir. Engin ákveðin tímamörk eru sett í þessum efnunum en leggja verður áherslu á að gefa aðilum eins mikið svigrúm og hægt er til að fara yfir áætlunina, leita sér aðstoðar og móta sín sjónarmið. Samkvæmt 18. gr. stjórnsýslulaga getur aðili á hvaða stigi málsmeðferðar sem er krafist þess að afgreiðslu málsins sé frestað þar til honum hefur gefist tími til þess að kynna sér gögn málsins og gera grein fyrir afstöðu sinni. Hér verður sem endranær að meta hvert mál fyrir sig og veita hæfilega fresti miðað við stöðu máls og hagsmuni barns.

Með áætlun um beitingu þvingunar þarf einnig almennt að láta fylgja afrit af öllum gögnum sem málið varða og koma til álita við úrlausn þess. Ef aðilar hafa áður fengið afrit gagna er óþarfi að láta þau fylgja nema sérstaklega sé óskað eftir því. Þá getur barnaverndarnefnd með rökstuddum úrskurði takmarkað aðgang aðila að tilteknum gögnum ef hún telur að aðgangur geti skaðað hagsmuni barns og samband þess við foreldra og aðra. Nefndin getur úrskurðað að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau séu afhent.

Ef að lögfræðingur á ekki sæti í barnaverndarnefnd þá er skylt að kalla til lögfræðing áður en kveðinn er upp úrskurður skv. 26. og 27. gr. bvl. Mikilvægt er að nefndarmenn reyni að undirbúa sig fyrir fund barnaverndarnefndar, m.a. með því að kynna sér þau mál sem tekin verða fyrir. Almennt á að ekki að fara með gögn barnaverndarmáls eða afrit þeirra út af starfsstöð barnaverndarnefndar en nefndarmönnum og starfsmönnum er það þó heimilt í skýrum og afmörkuðum tilgangi, m.a. til að undirbúa fund nefndar. Ef að þetta er gert verður hver og einn að gæta þess sérstaklega að óviðkomandi hafi ekki aðgang að gögnunum og sjá til þess að gögnum verði skilað aftur á starfsstöð svo fljótt sem verða má.

14.4.2 Styrkur til að greiða fyrir lögmannaástoð

Samkvæmt 2. mgr. 46. gr. bvl. skal barnaverndarnefnd veita foreldrum og barni sem er aðili máls fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannaástoð áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð. Í einhverjum tilvikum velja foreldrar að leita lögmannaástoðar fljótlegra eftir að barnaverndarmál fer í gang og spurning getur vaknað um rétt til að fá

styrk ef ekki er gripið til þvingunarúrræðis í málinu. Þótt foreldri geti þótt stuðningur af því að hafa lögmann sér til aðstoðar meðan mál er í könnun eða við gerð áætlunar um stuðningsúrræði er barnaverndarnefnd ekki skylt að veita styrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð í þessum tilvikum. Ef að niðurstaða könnunar felur hins vegar í sér tillögu um beitingu þvingunar eða gerð er einhliða áætlun um beitingu þvingunar þá er alla jafna rétt að gera ráð fyrir að unnt sé að sækja um styrk, jafnvel þó máli ljúki svo síðar með því að samvinna takist um stuðningsúrræði.

Styrk skal veita í samræmi við reglur sem barnaverndarnefnd setur og í reglunum skal taka tillit til efnahags foreldra, eðlis og umfangs málsins. Markmið þessa ákvæðis er að fjárhagur manna hindri þá ekki í að njóta lögmannsaðstoðar og verður mat á fjárhag viðkomandi að ráða mestu um hvort styrkur sé veittur og einnig hversu hár hann skuli vera. Þannig er óheimilt við ákvörðun styrks að meta hvort barnaverndarnefnd telji málarekstur þjóna hagsmunum barns eða ekki. Í reglum barnaverndarnefndar er óheimilt að takmarka rétt aðila til að fá styrk með því að krefjast þess að samið sé um fjárhæð fyrirfram eða með því að setja reglur um hámarksfjárhæðir styrks. Í reglunum skal einungis setja fram viðmið sem leiða til samræmis í framkvæmd og skilvirkni, svo sem um hvaða gögn eiga að fylgja umsókn um styrk. Barnaverndarnefnd verður svo að fjalla um hvert mál fyrir sig en grundvallaratriði við ákvörðun um fjárhæð styrks er mat á hæfilegu vinnuframlagi lögmanns við að gæta hagsmuna aðila í tilteknu máli. Við mat á því má kalla eftir rökstuðningi fyrir kröfu um ákveðinn styrk og almennum upplýsingum um í hverju vinnuframlag lögmannsins hafi verið fólgið. Rétt er að taka fram að styrkur er svo veittur aðilanum sjálfum sem sér um að greiða þann reikning sem lögmaður gerir aðila.

14.4.3 Frágangur úrskurðar

Samkvæmt 50. gr. bvl. skulu fjórir nefndarmann hið fæsta standa að úrskurði barnaverndarnefndar. Nefndarmenn sem ekki standa að úrskurði geta ýmist setið hjá við atkvæðagreiðslu eða skilað sératkvæði.

Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur og eftirfarandi atriði þurfa að koma fram:

- hvenær og hvar úrskurður er kveðinn upp og í hvaða máli
- hverjir eru aðilar málsins
- hvaða gögn liggja til grundvallar
- nákvæmir málavextir frá því að mál hófst
- stuðningsaðgerðir sem reyndar hafa verið og árangur þeirra
- áætlanir
- aðdragandi úrskurðar, þ.m.t. hvenær og hvernig einhliða áætlun var kynnt aðilum og sjónarmið þeirra ef þau liggja fyrir, undirbúningur fundar og önnur atriði um undirbúning þvingunar
- sjónarmið aðila
- forsendur og niðurstaða
- heimild til að skjóta úrskurði til kærunefndar barnaverndarmála eða heimild til að bera úrskurð skv. 27. gr. undir dómstól innan fjögurra vikna.

<http://www.velferðarraduneyti.is/kaerunefndir/barnaverndarmal/nr/323>

Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt.

14.4.4 Aðrar stjórnsluákvarðanir barnaverndarnefndar

Í barnaverndarlögunum er fyrst og fremst tekið fram að reglur um málsmeðferð eigi við þegar barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð. Í ýmsum öðrum tilvikum þarf jafnframt að gæta að almennum málsmeðferðarreglum, svo sem leiðbeiningarskyldu, réttar til aðgangs að gögnum og andmælaréttar. Sérstaklega er mikilvægt að benda aðilum á heimildina til að kæra ákvörðun til kærunefndar barnaverndarmála. Þetta á t.d. við um eftirfarandi ákvarðanir:

- ákvörðun um nafnleynd skv. 19. gr. bvl. og 13. gr. rg. nr. 56/2004
- ákvörðun um að loka barnaverndarmáli
- ákvörðun um styrk til foreldris til að greiða lögmannsaðstoð skv. 46. gr. bvl.
- synjun á beiðni nákomins ættingja um að taka barn í fóstur skv. 18. gr. reglug. nr. 804/2002 um fóstur.

14.5 Úrskurður dómstóls skv. 28. gr. bvl.

Samkvæmt 28. gr. bvl. getur barnaverndarnefnd gert kröfu um vistun barns fyrir dómi og héraðsdómur úrskurðað um vistun utan heimilis í allt að 12 mánuði í senn.

Ákvörðun um að leita til dómstóls er undirbúin með svipuðum hætti og úrskurður barnaverndarnefndar en nefnd getur ekki framselt til starfsmanns heimild til að ákveða þetta. Starfsmaður gerir því einhliða áætlun um beitingu þvingunar, aðilum er gefinn kostur á að mæta á fund nefndarinnar sem tekur svo ákvörðun um hvort hún telji skilyrði þvingunar uppfyllt.

Barnaverndarnefnd getur falið starfsmanni sínum og/eða lögmanni að hrinda ákvörðun í framkvæmd. Beint er skriflegri beiðni til héraðsdóms þar sem þarf að koma fram:

- nafn þess sem krafa beinist að, kennitala, lögheimili og dvalarstaður
- nafn forsjáaraðila ef krafa beinist að barni, kennitala, lögheimili og dvalarstaður
- hvaða krafa er gerð, t.d. um tímalengd vistunar
- lýsing á málsatvikum og rökstuðningur fyrir kröfum.

Beiðninni skulu svo fylgja nauðsynlegt gögn sem varpa ljósi á málið. Mikilvægt er að barnaverndarnefnd fylgi málinu vel eftir, t.d. með því að mæta við þinghöld í málinu. Sérstakar reglur um meðferð þessara mála er að öðru leyti að finna í XI., sbr. X. kafla bvl.

14.5.1 Málshöfðun skv. 29. gr. bvl.

Samkvæmt 29. gr. bvl. getur barnaverndarnefnd höfðað mál fyrir dómi og krafist þess að foreldri verði svipt forsjá barns síns. Ákvörðun um málshöfðun er undirbúin með svipuðum hætti og úrskurður barnaverndarnefndar og ákvörðun um að leita til dómstóls skv. 28. gr.

Gera má ráð fyrir að barnaverndarnefnd feli alltaf lögmanni að reka mál um forsjárviptingu. Mikilvægt er að undirstrika að barnaverndarstarfsmaður verður jafnframt að vinna málið áfram þrátt fyrir málshöfðun. Hér getur þurft að taka ýmsar ákvarðanir, t.d. um vistun barns meðan mál er rekið og um umgengni, nýjar tilkynningar geta borist sem þörf er á að kanna og alltaf þarf að vera vakandi fyrir

þeim möguleika að gera áætlun um stuðningsaðgerðir ef svigrúm skapast til að mæta þörfum barns með þeim hætti. Það er því nauðsynlegt fyrir barnaverndarnefnd að eiga nána og góða samvinnu við lögmann sem rekur forsjársviptingarmál allan tímann meðan málið er í gangi og að fylgjast vel með rekstri málsins, m.a. með því að mæta í þinghöld. Almennt gilda um þessi mál reglur laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði en sérstakar reglur um meðferð forsjársviptingarmála er að öðru leyti að finna í X. kafla bvl.

14.5.2 Ein ráðstöfun tekur við af annarri skv. 2. mgr. 28. gr. bvl.

Í barnaverndarlögunum er reynt að tryggja samfellu í vinnslu barnaverndarmáls. Í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt reynist að vista barn utan heimilis er mikilvægt að tryggja stöðugleika fyrir barnið og að rof verði ekki á vistun meðan verið er að taka ákvarðanir um framlengingu vistunar. Um þetta er m.a. fjallað í 2. mgr. 28. gr. laganna sem vísar bæði til framlengingar á úrskurðum barnaverndarnefnda og úrskurðum dómstóls. Til nánari skýringar:

- barnaverndarnefnd getur úrskurðað um vistun í allt að 2 mánuði skv. 27. gr.- ef bvn. leggur fram beiðni til dómstóls um framlengingu vistunar eða höfðar forsjársviptingarmál innan þess tíma þá helst ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir
- dómstóll getur úrskurðað um vistun í allt að 12 mánuði í senn skv. 28. gr. - ef bvn. grípur til áðurnefndra aðgerða áður en vistunartími er liðinn þá helst ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir.

14.5.3 Krafa um sviptingu sjálfræðis skv. 30. gr. bvl.

Ef könnun barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona stofnar heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu og nefndin telur að stuðningsúrræði komi ekki að gagni þá getur barnaverndarnefnd sett fram kröfu um sviptingu sjálfræðis konunnar í því skyni að koma henni til aðhlyningar og meðferðar á viðeigandi stofnun. Ákvörðun um að leita til dómstóls er undirbúin með svipuðum hætti og úrskurður barnaverndarnefndar. Um meðferð þessara mála gilda ákvæði lögræðisлага nr. 71/1997.

Áður en gripið er til þessa úrræðis er rétt að tryggja gott samstarf við það sjúkrahús eða stofnun sem óskað er eftir að konan vistist á. Þetta samstarf er oft viðkvæmt og til að árangur af ráðstöfuninni náist þarf að tryggja að barnaverndarnefnd og viðkomandi stofnun vinni að sama markmiði og að konan fái þá aðstoð sem talin er nauðsynleg fyrir hið ófædda barn.

14.5.4 Krafa um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann skv. 37. gr. bvl.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, getur nefndin krafist þess fyrir dómi að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn. Með sama hætti er hægt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef barnaverndarnefnd telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns. Hér er um að ræða víðtækari heimildir en lögregla hefur til að gera kröfu um nálgunarbann og mikilvægt að barnaverndarnefnd meti og grípi að eigin frumkvæði til þessa úrræðis ef það á við. Um málsmeðferðina gilda að öðru leyti ákvæði um nálgunarbann í lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

14.6 Þvingunarúrræði inn á heimili

Þau úrræði sem barnaverndarnefnd getur beitt inn á heimili barns gegn vilja foreldranna miða fyrst og fremst að því að tryggja öryggi barnsins eða tryggja að barnið fái ákveðna þjónustu. Úrræðin eiga við ef stuðningsúrræði hafa ekki skilað árangri eða barnaverndarnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi. Hafa ber í huga að sömu úrræðum er einnig hægt að beita ef samvinna næst um þau. Úrræði eru talin upp í 26. gr.

14.6.1 Eftirlit með heimili

Markmiðið með eftirliti á heimili getur verið að ganga úr skugga um hvernig umönnun og aðbúnaði barnsins sé háttáð og hvort aðstæður á heimilinu séu viðunandi. Eftirlit getur einnig farið fram utan heimilis t.d. á leikskóla eða skóla barnsins. Þegar ákvörðun er tekin um eftirlit þarf að vera ljóst að hverju eftirlitið á að

beinast og eins á hvern hátt það á að fara fram. Í þeim tilvikum sem eftirlit fer fram utan heimilis, má t.d. gera samkomulag við starfsmenn leikskóla um að þeir sinni því og veiti barnaverndarnefnd síðan upplýsingar um þau atriði sem hefur átt að hafa eftirlit með. Við ákvörðun um eftirlit þarf einnig að hafa í huga að eftirlitið eitt og sér veitir barni sem býr við erfiðar aðstæður takmakaða vörn þar sem tíðni eftirlitsins verður ætíð takmörkuð.

14.6.2 Fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, lækniþjónustu, rannsókn, meðferð eða þjálfun

Markmiðið með þvingunarákvörðun á þessum grundvelli er fyrst og fremst að reyna að tryggja að barn fái ákveðna þjónustu sem því er talin nauðsynleg. Um gæti verið að ræða lækniáðgerð eða meðferð sem foreldrar eru ósáttir við vegna eigin trúarskoðana eða annarra viðhorfa. Í síðastnefnda tilvikinu getur verið rétt að leita eftir mati annars sérfræðings á því hvort umrædd áðgerð sé nauðsynleg eða hvort hægt sé að veita barninu annars konar meðferð sem ekki stríðir gegn skoðunum foreldra. Hér er ekki um að ræða heimild til að taka barn úr umsjá foreldris heldur til að úrskurða um ágreining sem kann að vera uppi um þörf barns fyrir tiltekna umönnun. Í reynd þjóna slík fyrirmæli oft fyrst og fremst því markmiði að gefa foreldrum kost á að fara að fyrirmælum barnaverndarnefndar um tiltekin atriði áður en gripið er til harkalegri ráðstafana.

14.6.3 Ákvörðun um að ekki megi fara með barn úr landi

Þetta á við í tilvikum þar sem barnaverndarnefnd er að vinna að máli og foreldrar ákveða að flytja með barnið úr landi í aðstæður þar sem umönnun og aðbúnaður barns er ótryggur eða óviðunandi eða barnið jafnvel verið í hættu. Þetta á hins vegar ekki við þegar foreldri sem á í forsjárdeilu ætlar með barn úr landi. Í þeim tilvikum getur dómari í forsjármáli kveðið á um að ekki megi fara með barn úr landi sbr. 35. gr. barnalaga nr. 76/2003.

14.7 Þvingunarræði utan heimilis

Ef stuðningsúrræði hafa ekki skilað árangri eða eftir atvikum barnaverndarnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi og brýnir hagsmunir barns mæla með því getur barnaverndarnefnd hlutast til um vistun barns utan heimilis.

14.7.1 Úrskurður barnaverndarnefndar um vistun í allt að tvo mánuði

Heimild barnaverndarnefndar til að úrskurða um vistun í skamman tíma er að finna í 27. gr. bvl. og á við þegar ljóst þykir að barnið fái ekki viðunandi umönnun á heimili sínu, aðstæður þess séu óviðunandi eða það í hættu. Ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt þessari grein eru tímabundnar og ekki ætlað að standa lengur en tvo mánuði. Sá tími er einkum ætlaður til þess að hægt sé að gera þær athuganir á barninu og aðstæðum þess sem þarf til að unnt sé að meta og fara með málið fyrir dóm ef forsendur eru taldar vera fyrir hendi. Einnig getur þessi tími í einstökum tilvikum verið nægilegur til að bæta aðstæður og umönnun barnsins þannig að það geti snúið aftur á heimili sitt. Í 27. gr. er gerður greinarmunur á kyrrsetningu barns og töku barns af heimili:

➤ **Kveðið á um að barn skuli vera kyrrt á þeim stað þar sem það dvelst í allt að tvo mánuði**

Markmiðið með þessu ákvæði er að stuðla að stöðugleika í lífi barns. Hér er fyrst og fremst átt við þær aðstæður að foreldrar sem hafa samþykkt ráðstafanir skv. 1. mgr. 25. gr. skipta um skoðun og óska eftir að barnið sem er í fóstri eða meðferðarheimili komi aftur heim. Telji barnaverndarnefnd að hagsmunum barnsins sé best borgið með áframhaldandi vistun getur nefndin kveðið upp úrskurð en á þeim tíma er unnt að meta þarfir og stöðu barnsins frekar. Ef nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að hagsmunum barnsins sé best borgið með lengri dvöl en í tvo mánuði þarf hún að leita til dómstóls skv. 28. gr.

➤ **Kveðið á um töku barns af heimili í allt að tvo mánuði og um nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem ráðstöfun þess í fóstur eða vistun á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða til að tryggja öryggi þess eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barninu og veita því nauðsynlega meðferð og aðhlyningu**

Markmiðið með þessu ákvæði er að tryggja öryggi barns eða sjá til þess að barnið fái nauðsynlega meðferð og aðhlyningu. Hér getur verið um að ræða vistun barns í úrræði á ábyrgð sveitarfélags, svo sem á vistheimili eða einkaheimili, fósturráðstöfun eða vistun á meðferðarheimili, en einnig innlögn á sjúkrahús þar sem barn getur fengið nauðsynlega læknishjálp.

14.7.2 Úrskurður dómstóls um vistun í allt að 12 mánuði

Ef barnaverndarnefnd telur nauðsynlegt að vistun barns standi lengur en í tvo mánuði þá getur nefnd gert kröfu um það fyrir dómi. Barnaverndarnefnd getur því ekki kveðið upp fleiri en einn úrskurð um vistun í tvo mánuði ef um samfellda vistun er að ræða.

14.8 Forsjársvipting

Barnaverndarnefnd getur krafist þess fyrir dómi að foreldrar, annað eða báðir, skuli sviptir forsjá. Í 29. gr. bvl. er fjallað um þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar og nægir að eitt þeirra sé uppfyllt. Skilyrðin eru:

- að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns sé alvarlega ábótavant
- að barni sem er sjúkt eða fatlað sé ekki tryggð viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennsla
- að barni sé misþyrmt, misboðið kynferðislega eða megi þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu
- að fullvíst sé að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess sé hættu búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, geðrænna truflana, greindarskorts eða að breytni foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

Hér er sem sé bæði fjallað um börn sem búa við vanrækslu, börn sem verða fyrir ofbeldi, börn sem fá ekki nauðsynlega meðferð og þjálfun og börn sem eru í áhættu vegna vanhæfni foreldra. Rétt er að minna á að með ákvæðum 2. mgr. 16. gr. og 30. gr. skapast skilyrði til afskipta barnaverndarnefndar af þungaðri konu, en þau afskipti geta einnig verið undanfari sviptingar strax eftir að barn fæðist, ef aðstæður eru

metnar svo að móðirin sé ófær um að annast um barn. Um skilyrði fyrir sviptingu forsjár yfir nýfæddu barni gilda að öðru leyti sömu skilyrði og endranær.

Áður er lögð er fram krafa um forsjárvsiptingu er gert ráð fyrir að gerð hafi verið nákvæm könnun á högum og aðstæðum barnsins sjálfs og að einnig liggi fyrir upplýsingar um aðstæður foreldra og hæfni þeirra til að sinna umönnun og aðbúnaði barnsins. Þá þarf að vera ljóst að búið sé að reyna stuðningsaðgerðir og að þær hafi ekki borið tilætlaðan árangur eða að ekki sé talið unnt að beita vægari úrræðum.

Markmið með forsjárvsiptingu er að tryggja barninu öruggar og tryggar uppeldisaðstæður sem séu betri en þær sem það var í. Einnig er lögð áhersla á að með forsjárvsiptingunni, sem oftast nær leiðir til þess að barnið fer í fóstur, skapist stöðugleiki í umhverfi barnsins. Tímabundin vistun barns utan heimilis er oft undanfari forsjárvsiptingar þó það sé ekki skilyrði. Vistun barns utan heimilis raskar stöðugleika barnsins og er mjög mikilvægt að unnið sé markvisst að því að meta sem fyrst hvort barn geti snúið heim aftur. Í 2. mgr. 23. gr. reglug. um fóstur er undirstrikað að samanlagður tími í samfelldu tímabundnu fóstri skuli ekki vera meiri en tvö ár nema í algerum undantekningartilvikum. Hér er fyrst og fremst tekið mið af þörf barns fyrir öryggi og stöðugleika og markaður hámarkstími sem nota má til að bæta aðstæður barns og gera því kleift að snúa heim aftur. Í mörgum tilvikum verður að gera ráð fyrir styttri tímabundinni vistun áður en gripið er til forsjárvsiptingar en þetta fer t.d. eftir aldri barns og eftir eðli vanda foreldris og barns.

15. Úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum

35. og 36. gr. bvl. nr. 80/2002

15.1. Ráðningar

Það er óheimilt að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum, heimilum eða stofnunum sem starfa skv. barnaverndarlögum, hvort sem þau eru rekin af ríkinu, sveitarfélögum eða einkaaðilum, nokkurn þann sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Það er mikilvægt að barnaverndarnefndir afli alltaf upplýsinga úr sakaskrá um alla þá sem ráðnir eru til að vinna að barnaverndarmálum eða til að veita þjónustu á grundvelli barnaverndarlaga,

svo sem persónulega ráðgjafa, tilsjónarmenn og stuðningsfjölskyldur. Upplýsingar eiga skilyrðislaust að ná til allra kynferðisbrota en sjálfsagt er að afla einnig upplýsinga um önnur brot eftir því heimildir standa til og meta hvaða áhrif þau eigi að hafa á ráðningu.

Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótt- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn maður sem sótt hefur um starf á þeirra vegum hefur hlotið dóm vegna brota gegn barni á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, að fengnu samþykki viðkomandi umsækjanda.

15.2 Ábótavant atferli manns sem hefur samskipti við börn í starfi sínu

Í 35. gr. bvl. eru ákvæði um úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum. Þar kemur fram að fái barnaverndarnefnd ábendingu um að atferli manns sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn sé stórlega ábótavant getur nefndin ákveðið að hefja könnun málsins í samræmi við 21. gr. bvl. Könnunin fer fram á sama hátt og aðrar kannanir, þ.e. taka þarf rökstudda ákvörðun um að hefja könnun, láta viðkomandi vita að könnun sé hafin, gera greinargerð að lokinni könnun og setja fram tillögur til úrbóta. Til viðbótar þarf að meta hvort rétt sé að tilkynna vinnuveitenda um að könnun sé hafin og um niðurstöður hennar. Þetta gæti t.d. átt við ef viðkomandi er kennari eða þjálfari. Það er síðan vinnuveitanda að taka frekari ákvarðanir eftir því sem hann telur niðurstöður könnunar gefa tilefni til, svo sem um áminningu, tilflutning í starfi eða eftir atvikum brottrekstur ef ávirðingar eru taldar nægilega miklar. Telji nefndin að viðkomandi hafi brotið af sér gagnvart barni eða börnum þarf jafnframt að meta hvort ekki sé rétt að óska lögreglurannsóknar á málinu.

Barnaverndarnefnd getur fengið ábendingu skv. 35. gr. um atferli gagnvart tilteknu barni eða gagnvart ótilgreindum hópi barna. Rétt er að leggja áherslu á að barnaverndarnefndir geta þurft að beita þessu ákvæði jafnhliða því að taka ákvörðun um að hefja könnun og vinna að máli tiltekins barns.

15.3 Heimildir Barnaverndarstofu til að gefa upplýsingar um dæmda kynferðisbrotamenn

Samkvæmt 36. gr. bvl. á Barnaverndarstofa rétt á upplýsingum úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsíðmál fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla hegningarlaga um kynferðisbrot. Barnaverndarstofa getur tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hættu er talin stafa af í umdæmi hennar. Ef rík barnaverndarsjónarmið mæla með getur barnaverndarnefnd gert öðrum viðvart að fengnu samþykki Barnaverndarstofu.

16. kafli Barnahús

7. gr. bvl. nr. 80/2002

Þegar tilkynning berst til barnaverndarnefndar um að grunur hafi vaknað um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi eru skyldur nefndarinnar og heimildir þær sömu og í öðrum málum sem nefndin þarf að meta, kanna og leita lausna á. Engu að síður eru þessi mál nokkuð sérstök þar sem í þessum tilvikum þarf alltaf að meta hvort rétt sé að óska lögreglurannsóknar og ef slík rannsókn fer fram þarf að taka tillit til hennar í allri vinnu barnaverndarnefndarinnar. Þetta gildir einnig um þau mál þar sem grunur er um að barn hafi verið beitt líkamlegu ofbeldi. Í báðum tilvikum getur þurft ákveðið samspil refsivörslukerfis og barnaverndarkerfis þar sem bæði kerfin eru að vinna málin sjálfstætt en þurfa engu að síður ákveðna samvinnu.

16.1 Hvers vegna Barnahús?

Hugmyndafræði að baki starfsemi Barnahúss er einkum tvíþætt, þ.e. að koma í veg fyrir endurtekið áfall hjá barninu og að reyna að upplýsa málið eins vel og unnt er. Skýrslutökur af börnum sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi hafa notið sífellt meiri athygli. Oft er barnið eitt til frásagnar um kynferðisofbeldið og því mikilvægt að frásögnin sé nákvæm og trúverðug. Framburður barnsins er oft grundvöllur að framhaldi og lyktum málsins. Rannsóknir hafa sýnt að læknisfræðileg sönnunargögn finnast einungis í 5-10% þeirra tilvika þar sem óyggjandi þykir að kynferðislegt ofbeldi hafi átt sér stað. Það er því mikilvægt að rétt sé staðið að skýrslutökunni og að stuðst sé við bestu fáanlegu þekkingu við framkvæmd þess. Til þess að koma í veg fyrir endurtekin áföll hjá barninu er mikilvægt að það fái alla þjónustu á einum stað.

Rannsóknir hafa sýnt að það getur verið barninu þungbært að fara á milli ólíkra stofnana og endurtaka sögu sína við marga viðmælendur. Því ber að tryggja að barnið þurfi einungis að lýsa reynslu sinni fyrir fáum viðmælendum og að sá sem taki skýrslu af barninu hafi til þess nægilega þekkingu og reynslu. Með tilkomu Barnahúss hafa þeir sem vinna við rannsókn og úrlausn kynferðisbrota gegn börnum aðgang að sérfræðingi á sviði skýrslutaka auk þess sem hægt er að framkvæma allar lækni- og skoðanir í húsinu.

Tilvísunareyðublöð, leiðbeiningar og nánari upplýsingar um Barnahús er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu: <http://www.bvs.is/fagfolk/urraedi-barnaverndarstofu/barnahus/> Á heimasíðu Barnaverndarstofu er einnig að finna rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi varðandi þjónustu Barnahúss og skýrslutökur.²³

16.2 Verkefni Barnahúss

Barnahús þjónar barnaverndarnefndum á öllu landinu. Barnahús veitir nefndum og starfsmönnum þeirra leiðbeiningar og ráðgjöf um meðferð og úrlausn kynferðisbrotamála. Jafnframt veitir Barnahús börnum, foreldrum og öðrum þeim sem afskipti hafa af málefnum barna upplýsingar og ráðgjöf í slíkum málum.

Barnahús er samstarfsvettvangur þeirra sem bera ábyrgð á meðferð og úrlausn kynferðisbrotamála gegn börnum. Í Barnahúsi starfa sex sérfræðingar ásamt ritara og þar er sérútbúin aðstaða til að taka skýrslur af börnum og aðstaða til að veita þeim meðferð. Sérfræðingar hússins veita börnum einnig meðferð í heimahéraði þeirra ef þess er óskað. Auk þess er í húsinu vinnuástandi fyrir lækna.

Grunn um kynferðisbrot gegn barni skal tilkynna til barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum skv. barnaverndarlögum til verndar

²³ Anna Kristín Newton og Elín Hjaltadóttir. (2012). *Þjónusta Barnahúss: reynsla barna og ungmenna af skýrslutöku og meðferð árin 2007-2009*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Þorbjörg Sveinsdóttir, Jóhanna Kristín Jónsdóttir, Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson. (2009). *Rannsókn á viðtölum við börn sem komu til rannsóknar í Barnahús á tímabilinu frá 1. nóvember 1998 til 31. desember 2004* í Barnaverndarstofa. (2012). *Ársskýrsla 2008-2011*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.

börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.

Barnaverndarnefndir geta vísað til Barnahúss öllum þeim málum þar sem fyrir liggur rökstuddur grunur um kynferðislegt ofbeldi eða áreitni gegn börnum og óskað eftir einhverri þeirri þjónustu sem þar er í boði. Ef efni tilkynningar er óljóst getur barnaverndarnefnd óskað liðsinnis starfsmanna Barnahúss til að meta hvað skuli gert. Ef málinu er vísað í Barnahús fylgir starfsmaður barnaverndarnefndar málinu þangað og tekur ákvarðanir í því í umboði nefndarinnar. Um leið og barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um hvort nefndin óskar þjónustu Barnahúss verður nefndin að ákveða hvort hún óskar lögreglurannsóknar í máli. Samkvæmt 20. gr. reglug. nr. 56/2004 um málsmeðferð skal barnaverndarnefnd að jafnaði óska lögreglurannsóknar ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni. Ef ekki er sérstaklega hægt að rökstyðja annað þá er miðað við að ætíð sé óskað lögreglurannsóknar ef barn hefur sjálft sagt frá ofbeldi og tilgreint geranda sem orðinn er sakhæfur. Fyrirkomulag skýrslutöku af barninu fer alfarið eftir því hvort lögreglurannsókn fer fram í máli eða ekki og minnt er á að í sumum tilvikum hefur barn og/eða foreldri þegar óskað lögreglurannsóknar þegar mál berst barnaverndarnefnd.

Ef að ekki fer fram lögreglurannsókn þá er það á ábyrgð barnaverndarnefndar að stýra að öllu leyti könnun máls og þarf m.a. að meta með hvaða hætti best sé að komast að því hvað hafi gerst. Ef lögreglurannsókn fer fram jafnhliða könnun barnaverndarnefndar stýrir lögregla skýrslutökum í málinu en barnaverndarstarfsmenn eru viðstaddir og nýta upplýsingar sem þar koma fram. Sérreglur gilda um skýrslutöku við lögreglurannsókn af barni sem grunur leikur á að orðið hafi fyrir kynferðisofbeldi og aðstoð fyrir barnið. Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 er lögreglu skylt að tilnefna réttargæslumann fyrir barn um leið og rannsókn hefst vegna gruns um kynferðisofbeldi. Í þessum málum má lögregla ekki taka sjálf skýrslu af barni yngri en 15 ára, heldur verður að leita til dómara sem stýrir skýrslutökunni og tekur allar ákvarðanir um framkvæmd hennar. Dómari getur ákveðið að skýrsla af barni verði tekin í sérútbúnu húsnæði, t.d. í Barnahúsi eða sérstakri aðstöðu sem dómstólar hafa komið sér upp. Þá getur dómari ákveðið að leita aðstoðar

kunnáttumanns til að tala við barn. Nánari reglur er að finna í reglug. nr.190/2009 um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af vitni skv. 123. gr. laga um meðferð sakamála, einkum ef vitnið er yngra en 15 ára sjá á slóðinni

<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=c704f321-3784-40be-922e-05fac09e16da>

Þjónusta sú sem veitt er í Barnahúsi er í meginatriðum þessi:

- leiðbeiningar til barnaverndarnefnda, kennara, leikskólakennara, heilbrigðisstarfsfólks og annarra sem þarfnast upplýsinga vegna gruns um kynferðisbrot
- könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir ef tekin er ákvörðun um að óska ekki lögreglurannsóknar, t.d. ef grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni annars barns undir 15 ára aldri eða ef grunur um kynferðisofbeldi hefur vaknað af öðrum ástæðum en þeim að barnið hafi sagt frá (ss. kynferðislegur leikur barns, teikningar eða óeðlilegur kynferðislegur áhugi eða þekking)²⁴
- rannsóknarviðtöl fyrir dómara í þeim málum þar sem fram fer lögreglurannsókn
- læknisskoðun (barnalæknir og kvensjúkdómalæknir)
- sérhæfð greining og meðferð fyrir börn sem sætt hafa kynferðisofbeldi auk ráðgjafar fyrir foreldra og systkini barnanna.

Auk þess að veita leiðbeiningar og ráðgjöf í meðferð og úrlausn einstakra mála skipuleggja sérfræðingar Barnahúss vinnslu málsins í Barnahúsi og samhæfa vinnubrögð þeirra sem þar starfa. Sérfræðingar Barnahúss skila barnaverndarnefnd skýrslu að lokinni meðferð málsins í Barnahúsi. Í skýrslunni er greint frá helstu niðurstöðum og stöðu barnsins að lokinni meðferð.

17. kafli Sálfræðiþjónusta vegna óviðeigandi kynhegðunar barna

7. gr. bvl. nr. 80/2002

Barnaverndarnefndir geta sótt um sérhæfða sálfræðiþjónustu til Barnaverndarstofu fyrir börn allt að 18 ára aldri sem sýna óviðeigandi kynhegðun eða misnota aðra

²⁴ Á heimasíðu Barnaverndarstofu er að finna bæklinginn „Kynferðisleg hegðun barna, hvað er viðeigandi?“ sem hefur að geyma upplýsingar um það hvernig greina má á milli þess hvað er viðeigandi og hvað ekki þegar kemur að kynferðislegri hegðun barna undir 10 ára aldri.

kynferðislega. Þjónustan er í höndum teymis þriggja sálfræðinga sem sérhæfa sig á þessu sviði og hafa náð samstarf sín á milli. Þjónustan fer að meginhluta fram á sálfræðistofu þjónustuaðila en hver sálfræðingur vinnur þar sjálfstætt að hverju máli og sér um að boða barn og foreldra (forsjáraðila) til viðtals. Markmið með þjónustunni eru að styðja við barnið sem sýnt hefur hina óviðeigandi eða skaðlegu kynhegðun og draga þannig úr skaðsemi hegðunarinnar fyrir barnið sjálft og minnka jafnframt líkur á því að hegðunin endurtaki sig. Einnig er forsjáraðilum barnsins, starfsmönnum barnaverndarnefnda og starfsmönnum Barnaverndarstofu veitt fagleg ráðgjöf.

Barnaverndarnefndir sækja um sálfræðiþjónustuna til Barnaverndarstofu á umsóknareyðublöðum sem eru að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu <http://www.bvs.is/media/skjol/file967.pdf> þar er einnig að finna lýsingu á þjónustunni <http://www.bvs.is/fagfolk/urraedi-barnaverndarstofu/salfraedimedferd-fyrir-born-med-oaeskilega-kynhegdun/> Barnaverndarstofa fjallar um umsóknir og sendir svarbréf til barnaverndarnefndar.

Hluti af þjónustunni er handleiðsla til starfsmanna barnaverndarnefnda ef Barnaverndarstofa telur þörf á. Mat og meðferð eru framkvæmd með viðurkenndum matstækjum og aðferðum á borð við hugræna atferlismeðferð. Matið byggir á viðtölum við hlutaðeigandi aðila og niðurstöðum úr sálfræðilegum prófum og öðru mati á hugsanlegum áhættuþáttum sem meðferðinni er síðan beint að. Einnig er byggt á öðrum gögnum svo sem skýrslum frá barnaverndarnefnd, lögregluskýrslum eða geðheilbrigðis- eða þroskamati.

Mikilvægt er að forsjáraðilar barna veiti samþykki sitt fyrir þjónustunni og að öðrum kosti leiti barnaverndarnefnd viðeigandi leiða samkvæmt barnaverndarlögum. Samvinna og stuðningur við foreldra og heimaumhverfi barnsins er lykilþáttur í þjónustunni.

Meðferðarvinnan snýr ávallt að því að draga úr líkum á frekari óviðeigandi kynhegðun og að barnið öðlist aukna færni til að sýna viðeigandi og félagsvæna hegðun. Við lok meðferðar skilar sálfræðingur skýrslu til barnaverndarnefndar og

Barnaverndarstofu ásamt því að boða til skilafundar með starfsmanni barnaverndarnefndar og forsjáraðilum.

18. kafli Fjölkerfameðferð - MST

7. gr. bvl. nr. 80/2002

Barnaverndarstofa býður upp á fjölkerfameðferð (MST) samkvæmt 7. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2007. Meðferðin er ætluð börnum á aldrinum 12–17 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda og að óbreyttu kæmi til vistunar utan heimilis vegna þess að önnur stuðningsúrræði samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga hafa ekki skilað árangri eða eru talin ófullnægjandi. Hegðunarvandinn kemur fram á flestum eða öllum eftirtöldum sviðum:

- Afskiptum lögreglu, afbrotum eða refsiverðri hegðun
- Skrópum í skóla eða verulegum skólaerfiðleikum
- Líkamlegu ofbeldi gegn öðrum á heimili, nærumhverfi eða í skóla
- Ofbeldisfullum talsmáta eða hótunum um að skaða aðra
- Vímuefnamisnotkun eða misnotkun áfengis.

Heildarmarkmið (eða svonefnd landsmarkmið fyrir MST á Íslandi) eru að unglingurinn búi heima hjá sér, komist ekki í kast við lög, noti ekki vímuefni, beiti ekki ofbeldi eða hótunum og stundi skóla eða vinnu.

Einungis barnaverndarnefndir geta sótt um MST-meðferð til Barnaverndarstofu þar sem inntökuteymi tekur ákvarðanir varðandi umsóknir. Í inntökuteymi Barnaverndarstofu situr m.a. MST-teymisstjóri og geta starfsmenn barnaverndarnefnda leitað ráðgjafar hans þegar MST-meðferð er talin henta skjólstæðingi. Barnaverndarnefnd sem sækir um MST-meðferð upplýsir foreldra og barn um meðferðina og þær relgur sem gilda um hana, einkum þó að hún fari fram á heimili fjölskyldunnar meðan barnið býr heima.

MST fer fram á heimilum fólks og gerir þá kröfu að unglingurinn búi á heimilinu. Meðferðin felst í að efla hæfni, bjargráð og tengslanet foreldra til að takast á við aðsteðjandi hegðunarvandamál unglingsins. Meðferðarinngríp snúa að öllu

nærumhverfi unglingsins, þ.e. foreldrum, fjölskyldu og hugsanlega fjölskylduvinum, félagahópi, skóla og svo framvegis. Reynt er að bæta samheldni innan fjölskyldunnar, tengsl og samráð foreldra og skóla og annarra lykilaðila í nærumhverfi barnsins. MST þykir fullreynt eftir 3-5 mánuði sem er að öllu jöfnu hámarks lengd meðferðarinnar. Í ákveðnum tilfellum getur vandi fjölskyldunnar og barnsins verið þess eðlis að ekki ræðst við hann með MST meðferð og að vista þurfi barnið í stofnanameðferð og er þá MST meðferðinni hætt.

Hvert MST meðferðarteymi er skipað fjórum þerapistum og einum handleiðara sem jafnframt er teymisstjóri. Hver þerapisti sinnir átta til tíu fjölskyldum á ári. Þerapisti hittir forsjáraðila (og eftir aðstæðum barn) á heimili þeirra eftir samkomulagi og fjölskyldan hefur jafnframt aðgengi að þerapista í síma allan sólarhringinn. Ekki er þó ætlast til að þess að þerapisti fari á staðinn eins og um útkall eða bráðaþjónustu væri að ræða. Eftirlit með gæðum í framkvæmd meðferðarinnar er mikið. Þannig veitir teymisstjóri þerapistum vikulega faghandleiðslu í fullu samræmi við aðferðafræði MST þar sem fram fer greining á framgangi meðferðarinnar og mat á meðferðarinngrípum. Í framhaldi er haldinn símafundur um sama efni með erlendum MST sérfræðingi. Reglulega er kannað með aðstoð matslista hvort þerapistar og handleiðarar/teymisstjórar halda sig við aðferðir MST. Árangur af meðferðinni er metinn út frá skilgreindum landsmarkmiðum (sjá hér að framan) þegar henni lýkur og einnig eftir 6, 12 og 18 mánuði.

MST er gagnreynd aðferð sem þýðir að sýnt hefur verið fram á góðan árangur með samanburðarrannsóknnum. Aðferðin er upprunnin í Bandaríkjunum og hefur verið innleidd þar í um 30 ríkjum auk fjölda annarra landa svo sem í Bretlandi, Hollandi, Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Við innleiðingu MST á Íslandi hefur verið horft sérstaklega til Noregs en þar var MST innleitt á landsvísu árið 1999.

19. Meðferðarheimili á vegum ríkisins

XIII. kafli bvl. 80/2002

Staðlar fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda

<http://www.bvs.is/media/skjol/file937.pdf>

Samkvæmt 79. gr. ber velferðarráðuneytið ábyrgð á því að til séu heimili og stofnanir fyrir börn. Annars vegar er um að ræða stofnun sem getur tekið á móti börnum í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika. Hins vegar eiga að vera til stofnarnir/heimili sem veitt geta börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota.

Félagsmálaráðuneytið hefur veitt Barnaverndarstofu umboð til að annast uppbyggingu og rekstur ofangreindra heimila og stofnana og stofan getur falið öðrum rekstur þeirra á grundvelli þjónustusamnings.

Barnaverndarstofu ber einnig að hafa yfirumsjón með vistun þeirra heimila og stofnana sem ríkið rekur eða styrkir.

19.1 Framkvæmd vistunar barns á heimili eða stofnun skv. 79. gr. bvl.

Stefni barn eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni getur barnaverndarnefnd vistað barn til skammtímameðferðar og rannsóknar á viðeigandi stofnun, ýmist með samþykki foreldris og barns sem náð hefur 15 ára aldri sbr. 25. gr. eða úrskurðað um það í allt að tvo mánuði sbr. 27. gr. Ef nefndin telur nauðsynlegt að barn dveljist lengur á meðferðarheimili getur hún óskað eftir því við dómara sbr. 28. gr.

Áður en barn er vistað á heimili eða stofnun skv. 79. gr. skal barnaverndarnefnd reyna önnur stuðningsúrræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni. Ef nauðsynlegt er að vista barn utan heimilis skal velja heimili og stofnun af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á.

Það er stór ákvörðun að senda barn af heimili sínu og á meðferðarheimili. Barnið er þá tekið burt úr sínu daglega og kunnuglega umhverfi, burtu frá vinum, skóla og fjölskyldu og í ókunnar aðstæður þar sem unglingar sem þar dveljast eiga í sömu eða svipuðum erfiðleikum. Þegar barn eða unglingur er komið í alvarlegan vanda, t.d. vegna hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu eða afbrota þarf oft á tíðum að hjálpa því að slíta tengslin við þann félagsskap sem það hefur verið í að undanfögnu og því kostur að það fari í annað umhverfi og að hjálpa því að takast á við vanda sinn. Engu að síður þarf að hafa í huga að alla jafna er gert ráð fyrir því að barnið komi aftur heim til sín og því þarf að vera búið að skoða vel þær aðstæður og atlati sem barnið hefur búið við og hjálpa foreldrum og öðrum til að takast á við vandann á annað hátt en áður hefur verið gert. Því er nauðsynlegt að barnaverndarnefnd sé búin að leggja mat á að dvöl á meðferðarheimili sé barninu fyrir bestu áður en umsókn er send og að góð rök séu fyrir þeirri ákvörðun auk þess að gerð sé áætlun með foreldrum um það á hvern hátt þau ætla sjálf að taka á málefnum barnsins áfram og mögulega skoða annan vanda sem kann að vera fyrir hendi í fjölskyldunni.

Barnaverndarnefnd skal senda beiðni um vistun barns til Barnaverndarstofu á sérstökum eyðublöðum <http://www.bvs.is/media/skjol/file918.pdf>

Stofan metur og tekur ákvörðun í samráði við nefndina um vistun, þar á meðal hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka. Barnaverndarnefnd ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá foreldrum sínum og væntanlega vistun. Barnaverndarnefnd sem vistar barn skal veita barni og foreldrum nauðsynlegan stuðning meðan á vistun stendur. Hún skal fylgjast með líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum, m.a. með reglubundnum heimsóknum á heimili. Gera skal skriflegan samning um vistun hvers barns sbr. 80. gr. bvl. Sérstaklega þarf að hafa í huga að barn sem náð hefur 15 ára aldri er sjálft aðili að málinu og þarf því bæði að skrifa undir umsókn um meðferð og vistunarsamninginn.

Gert er ráð fyrir að börnin fari alla jafna fyrst í greiningu og meðferð á *Stuðla* áður en vistun á meðferðarheimili er ákveðin. En við útskrift þaðan er metið hvers konar þjónustu barnið þarfnast áfram. Ef niðurstaðan er að barnið þurfi áframhaldandi meðferð á stofnun að halda þarf barnaverndarnefnd að sækja um s.k. langtímameðferð

á meðferðarheimili. Í umsókn skulu koma fram allar upplýsingar um stöðu barnsins sem hafa orðið til frá því áður en barn vistaðist á Stuðla sbr. umsóknareyðublað Barnaverndarstofu. Á heimasíðu Stuðla er að finna nánari upplýsingar um meðferðina www.studlar.is

19.2 Reglur um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila

Barnaverndarstofa hefur í samstarfi við barnaverndarnefndir sett reglur um samstarf vegna vistunar barna á meðferðarheimilum sem rekin eru undir yfirstjórn stofunnar. Þar er m.a. fjallað um umsóknarferlið sjálft, undirbúning vistunar, hlutverk hvers og eins meðan á vistun stendur o.fl. Barnaverndarnefndir bera ábyrgð á vistun barna á meðferðarstofnunum og því afar brýnt að starfsmenn þeirra séu virkir þátttakendur í samstarfi við meðferðarheimilin og forsjáraðila barnanna. Þá er þeim einnig ætlað að styðja börnin og fjölskyldur þeirra eftir meðferð. Reglurnar er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu á slóðinni <http://www.bvs.is/media/skjol/file328.pdf>.

19.3 Réttindi barna og beiting þvingunar á meðferðarheimilum

Barnaverndarstofa hefur sett sérstakar reglur um réttindi barna á meðferðarheimilum sem eru undir yfirstjórn stofunnar, þær er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu á slóðinni <http://www.bvs.is/fagfolk/verkfaerakista-medferdarheimila/>. Reglurnar kveða m.a. á um almennt bann við niðurlægjandi meðhöndlun, líkamlegri valdbeitingu, fjötrun og einangrun. Reglurnar ákvarða jafnframt hvernig skuli bregðast við neyðartilvikum og aðstæðum þar sem markmið vistunar og ábyrgð stofnana á velferð skjólstæðinga sinna getur hugsanlega krafist bæði þvingunaraðgerða og eftirlits með einkalífi þeirra, s.s. eftirliti með samskiptum við aðila utan meðferðarheimilis. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins um réttindi barna sem vistuð eru langdvölum á stofnunum en þau er að finna á slóðinni <http://www.bvs.is/media/skjol/file410.pdf>.

19.4 Meðferð kvörtunar vegna meðferðarheimila

Barnaverndarstofa hefur sett sérstakar reglur um meðferð kvörtunar vegna meðferðarheimila sem eru undir yfirstjórn stofunnar, þær er að finna á heimasíðu

Barnaverndarstofu á slóðinni <http://www.bvs.is/files/file820.pdf>. Reglurnar kveða m.a. á um skyldu forstöðumanna meðferðarheimila til að upplýsa börn um réttindi sín og þær reglur sem gilda um vistun þeirra. Þeim ber að fá afhenda handbók sem inniheldur:

- a. reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu
- b. heimilisreglur
- c. helstu upplýsingar um staðhætti
- d. nöfn og símanúmer starfsmanna barnaverndarnefndar sem ber ábyrgð á vistun og símanúmer Barnaverndarstofu
- e. eyðublöð vegna kvörtunar

Forstöðumanni meðferðarheimilis er skylt að aðstoða börnin á allan hátt við að skilja gildi þess sem er að finna í handbókinni og hver tilgangurinn er með slíkri handbók.

19.5 Leiðbeiningar um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi og reglur um viðbrögð við framburði barns og öðrum grunsemdum um kynferðielegt ofbeldi á heimilum og stofnunum á vegum ríkisins

Barnaverndarstofa hefur gefið út *leiðbeiningar um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi og reglur um viðbrögð við framburði barns og öðrum grunsemdum um kynferðielegt ofbeldi á heimilum og stofnunum á vegum ríkisins um meðferð kvörtunar vegna meðferðarheimila*, þær er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu á slóðinni <http://www.bvs.is/files/file825.pdf>. Leiðbeiningarnar byggja á bók Ólafar Ástu Farestveit og Þorbjargar Sveinsdóttur; *Verndum þau; Hvernig bregðast skal við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglíngum (2006)*. Bókin á að vera til á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu og er því beint til forstöðumanna að kynna sér efnið sérstaklega og kynna það síðan starfsmönnum. Í reglunum er fjallað um forvarnir sem snúa að vönduðu ráðningarferli starfsmanna og kveðið á um viðbrögð við framburði eða öðrum grunsemdum um kynferðislegt ofbeldi á meðferðarheimilum.

19.6 Heimili og stofnanir undir yfirstjórn Barnaverndarstofu

Stofnanir og heimili sem um ræðir eru annars vegar Meðferðarstöð ríkisins, Stuðlar og meðferðarheimilið Lækjarbakki sem rekin eru af ríkinu og hins vegar Háholt og

Laugaland sem lúta yfirstjórn Barnaverndarstofu á grundvelli þjónustusamninga við rekstrar- og meðferðaraðila heimilanna.

19.6.1 Meðferðarstöð ríkisins, Stuðlar www.studlar.is

Stuðlum er ætlað að veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika og jafnframt að greina vanda þeirra barna sem þurfa sérhæfða meðferð og veita þeim meðferð.

Starfsemin á Stuðlum er tvískipt. Annars vegar er um að ræða lokaða deild þar sem lögregla og/eða barnaverndarnefndir geta vistað börn í allt að 14 daga. Þar er rými fyrir sex börn. Markmiðið með vistuninni er oftast að stöðva börn sem eru í mikilli neyslu eða afbrotum, eru talin stofna eigin lífi, heilsu eða öryggi í hættu og/eða eru talin geta verið öðrum hættuleg.

Hins vegar er um að ræða greiningar- og meðferðarvistun þar sem fram fer ítarleg greining á hegðun, þroska, félagslegri hæfni og aðstæðum barna. Þar er gert ráð fyrir átta börnum í senn. Ástæður vistunar á greiningar- og meðferðardeild eru oftast en ekki margþættar svo sem erfiðleikar í þroska, langvinnir erfiðleikar í skóla, áföll í lífi barns, misnotkun vímuefna og hegðunarraskanir.

19.7 Meðferðarheimili

Meðferðarheimilin sem rekin eru á vegum Barnaverndarstofu eru þrjú. Dvalartími barna sem þangað vistast er mismunandi eftir heimilum en miðað er við hámarksdvalartíma sex mánuðir til eitt ár. Öll eru heimilin staðsett á landsbyggðinni þ.e. Laugaland í Eyjafjarðarsveit, Háholt í Skagafirði og Lækjarbakki á Rangárvöllum. Laugaland og Lækjarbakki hafa rými fyrir sex til sjö börn í senn en Háholt hefur rými fyrir þrjú börn í einu.

19.7.1 Háholt

Meðferðarheimilið Háholt er í Skagafirði. Heimilið er ætlað 3 unglíngum á aldrinum 15 – 18 ára sem glímt hafa við verulega alvarlegan vanda s.s. eins og fíkniefnaneyslu,

afbrot og ofbeldi. Félagslegar aðstæður eru oftast en ekki í upplausn þar með talin skólamála og fjölskyldulíf. Skólanám fer fram í nærliggjandi húsnæði í tengslum við Brúarskóla og Verkmenntaskólann á Akureyri í fjarnámi. Nánari upplýsingar um Háholt eru á heimasíðu Barnaverndarstofu á slóðinni

<http://www.bvs.is/almeningur/urraedi/medferdarheimili/haholt/>. Í einstaka tilfellum dvelja nemendur í Háholti sem hafa verið dæmdir til fangavistar en skv. samningi Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu er hægt með samkomulagi allra aðila að bjóða þeim að afplána í Háholti. Samninginn er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu á slóðinni <http://www.bvs.is/fagfolk/verkaerakista-medferdarheimila/?CacheRefresh=1>

19.7.2 Laugaland

Meðferðarheimilið Laugaland er í Eyjafirði. Þar er gert ráð fyrir að vistist að jafnaði 6 - 7 stúlkur í einu á aldrinum 13 – 17 ára. Þar sem aðeins stúlkur dveljast á heimilinu er sjálfgefið að unnið er á annan hátt en ef um bæði kynin væri að ræða. Í því felst m.a. að meiri ró næst til vinna með kynímynd þeirra og til að byggja upp og styrkja eigin sjálfsmynd. Stúlkur sem vistast á heimilinu hafa átt við hegðunarraskanir að stríða, vímuefnaneyslu, upplausn í fjölskyldu og/eða lent í ýmis konar áföllum.

Skólanám fer fram í Hrafnagilsskóla og við Verkmenntaskólann á Akureyri. Nánari upplýsingar um Laugaland eru á heimasíðu Barnaverndarstofu á slóðinni

<http://www.bvs.is/almeningur/urraedi/medferdarheimili/laugarland/>.

19.7.3 Lækjarbakki

Meðferðarheimilið Lækjarbakki er á Rangárvöllum. Þar er gert ráð fyrir að vistist að jafnaði 6 börn í einu á aldrinum 13 – 17 ára. Um er að ræða ríkisrekið heimili með vaktafyrirkomulagi. Á staðnum var áður heimilið Geldingalækur sem komið var á fót í kjölfar landssöfnunar Barnaheilla. Börn sem vistast á Lækjarbakka hafa glímt við margvíslegan vanda s.s. hegðunarerfiðleika, skólavanda og erfiðar heimilisaðstæður. eins og fíkniefnaneyslu, afbrot og ofbeldi. Áhersla er lögð á að skapa börnunum hlýlegt heimili um leið og þau fá meðferð, kennslu og að taka þátt í bústörfum. Skólanám fer fram á heimilinu í samstarfi við grunnskólann á hellu. Nánari

upplýsingar um Lækjarbakka eru á heimasíðu Barnaverndarstofu á slóðinni <http://www.bvs.is/almenningur/urraedi/medferdarheimili/laekjarbakki/>.

20. Ráðstöfun barns í fóstur

XII. kafli bvl nr. 80/2002

Reglugerð nr. 804/2004 um fóstur

Staðlar fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda

<http://www.bvs.is/media/skjol/file937.pdf>

20.1 Hvað er fóstur

Með fóstri er átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í að minnsta kosti þrjú mánuði. Þær aðstæður sem leitt geta til þess að barni er ráðstafað í fóstur eru að foreldri hafi afsalað sér forsjá eða umsjá barns til barnaverndarnefndar, kveðinn hafi verið upp úrskurður um heimild til að fóstura barn, foreldrar hafi verið sviptir forsjá, barn hafi orðið forsjárlaust vegna andláts forsjáraðila eða barn hafi komið til landsins án forsjáraðila og hafi fengið hæli eða dvalarleyfi sbr. 2. gr. rg. nr. 804/2004.

Fóstur getur verið tímabundið, varanlegt og styrkt.

20.1.1 Tímabundið fóstur

Barni er komið í tímabundið fóstur þegar ætla má að unnt verði að bæta aðstæður barnsins, annað hvort á heimili og í umhverfi þess eða atriði hjá barninu sjálfu, þannig að gera megi ráð fyrir að barnið geti snúið heim að nýju. Tímabundið fóstur getur einnig komið til ef barn er að bíða eftir öðru úrræði innan afmarkaðs tíma, svo sem plássi á meðferðarheimili.

Tímabundnu fóstri er eingöngu ætlað að vara í takmarkaðan tíma. Ekki skal gera samning um tímabundið fóstur til lengri tíma en eins árs í senn. Ekki skal endurnýja samning um tímabundið fóstur oft en einu sinni nema í algerum undantekningartilvikum, sbr. 23. gr. rg. nr. 804/2004

- Markmið með tímabundnu fóstri er að búa barni öryggi og tryggja því umönnun auk þess að veita barninu nauðsynlegan stuðning þann tíma sem fósturinu er ætlað að vara. Einnig þarf að styðja foreldra barnsins á meðan fóstur varir og undirbúa þá til að taka barnið til sín að nýju.

20.1.2 Varanlegt fóstur

Með varanlegu fóstri er átt við að barnið dvelji hjá fósturforeldrum þar til forsjárskyldur falla niður, þ.e. til 18 ára aldurs en þá verður barnið lögráða skv. ákvæðum lögræðisлага.

Barni er komið í varanlegt fóstur þegar ekki er fyrirsjáanlegt að hægt verði að bæta aðstæður barnsins á annan hátt.

- Markmið með varanlegu fóstri er að tryggja til frambúðar umönnun, öryggi og stöðugleika í lífi barns innan fósturfjölskyldu.

Reynslufóstur

Áður en gerður er fóstursamningur um varanlegt fóstur er gert ráð fyrir að barn hafi verið í fóstri til reynslu í tiltekinn tíma. Reynslufóstur skal að jafnaði ekki vera styttra en þrjú mánuðir og aldrei lengra en eitt ár.

- Markmið með reynslufóstri er að meta hvort aðstæður og aðbúnaður hjá fósturforeldrum henti þörfum og hag barnsins. Að loknum reynslutíma er metið hvort það henti hagsmunum barnsins að alast upp á fósturheimilinu.

20.1.3 Styrkt fóstur

Styrkt fóstur á við þegar barn á við verulega hegðunarferfiðleika að stríða og uppfyllir skilyrði til að fara á meðferðarheimili en það er talið henta þörfum barnsins betur að fara í fóstur.

Með styrktu fóstri er átt við að barnið þurfi sérstaka umönnun og þjálfun fósturforeldra í tiltekinn tíma. Alla jafna er ekki gert ráð fyrir að styrkt fóstur standi í meira en eitt ár og að barnið fari af heimilinu að þeim tíma liðnum.

- Markmið með styrktu fóstri er að barn njóti sérstakrar umönnunar þannig að þörfum þess verði mætt og barnið aðstoðað við að ná tökum á vandamálum sínum. Þá er styrktu fóstri einnig ætlað að veita barninu og foreldrum þess, þegar það á við, nauðsynlegan stuðning þannig að barnið geta snúið aftur til foreldra sinna.

20.2 Hvenær fer barn í fóstur?

Ástæður þess að barn fer í fóstur geta verið nokkrar og eru forsendur fóstursins ólíkar í hverju einstöku tilviki.

20.2.1 Fósturráðstöfun barns með samþykki foreldra

Í 25. gr. bvl. er kveðið á um að barnaverndarnefnd geti tekið við forsjá eða umsjá barns og fundið því fósturheimili með samþykki foreldra. Mikilvægt er að taka skýrt fram hvort foreldri afsali sér forsjá eða umsjá og hvort það sé háð skilyrðum um hvert barnið fer í fóstur. Stundum vilja foreldrar einungis veita samþykki sitt ef það liggur fyrir hvert barnið muni fara og þá verður barnaverndarnefnd að meta hvort ósk foreldrisins samrýmist hagsmunum og þörfum barnsins. Samþykki foreldra og barns, ef það er orðið 15 ára, skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja manna sem votta að foreldrum og barni hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins, sbr. 48. gr. bvl.

20.2.2 Fósturráðstöfun barns þegar foreldrar hafa verið sviptir forsjá

Þegar foreldrar hafa verið sviptir umsjá tímabundið eða sviptir forsjá ber barnaverndarnefnd að tryggja barni örugga umsjá. Í flestum tilvikum þýðir það að finna þarf barninu fósturheimili.

20.2.3 Fósturráðstöfun barns vegna andláts forsjárforeldra

Ákvæði um forsjá barna við lát forsjárforeldra er að finna í 30. gr. barnalaga nr. 76/2003 sbr. <http://www.althingi.is/lagas/141a/2003076.html>. Þar er m.a. kveðið á um að verði barn forsjárlaust vegna andláts forsjárforeldra hverfi forsjá þess til barnaverndarnefnda. Þetta á eingöngu við ef báðir forsjárforeldrar eru látnir og stjúp-

eða sambúðarforeldri er ekki til staðar sbr. 29. gr. barnalaganna. Í þeim tilvikum þarf nefndin að finna barninu varanlegt fósturheimili.

20.3 Hlutverk Barnaverndarstofu í fósturmálum

Skv. 4. mgr. 7. gr. bvl. nr. 80/2002 annast Barnaverndarstofa leyfisveitingar til fósturforeldra, tekur ákvarðanir og veitir barnaverndarnefndum liðsinni í fósturmálum.

Þá er Barnaverndarverndarstofu einnig ætlað að veita ráðgjöf um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og veita barnaverndarnefndum ráðgjöf, sem þýðir m.a. að hún veitir almenna ráðgjöf í fósturmálum bæði til barnaverndarnefnda og til foreldra og annarra sem leita sér upplýsingar um málaflokkinn.

Barnaverndarstofa hefur gefið út staðla fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda sem ætlaðir eru til að skilgreina kröfur um verklag, bæta gæði umönnunar og meðferðar og treysta öryggi og rétt barna sem vistuð eru utan heimilis á Íslandi. Staðlarnir eru á heimasíðu Barnaverndarstofu á slóðinni <http://www.bvs.is/media/skjol/file937.pdf> þeim er skipt í fimm stig, þ.e. almenn umgjörð vistunar og fósturs, ákvörðun og aðdragandi vistunar eða fósturs, umsjá barns í vistun eða fóstri, lok vistunar eða fósturs, rannsóknir og árangursmat.

20.3.1 Taka við umsóknum frá þeim sem óska eftir að taka barn í fóstur

Öllum umsóknum um að gerast fósturforeldri ber að beina til Barnaverndarstofu. Þetta á við hvort heldur sem fósturforeldrar eru að hugsa um ákveðið barn – sem e.t.v. er tengt þeim á einhvern hátt eða ef umsóknin er almenn, þ.e. þeir eru ekki með ákveðið barn í huga.

Umsóknareyðublöð fást á Barnaverndarstofu auk eyðublaða fyrir læknisvottorð og heimildar Barnaverndarstofu til að afla sakavottorða. Þá þarf að skila ýmsum öðrum gögnum svo sem skattskýrslum og umsögnum. Umsóknareyðublað og fylgiskjöl er jafnframt hægt að nálgast á heimasíðu Barnaverndarstofu á slóðinni

<http://www.bvs.is/almeningur/gerast-fosturforeldri/umsoknareydublad/>

20.3.2 Óska eftir umsögn barnaverndarnefndar

Þegar umsókn um leyfi til að taka barn í fóstur berst Barnaverndarstofu er óskað eftir umsögn barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi væntanlegra fósturforeldra. Nánar er fjallað um umsögnina í kafla 18.4.1.

20.3.3 Halda námskeið

Þegar Barnaverndarstofu hefur borist umsögn barnaverndarnefndar gefst umsækjanda kostur á að sækja námskeið. Námskeiðið miðar að því að leggja mat á hæfni umsækjanda auk þess að veita nauðsynlega þjálfun og undirbúning fyrir hlutverk fósturforeldris. Námskeiðið kallast PRIDE og er haldið nokkrum sinnum á ári. Þátttakendur eru um 20 í senn og námskeiðið tekur í allt 30 stundir. Auk fyrirlestra og annars fræðsluefnis fá þátttakendur ýmis verkefni sem þarf að leysa á námskeiðinu sjálfu eða milli þess sem hópurinn hittist. Þá heimsækja leiðbeinendur námskeiðsins þátttakendur tvisvar sinnum áður en endanlegt mat liggur fyrir um það hvort umsækjandi verði metinn hæfur sem fósturforeldri. Nánari upplýsingar um PRIDE má finna á heimasíðu Barnaverndarstofu á slóðinni

<http://www.bvs.is/fagfolk/verkfaerakista-fosturforeldra/foster-pride/>

Öllum sem óska eftir að taka barn í fóstur er almennt skylt að sækja námskeið á vegum Barnaverndarstofu áður en leyfi er veitt. Við sérstakar aðstæður er Barnaverndarstofu heimilt að veita leyfi án þess að umsækjandi hafi lokið námskeiði og í þeim tilvikum metur Barnaverndarstofa sérstaklega þau atriði sem annars felast í hæfnismati á námskeiði.

20.3.4 Afgreiða umsóknir þeirra sem óska eftir að taka barn í fóstur

Að loknu námskeiði eru umsóknir afgreiddar. Umsóknarferlið getur tekið nokkurn tíma og miklar kröfur eru gerðar til umsækjanda. Þetta er eðlilegt í ljósi þess að verið er að leita að fólki til að annast uppeldi og umönnun barns sem á að baki þá þungu reynslu að þurfa að fara frá foreldrum sínum auk þess sem barnið hefur í sumum tilvikum búið við afar erfiðar aðstæður. Barn sem fer í fóstur þarf að komast í betri

aðstæður og njóta umönnunar fólks sem er fært um að skapa því nýtt heimili og öryggi.

Fósturforeldrar þurfa að vera við góða almenna heilsu, búa við stöðugleika auk fjárhagslegs og félagslegs öryggis sem getur stuðlað að jákvæðum þroskamöguleikum barns. Það er ekki skilyrði að þeir sem vilja gerast fósturforeldrar séu í sambúð eða hjónabandi en ef svo er þá skulu hjón og sambúðarfólk sækja um leyfi saman.

Þeim sem brotið hafa gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (kafla um kynferðisbrot) er óheimilt að taka barn í fóstur ef brotið beindist gegn barni.

Mat á hæfni væntanlegra fósturforeldra felur í sér könnun á ýmsum atriðum eins fram kemur í 10. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004. Við mat á hæfni þeirra sem óska eftir að taka barn í styrkt fóstur skal taka mið af sömu atriðum og við mat á hæfi þeirra sem óska eftir að taka barn í tímabundið fóstur. Að auki skal leggja sérstaklega áherslu á menntun, reynslu eða sérstaka hæfileika og gerð er sú krafa að a.m.k. annað fósturforeldra sé reiðubúið til að vinna við sérstaka umönnun og þjálfun barns á heimili sínu.

20.3.5 Endurnýjun leyfis

Leyfi til að taka barn í fóstur þarf að endurnýja í hvert sinn sem óskað er eftir að taka barn í fóstur, bæði þegar fósturforeldrar vilja hafa fleiri en eitt fósturbarn í einu og þegar barn fer úr fóstri en fósturforeldrar vilja taka að sér nýtt fósturbarn. Við afgreiðslu umsóknar þeirra sem áður hafa fengið leyfi metur Barnaverndarstofa hvaða gögn umsækjandi þarf að leggja fram. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá ef liðin eru meira en tvö ár frá því að slíkar upplýsingar voru veittar. Þá skal fulltrúi barnaverndarnefndar í heimabyggð umsækjanda einnig fara á heimilið áður en nýtt leyfi er veitt. Við afgreiðslu þessara umsókna er fyrst og fremst skoðað hvort einhverjar breytingar hafi orðið á högum umsækjanda eða heimilishögum sem haft gætu áhrif á umönnun fósturbarns frá því umsókn var síðast afgreidd. Ef fósturbarn er þegar fyrir á heimilinu þarf að meta hvaða áhrif koma annars fósturbarns gæti haft á það sem fyrir er og hvort það henti hagsmunum barnanna.

Ef leyfishafa hefur ekki verið falið barn í fóstur innan tveggja ára frá því að leyfi var síðast útgefið fellur leyfið niður en unnt er að sækja um leyfi að nýju. Ljóst er að talsverðar breytingar geta orðið á aðstæðum umsækjanda á tveimur árum og því þykir rétt að skoða aðstæður að nýju og meta hvaða áhrif mögulegar breytingar geti haft á hæfni hans til að annast barn og tryggja umönnun þess.

20.3.6 Skrá um fósturforeldra

Barnaverndarstofu ber að halda skrá yfir alla þá sem hlotið hafa leyfi til að taka barn í fóstur. Þar eru einnig til allar nauðsynlegar upplýsingar um fósturforeldrana þannig að unnt er að sjá hvort umræddir fósturforeldrar eru með önnur börn í fóstri og hvort þeir búi yfir ákveðnum styrkleikum sem mætt gætu þörfum tiltekins barns þegar verið er að finna því fósturheimili o.fl.

20.3.7 Taka við umsóknum frá barnaverndarnefnd um fósturheimili fyrir barn

Barnaverndarstofa tekur við umsóknum frá barnaverndarnefnd um að finna barni fósturforeldra. Umsókninni þurfa að fylgja ítarlegar upplýsingar um barnið og þarfir þess þannig að unnt sé að skoða hvaða fósturforeldrar geti veitt því þá umönnun og atlæti sem það þarf sbr. 15. gr. rg. Í þeim tilvikum þar sem barnaverndarnefnd hefur ákveðið fólk í huga sem mögulega fósturforeldra fyrir barnið þarf að tryggja að þeir hafi verið metnir hæfir sem fósturforeldrar og ef ekki sjá til þess að þeir sækji um og að mat á högum þeirra og aðstæðum fari fram í samræmi við lög og reglugerðir.

20.3.8 Aðstoða barnaverndarnefnd við val á fósturheimili

Þegar Barnaverndarstofu hefur borist umsókn um fósturheimili er skrá stofunnar um fósturforeldra skoðuð. Barnaverndarnefnd fær síðan upplýsingar um aðila sem helst eru taldir geta mætt þörfum barnsins. Þá eru starfsmenn stofunnar reiðubúnir að aðstoða nefndina frekar ef óskað er.

20.3.9 Velja fósturforeldra og taka þátt í greiðslum til þeirra þegar um er að ræða styrkt fóstur

Þegar barn uppfyllir kröfur um ráðstöfun í styrkt fóstur og það er talið henta þörfum þess best velur Barnaverndarstofa fósturforeldra í samvinnu við barnaverndarnefnd og út frá þeirri skrá sem til er um styrkta fósturforeldra. Ef gert er ráð fyrir að ríkið greiði hluta kostnaðar vegna styrkts fósturs eru ákvæði um það í fóstursamningi háð samþykki stofunnar sbr. 67. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Ef Barnaverndarstofa samþykkir að barn fari í styrkt fóstur þá greiða barnaverndarnefnd sem ráðstafar barninu og Barnaverndarstofa að jafnaði framfærslueyri og fósturlaun sem svara allt að átjánföldum barnalífeyri sbr. reglugerð um greiðslur vegna barna í fóstri nr. 858/2013. Sérstakar verklagsreglur um styrkt fóstur má finna á heimasíðu Barnaverndarstofu á slóðinni <http://www.bvs.is/media/eydublod-v-fosturs/Verklagsreglur-um-styrkt-fostur-3.-juni-2013.pdf>

20.4 Hlutverk barnaverndarnefnda í fósturmálum

Almennt hafa barnaverndarnefndir það hlutverk að beita þeim úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð barns. Í þessu felst m.a. að finna barni fósturheimili þegar ljóst þykir að það sé því fyrir bestu.

20.4.1 Veita Barnaverndarstofu umsögn vegna óska um að gerast fósturforeldrar

Þegar Barnaverndarstofu hefur borist umsókn um leyfi til að taka barn í fóstur er óskað eftir umsögn frá barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi umsækjanda sbr. 8. gr. reglug.

Í umsögn barnaverndarnefndar þurfa eftirfarandi atriði að koma fram sbr. 8. gr. rg:

- lýsing á heimilishögum umsækjenda
- fjölskyldusaga
- lýsing á umhverfi og aðstæðum umsækjenda

- menntun umsækjenda
- atvinna og atvinnusaga
- fjármál
- heilsufar
- helstu áhugamál
- eru umsækjendur með önnur leyfi eða verkefni sem fela í sér umönnun og umsjá einstaklinga á grundvelli barnaverndarlaga eða annarra laga
- hvernig skólamálum er háttað í skólahverfi umsækjenda og reynsla þeirra af samstarfi við skólann
- annað sem máli kann að skipta við umönnun fósturbarns

Við gerð umsagnar skal fara a.m.k. einu sinni á heimili umsækjenda. Að lokinni könnun skal skrifa greinargerð um hagi umsækjenda og gera tillögu um afgreiðslu málsins. Umsækjendum skal gefast kostur á að koma að athugasemdum um greinargerðina og tillögurnar en að því loku afgreiðir nefndin umsögnina með bókun.

20.4.2 Taka ákvörðun um að ráðstafa barni í fóstur

Áður en barn fer í fóstur liggur alltaf fyrir greinargerð um niðurstöðu könnunar og áætlun um stuðningsaðgerðir með fullnægjandi undirskriftum aðila eða viðeigandi ákvarðanir um beitingu þvingunar.

20.4.3 Sækja um fósturheimili og velja í samráði við Barnaverndarstofu

Þegar fyrir liggur að finna þurfi barni fósturforeldra sendir barnaverndarnefnd beiðni um það til Barnaverndarstofu sbr. 2. mgr. 67. gr. bvl. og 15. gr. reglug. um fóstur nr. 804/2004. Þetta á við hvort heldur sem óskað er eftir ákveðnum fósturforeldrum sem eru til staðar, eins og t.d. ættingjum, eða ekki. Beiðninni þurfa að fylgja ítarlegar upplýsingar um barnið, sögu þess og stöðu þannig að unnt sé að meta hvaða fósturforeldrar geti mætt þörfum þess og annast það en sérstakt eyðublað og 15. gr. ofangreindrar reglug. gefa nánari upplýsingar um þetta.

Barnaverndarstofa aðstoðar barnaverndarnefndir við val á fósturheimilum út frá þeirri þekkingu sem til er um mögulega fósturforeldra og þarfir barnsins.

Barnaverndarstofu er ætlað að hafa yfirlit yfir öll fósturbörn á landinu og getur verið að aðstoða margar nefndir á sama tíma við að finna heppilega fósturforeldra. Til að tryggja val á besta fósturheimilinu fyrir hvert barn er nauðsynlegt að umsókn um það berist Barnaverndarstofu eins fljótt og unnt er. Einnig er mikilvægt að nefndirnar séu ekki sjálfar að leita að fósturheimilum. Ástæðan er sú að jafnvel þó leitað sé til fósturforeldra sem hafa verið metnir hæfir getur sú staða auðveldlega komið upp að verið sé að vinna að því að barn á vegum annarrar nefndar fari á þetta heimili eða að þegar sé fósturbarn á heimilinu og meta þurfi hvaða áhrif koma annars barns hefði á það. Þá getur líka verið að umrætt fólk hafi haft leyfi áður en aðstæður nú séu svo breyttar og hæpið sé að leyfi fyrir nýju fósturbarni fengist eða að skólinn á svæðinu telji ekki unnt að koma til móts við skólafarfar barnsins. Öll þessi atriði geta orðið til þess að töf verði á því að hægt sé að vinna að því að finna barninu viðeigandi fósturheimili. Barnaverndarstofa hefur hins vegar yfirsýn yfir þessi atriði og því þurfa allar umsóknir um fósturheimili að fara í gegnum stofuna.

20.4.4 Fósturráðstöfun barns til kynforeldris sem ekki fer með forsjá

Þegar barnaverndarnefnd tekur við umsjá eða forsjá barns, hvort heldur sem er vegna þess að foreldri sem fer eitt með forsjá, afsalar sér (sbr. 25. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002) eða er svipt umsjá eða forsjá (sbr. 27., 28. eða 29. gr.), skal barnaverndarnefnd kanna hvort það samræmis hagsmunum barnsins best að fara til hins kynforeldrisins, sbr. 1. mgr. **67. gr. a.** og 17. gr. reglug. um fóstur nr. 804/2004.

Ef það er talið barni fyrir bestu að ráðstöfunin til hins kynforeldrisins sé tímabundin gilda um hana almennar reglur um fóstur.

Ef um varanlega ráðstöfun er að ræða þá er barnaverndarnefnd heimilt að afsala forsjá barnsins til hins kynforeldrisins ef nefndin telur hagsmuni barnsins best tryggða með þeim hætti. Í þeim tilvikum skal nefndin meta hæfni foreldris og gera skriflegan samning um breytta forsjá. Eftir að gerður er samningur um breytingu á forsjá á þennan hátt fer um réttarstöðu foreldra og barns samkvæmt ákvæðum barnalaga. Það hefur fyrst og fremst í för með sér að deilur sem kunna að rísa milli foreldra verða foreldrar að reyna að leysa á grundvelli barnalaga, svo sem ágreiningur um breytingu á forsjánni og um umgengni eða meðlag. Þetta þýðir einnig að hefðbundin ákvæði barnaverndarlaga og reglugerðar um fóstur sem lúta að eftirliti barnaverndarnefndar

með fóstri og stuðningi við fósturbarn og fósturforeldra eiga ekki við. Gera verður ráð fyrir að í langflestum tilvikum loki barnaverndarnefnd máli barnsins ef talið er rétt að nefndin afsali forsjá til hins foreldrisins enda sé það í stakk búið til að búa barninu fullnægjandi uppeldisskilyrði. Í einstaka tilvikum gæti þó verið rétt að nefnd vinni áfram hefðbundna barnaverndarvinnu með því foreldri sem tekur við barninu, þ.e. geri áætlun um stuðning skv. 23. og 24. gr. þar sem barn á eftir sem áður rétt skv. 70. gr.

20.4.5 Ráðstöfun barns til kynforeldris sem fer með sameiginlega forsjá en barn býr ekki hjá

Þegar barnaverndarnefnd tekur við umsjá eða forsjá barns, þegar foreldrar eru með sameiginlega forsjá, hvort heldur foreldri afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 eða kveðin er upp úrskurður um tímabundna vistun barns utan heimilis skv. 27. eða 28. gr., skal barnaverndarnefnd kanna hvort það samræmis hagsmunum barnsins best að fara til hins kynforeldrisins, sbr. 1. mgr. **67. gr. b.**

Ef það er talið barni fyrir bestu að hitt foreldrið taki við umsjá meðan tímabundin ráðstöfun varir metur barnaverndarnefnd hæfi foreldrisins og gerir skriflegan samning um umsjána. Ef barnaverndarnefnd telur barni fyrir bestu að aðrir taki við umsjá getur hitt foreldrið sem óskað hefur eftir að fá umsjá barns skotið synun til kærunefndar barnaverndarmála sbr. 2. mgr. 67. gr. b.

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjána afsalar sér forsjá skv. 25. gr. eða er eitt svipt forsjá skv. 29. gr. þá fer hitt foreldrið eftir það eitt með forsjá barnsins. Fer um réttarstöðu foreldra og barns samkvæmt ákvæðum barnalaga. Það hefur fyrst og fremst í för með sér að deilur sem kunna að rísa milli foreldra verða foreldrar að reyna að leysa á grundvelli barnalaga, svo sem ágreining um breytingu á forsjánni og um umgengni eða meðlag. Þetta þýðir einnig að hefðbundin ákvæði barnaverndarlaga og reglugerðar um fóstur sem lúta að eftirliti barnaverndarnefndar með fóstri og stuðningi við fósturbarn og fósturforeldra eiga ekki við. Gera verður ráð fyrir að í langflestum tilvikum loki barnaverndarnefnd máli barnsins enda sé foreldri í stakk búið til að búa barninu fullnægjandi uppeldisskilyrði. Í einstaka tilvikum gæti þó verið rétt að nefnd vinni áfram hefðbundna

barnaverndarvinnu með því foreldri sem tekur við barninu, þ.e. geri áætlun um stuðning skv. 23. og 24. gr. þar sem barn á eftir sem áður rétt skv. 70. gr.

20.4.6 Ráðstöfun barns í fóstur til nákomins ættingja

Eins og áður sagði verður barnaverndarnefnd alltaf að senda beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu. Í sumum tilvikum er ljóst að tilteknir aðilar vilja fá ákveðið barn í fóstur og þeir snúa sér með þessa ósk til nefndarinnar sem ber ábyrgð á að ráðstafa barninu, jafnhliða því að sækja um leyfi til Barnaverndarstofu um að taka barn í fóstur. Í skýrslu sem gerð var á vegum NOFCA (Nordic Foster Care Association) er fjallað um hvernig staðið er að þjálfun, handleiðslu og eftirfylgni fyrir þá sem eru með börn ættingja í fóstur²⁵ en skýrsluna er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu á slóðinni

http://www.bvs.is/media/frettir/Slektsfosterhjem_NORDEN_19.11.2012.pdf

20.4.7 Undirbúningur barns undir að fara í fóstur

Í barnaverndarlögunum er kveðið á um að undirbúa skuli barnið undir viðskilnað við kynforeldra og fyrir væntanlegt fóstur. Hafa ber í huga að nær undantekningarlaust er langur aðdragandi að því að barn fari í fóstur. Mál þess hefur verið til meðferðar hjá nefndinni í langan tíma og ýmsar stuðningsaðgerðir hafa verið reyndar án þess að þær hafi borið viðunandi árangur. Barnið þarf, hafi það aldur og þroska til, að fá upplýsingar um ástæður þess að það er að fara í fóstur. Eftir því sem hægt er þarf að segja því frá væntanlegum fósturforeldrum, aðstæðum þeirra, umhverfi, skóla og öðru. Þá getur það skipt barnið miklu að vita um þá umgengni sem fyrirhuguð er við kynforeldra og aðra sem skipta það máli.

Til að auðvelda barninu að þekkja uppruna sinna er mælt með að starfsmenn geri svokallaða lífsbók sem barnið tekur með sér í fóstur. Lífsbókin getur verið í formi myndaalbúms sem inniheldur myndir af kynforeldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum. Lífsbókin er einnig mikilvæg þegar barn fer í tímabundið fóstur.

²⁵ Hege Sundt (2012). *Slektsfosterhjem i Norden – opplæring og oppfølging*. NOFCA; sjá einnig Lajla Knudsen og Tine Egelund (2011). *Effekter af slægtspleje. Slægtsanbragte børn og unges udvikling sammenlignet med plejebørn fra traditionelle plejefamilier*. København: SFI – Det Nationale Forskningscenter for Velfærd.

Fósturforeldrar taka síðan að sér að setja inn myndir frá þeim tíma sem barnið dvelur í fósturinu. Þetta er mikilvægt fyrir barnið til að það fái heildarmynd af lífi sínu seinna meir.

20.4.8 Gera fóstursamning

Barnaverndarnefnd er skylt í öllum tilvikum að gera skriflegan fóstursamning áður eða um leið og barn fer í fóstur. Nákvæmar upplýsingar um innihald hans er að finna í 68. gr. bvl. og 21. gr. reglug. Fóstursamningur er samningur barnaverndarnefndar og fósturforeldra sem þurfa að ná samkomulagi um fjölmörg atriði, svo sem áætlaðan fósturtíma, greiðslur og stuðning en rétt er að undirstrika að sum þeirra atriða sem geta þarf um í fóstursamningi eru ekki sammingsatriði milli barnaverndarnefndar og fósturforeldra, svo sem lögheimili barns, forsjárskyldur fósturforeldra og umgengni barns við kynforeldra og nákomna. Þetta eru atriði sem barnaverndarnefnd afgreiðir í samskiptum við foreldra barnsins eða aðra aðila en mikilvægt er að fram komi í fóstursamningi til upplýsinga fyrir fósturforeldra. Ef um styrkt fóstur er að ræða og gert ráð fyrir þátttöku ríkisins í kostnaði þarf Barnaverndarstofa að samþykkja ráðstöfunina svo og fóstursamninginn.

Miklu máli skiptir að búið sé að gera fóstursamning áður en barn fer í fóstur til að staða allra aðila sé skýr. Þó þarf að vera unnt að endurskoða einstök atriði sammingsins, t.d. varðandi stuðning við barnið og/eða fósturforeldrana ef í ljós kemur að aðstæður barnsins og staða þess krefst meiri eða annars konar umönnunar en gert var ráð fyrir í upphafi. Þá getur þurft að afgreiða óskir um breytingar á umgengni meðan fóstur varir.

Hér á eftir er fjallað um nokkur þeirra atriða sem taka þarf ákvarðanir um í tengslum við gerð fóstursammings.

➤ Lögheimili barns og dagleg umsjá

Gert er ráð fyrir að fósturforeldrar fari með daglega umsjá barns á meðan fósturið varir. Meta þarf í hverju tilviki fyrir sig hvort flytja eigi lögheimili barnsins til fósturforeldranna eða ekki. Þar þarf m.a. að taka tillit til markmiðs fósturráðstöfunar og afstöðu kynforeldra eða þeirrar áætlunar sem gerð er með þeim í málinu. Ef um

tímabundið fóstur er að ræða þar sem gert er ráð fyrir að barnið snúi aftur til kynforeldra sinna getur verið eðlilegt að lögheimilið verði óbreytt, enda er þá í flestum tilvikum um talsvert tíða umgengni að ræða og fleiri skyldur kynforeldra.

➤ **Forsjárskyldur**

Hér þarf að taka fram hvaða forsjárskyldur fósturforeldrar munu fara með. Ekki er rétt að tala um að fósturforeldrar fari með forsjá fósturbarns þar sem þau hafa í raun aldrei sömu réttarstöðu og kynforeldri sem fer með forsjá samkvæmt barnalögum.

Hér er m.a. átt við að barnaverndarnefnd er ætlað að hafa ýmis afskipti af fósturbarni á meðan fóstrið varir, fósturforeldrar geta ekki afsalað skyldum sínum til annarra, geta ekki tekið meiri háttar ákvarðanir um hagsmuni fósturbarns og þurfa að tilkynna um ýmsar breytingar sem verða á högum þeirra. Þá geta kynforeldrar óskað eftir því að fá barnið aftur til sín.

Barnaverndarnefnd þarf að taka afstöðu til þess hver skuli fara með lögráð barnsins, þ.e. sjálfræði og/eða fjárræði, og að hvaða marki rétt sé að fósturforeldrar fari með lögráðin. Ef barnið á einhverjar eignir eða á von á eignum svo sem arfi eða skaðabótum getur verið ástæða til að skipa sérstakan fjárhaldsmann.

➤ **Fósturtími**

Áður hefur verið fjallað um mikilvægi þess fyrir barnið sjálft, kynforeldra og fósturforeldra að markmið fóstursins sé skýrt og um leið tímalengd þess. Tímalengdin ræðst fyrst og fremst af þeirri áætlun sem gerð hefur verið í máli barnsins, oftast í samvinnu við kynforeldra. Tími sem fóstur skal vara er þó einnig að nokkru leyti samningsatriði barnaverndarnefndar og fósturforeldra, t.d. getur sú staða verið uppi að foreldrar hafi afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns en vegna vanda barns þyki rétt að ráðstafa því í fóstur til skamms tíma í senn eða að fósturforeldrar treysta sér ekki til að gera samning nema til tiltekins tíma. Tímalengdin þarf að vera skýr í fóstursamningi þannig að öllum aðilum málsins sé ljóst að hverju er stefnt. Það getur valdið miklum óróa hjá barninu, fósturforeldrum og kynforeldrum ef tímalengd fósturs er óljós. Barnið þorir e.t.v. ekki að festa rætur því það veit ekki hve lengi það fær að vera á fósturheimilinu, fósturforeldrar verða óöruggir um hlutverk sitt, hvort og þá hvernig þau mega/eiga að skapa barninu öryggi og setja því mörk og geta e.t.v.

ekki gefið sig alla í verkefnið því þau vita ekki nema barnið fari skyndilega einn daginn. Kynforeldrar verða einnig óöruggir um sína stöðu og vita ekki að hve miklu leyti þau mega skipta sér af eða reyna að hafa áhrif á málefni barnsins.

Samning um tímabundið fóstur er óheimilt að gera til lengri tíma en eins árs í senn og ekki skal endurnýja samning um tímabundið fóstur oftár en einu sinni nema í algerum undantekningartilvikum. Með þessu er undirstrikuð þörf barns fyrir stöðugleika og um leið meginmarkmið barnaverndarlaga um að leggja áherslu á hagsmuni barns. Telja verður að dvöl barns utan heimilis í tvö ár sé almennt fyllilega nægur tími til að láta á það reyna hvort unnt sé að bæta aðstæður barns eða vinna þannig með vanda þess að barnið geti flutt aftur til foreldra sinna. Ef talin er þörf á að barn sé lengur í fóstri þá er gert ráð fyrir að um varanlegt fóstur verði að ræða. Veigamikil rök þarf að færa fyrir því að framlengja samninga um tímabundið fóstur lengur en í tvö ár samanlagt og kæmi hér helst til álita að rekið væri mál á hendur foreldrum til forsjársviptingar.

Samning um styrkt fóstur skal gera til allt að eins árs í senn. Almennt er ekki gert ráð fyrir framlengingu slíkra samninga en Barnaverndarstofa getur þó veitt leyfi til að endurnýja samning um styrkt fóstur í sérstökum tilvikum.

Fóstursamning verður alltaf að gera með þeim fyrirvara að hann falli úr gildi ef krafa kynforeldris um endurskoðun ráðstöfunar barnaverndarnefndar náí fram að ganga. Í 32. reglug. er fjallað um uppsögn, breytingar og riftun fóstursamninga og er mikilvægt að geta um þessi atriði í samningi til að þau séu ljós fyrirfram.

➤ **Framfærsla og annar kostnaður**

Ákvæði um greiðslur til fósturforeldra er að finna í reglugerð um greiðslur vegna barna í fóstri nr. 8585/2013. Nauðsynlegt er að þessi atriði séu ákvörðuð eins og hægt er áður en barnið kemur í fóstur þannig að ekki komi til ágreinings síðar.

Hægt er að flokka greiðslur til fósturforeldra í þrennt.

- framfærslueyrir er ætlaður til að standa straum af öllum almennum kostnaði sem felst í því að hafa umsjá barns svo sem mat, fatnaði, skólakostnaði, almennum tómsundum, vasapeningum og öðru

- fósturlaun er sú greiðsla sem fósturforeldrar fá fyrir að sinna hlutverki sínu gagnvart fósturbarninu
- annar kostnaður getur verið sérstakur kostnaður sem fyrirséður er, t.d. vegna sérstakrar meðferðar barns, ferðakostnaður vegna umgengni barns við foreldra eða aðra, sérstakur námskostnaður, sérstakar tómsundur eða annað.

Fósturforeldrar geta farið fram á greiðslur vegna ófyrirséðs kostnaður og skal ósk um slíka greiðslu koma fram eigi síðar en sex mánuðum eftir að fósturforeldrum var kunnugt um útgjöldin. Ef ekki næst samkomulag um slíkar greiðslur skal barnaverndarnefnd afgreiða beiðnina um rökstuddri bókun og geta fósturforeldrar skotið þeirri ákvörðun til kæruneftndar barnaverndarmála.

Framfærslueyri og fósturlaun þarf að miða við þarfir og aðstæður barns í hverju tilviki og ber að miða við margfeldi af fjárhæð barnalífeyris eins og hann er á hverjum tíma. Framfærslueyri vegna barns í fóstri skal nema þreföldum barnalífeyri. Þegar barn er í tímabundnu fóstri greiðir barnaverndarnefnd fósturforeldrum sérstök fósturlaun auk framfærslueyris. Lágmark fósturlauna tekur mið af aldri barns á hverjum tíma sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013 um greiðslur vegna barna í fóstri en miðað er við að fósturlaun vegna barns í tímabundnu fóstri nemi að jafnaði ekki meira en tífoldum barnalífeyri. Ekki eru greidd fósturlaun vegna barna sem ráðstafað er tímabundið til foreldris skv. 67. gr. a og 67. gr. b nema í algjörum undantekningartilvikum. Almennt eru ekki greidd fósturlaun vegna barna í varanlegu fóstri nema í algjörum undantekningum og þá endurskoðuð eigi sjaldnar en árlega.

Þegar barn fer í styrkt fóstur greiðir barnaverndarnefnd sem ráðstafar barninu og Barnaverndarstofa að jafnaði framfærslueyri og fósturlaun sem svara allt að átjánföldum barnalífeyri. Í undantekningartilvikum geta barnaverndarnefnd sem ráðstafar barninu og Barnaverndarstofa ákveðið í sameiningu að greiða allt að átjánföldum barnalífeyri í fósturlaun til viðbótar ef fyrirsjáanlegt er að umönnunarpörf barns í styrktu fóstri sé sérstaklega mikil.

Foreldrar barns í fóstri eru framfærsluskyldir gagnvart því nema þau hafi verið svipt forsjá barnsins. Þannig getur barnaverndarnefnd krafist foreldra um framfærslueyri

með barni sem er í fóstri. Við ákvörðun fjárhæðar skal nefndin hafa hliðsjón af þörfum barnsins auk fjárhagsstöðu og högum beggja foreldra. Barnaverndarnefnd getur úrskurðað um fjárhæð framfærslueyrisins og er úrskurðurinn kærانlegur til kæruneftndar barnaverndarmála, sbr. 37. gr. reglug. Rétt er að undirstrika að ákvarðanir og greiðslur barnaverndarneftndar á framfærslueyri og fósturlaunum til fósturforeldra eru alls óháðar því hvort barnaverndarneftnd innheimtir framfærslueyri úr höndum kynforeldra. (<http://felagsmalaraduneyti.is/kaeruneftndir/barnaverndarmal/>)

➤ **Umgengni barns við foreldra og aðra nákomna**

Samkvæmt 70. og 74. gr. bvl. svo og 25. gr. reglug. á barn rétt á umgengni við kynforeldra og aðra sem eru því nákomnir á meðan það er í fóstri.

Á sama hátt eiga kynforeldrar rétt á umgengni við barnið nema umgengnin sé bersýnilega talin andstæð hagsmunum barnsins og ekki samrýmast þeim markmiðum sem stefnt er að með fósttrinun.

Aðrir sem telja sig nákomna barninu eiga rétt á umgengni við barnið sé það talið henta hagsmunum og þörfum þess og er hér ekki um jafnríkan rétt að ræða og foreldrar eiga eins og sést af orðalaginu.

Fósturbarn sem orðið er 15 ára getur gert kröfu um umgengni.

Aðilar að máli um umgengni í fóstri geta því verið auk barnaverndarneftndar, barnið sjálf, kynforeldrar og aðrir sem telja sig nákomna. Fósturforeldrar barns eru aldrei aðilar að máli um umgengni, hvorki þegar hún er ákveðin í upphafi eða ef kröfur koma fram um breytingar á umgengni.

Við ákvörðun um fyrirkomulag og tíðni umgengni þarf að taka mið af markmiðum fóstursins. Barn í tímabundnu fóstri mun snúa aftur til foreldra sinna að ákveðnum tíma liðnum. Umgengnin þarf að taka mið af því að barnið haldi eins og hægt er tengslum við fjölskyldu sína, ættingja og umhverfi. Þá er umgengnin oft prófsteinn á hvernig tekst til við að breyta þeim aðstæðum sem leiddu til fóstursins, hvort heldur sem það eru þættir hjá barninu sjálfu eða foreldrum.

Við ákvörðun um umgengi barns í varanlegu fóstri við kynforeldra sína eða aðra þarf að meta í hverju einstöku tilviki þörf barnsins fyrir umgengni og hvaða áhrif umgengnin hefur á það. Hafa ber í huga að almennt er börnum mikilvægt að þekkja uppruna sinn, sögu og foreldra. Barnið þarf að hafa tilfinningalegt leyfi til að þykja vænt um kynforeldra sína og aðra sem tengjast því og að tengjast og öðlast öryggi í fósturfjölskyldunni. Fósturforeldrar þurfa því að vera reiðubúnir og að fá hjálp með að ræða um kynforeldra barnsins og fortíð þess af virðingu og skilningi.

Oft á tíðum óska foreldrar eftir tíðri umgengni og þá þarf að hafa í huga hvaða áhrif sú umgengni myndi hafa á stöðugleika barnsins í fósturinu og möguleika þess til að öðlast öryggi þar og einnig hversu mikilvæg tengsl barnsins eru við kynforeldra sína. Í rannsókn dr. Guðrúnar Kristinsdóttur um fósturbörn kemur líka fram mikilvægi þess að börn í fóstri hafi umgengni og samband við systkini sín.²⁶

➤ **Ákvörðun um umgengni**

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að barn fari í fóstur þá ber barnaverndarnefnd að hafa frumkvæði að því að meta hverjir eigi rétt á umgengni við barnið og gera tillögur um þá umgengni sem talin er henta barninu best. Barnaverndarnefnd getur aldrei tekið einhliða ákvörðun um umgengni við barn í fósturinu. Ef samkomulag næst milli barnaverndarnefndar og þeirra sem rétt eiga á umgengni við barnið er gengið frá skriflegum samningi um tíðni og fyrirkomulag umgengninnar og annað sem kann að tengjast henni. Áður en gengið er frá samningnum skal kanna viðhorf fósturforeldra til hans. Ákvæði samningsins eru svo tekin upp í fóstursamningi.

Ef ekki næst samkomulag um umgengni milli þeirra sem rétt eiga á umgengni og barnaverndarnefndar úrskurðar nefndin um umfang hennar, tíðni og framkvæmd. Úrskurðurinn er kæránlegur til kæruneftndar barnaverndarmála. Ákvæði úrskurðarins skulu tekin upp í fóstursamningi. Ef nauðsynlegt reynist að barn fari í fóstur áður en ágreiningur um umgengni er til lykta leiddur þá ber að geta um stöðu ágreiningsmálsins í fóstursamningi.

²⁶ Guðrún Kristinsdóttir, (2004): “Ég hef verið mjög sátt við að vera í fóstur en... Um reynslu ungs fólks af fósturinu” Barnaverndarstofa ritröð 2

Þeir sem telja sig eiga rétt á umgengni eða óska eftir breytingum á umgengni sem þegar hefur verið ákveðin geta snúið sér til barnaverndarnefndar með óskir sínar. Nefndin kannar málið eins og nauðsyn krefur, m.a. með því að leita umsagnar fósturforeldra um þarfir barnsins. Eftir því sem fóstur hefur varað lengur og meiri reynsla er af umgengni, þess mikilvægara er að fá upplýsingar og afstöðu fósturforeldra barnsins til allra breytinga. Að lokinni könnun reynir barnaverndarnefnd að komast að samkomulagi við þann sem óskar eftir umgengni en kveður upp úrskurð ef samkomulag næst ekki.

<http://felagsmalaraduneyti.is/kaerunefndir/barnaverndarmal/>

➤ **Stuðningur barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstur varir**

Í kafla 18.6 hér á eftir er fjallað um þessi atriði en ákvörðun um þau þurfa að koma fram í fóstursamningi. Jafnframt er rétt að benda á sérstakar verklagsreglur sem gilda um styrkt fóstur og er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu: www.bvs.is

➤ **Lok fósturs**

Í fóstursamningi þarf að koma fram hvenær áætlað er að fóstri ljúki.

Barnaverndarnefnd hefur ákveðnar skyldur við barnið þegar fósturinu lýkur en um framkvæmd þess er fjallað í kafla 18.13

➤ **Sérstök umönnun og þjálfun**

Þegar barn fer í styrkt fóstur þarf að fjalla um atriði eins og viðtöl barns við aðra sérfræðinga en starfsmenn barnaverndarnefndar, sérstaka lækni meðferð eða annað sem kann að vera barninu nauðsynlegt. Ekki er víst að barnið þurfi á þessari sérstöku umönnun og/eða þjálfun að halda allan þann tíma sem fóstrið varir þannig að þennan lið getur þurft að endurskoða reglulega um leið og mat fer fram á þörfum barnsins.

20.5 Tilkynna um gerð fóstursamnings

Þegar fóstursamningur hefur verið gerður þarf að tilkynna um það til ýmissa opinberra aðila. Þegar um varanlegt fóstur er að ræða þarf að senda tilkynningu til:

- Barnaverndarstofu (sjá eyðublað á slóðinni <http://www.bvs.is/media/eydublod-v-fosturs/tilkynning-til-bvs1.pdf>)
- Tryggingastofnunar ríkisins
- Þjóðskrár Íslands
- Barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi fósturforeldra
- Skólanefndar í því umdæmi þar sem barnið var í skóla (ef barn er á grunnskólaaldri)
- Skólanefndar í umdæmi fósturforeldra (ef barn er á grunnskólaaldri)

Þegar barn er í tímabundnu fóstri og á áfram lögheimili hjá foreldrum skal senda tilkynningu til:

- Barnaverndarstofu (sjá eyðublað á slóðinni <http://www.bvs.is/media/eydublod-v-fosturs/tilkygning-til-bvs1.pdf>)
- Tryggingastofnunar ríkisins
- Barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi fósturforeldra
- Skólanefndar í því umdæmi þar sem barnið var í skóla (ef barn er á grunnskólaaldri)
- Skólanefndar í umdæmi fósturforeldra (ef barn er á grunnskólaaldri)

20.6 Stuðningur við barnið, fósturforeldrana og foreldrana

Á þeim tíma sem verið er að undirbúa fósturráðstöfun og á meðan fóstrið varir ber barnaverndarnefnd að styðja við alla þá sem málið varðar.

➤ Stuðningur við barnið

Á meðan barnið er í fóstri ber barnaverndarnefnd að fylgjast með aðbúnaði þess og líðan. Heimsækja á barnið að minnsta kosti einu sinni á ári og oftari ef þurfa þykir. Í fóstursamningi skal einnig taka fram í hverju stuðningurinn er fólgin

Í heimsóknum á fósturheimilið þarf að ræða við barnið og afla annarra nauðsynlegra upplýsinga til að hægt sé að meta líðan barnsins. Nauðsynlegt kann að vera að heimsækja fósturheimilið oft í upphafi fóstursins á meðan barnið er að kynnast fósturforeldrunum og nýjum aðstæðum. Þá geta ýmis tilvik orðið til þess að nauðsynlegt er að heimsækja barnið oftari en einu sinni á ári.

Umgengni barnsins við kynforeldra eða aðra nákomna getur oft verið barninu erfið. Ef til vill finnst því það vera í ákveðinni klemmu milli fósturforeldrana og kynforeldrana og á erfitt með að koma fortíð sinni, kynforeldrum og fósturforeldrum inn í eina heillega mynd. Þá kann umgengni að rifja upp ýmis atriði úr fortíðinni sem að reynast því erfið. Stundum getur skipt máli að barnið sé aðstoðað við að ræða þau mál við fósturforeldra sína og einnig að tryggja að barnið hafi tilfinningalegt leyfi til að þykja vænt um alla þá sem standa því nærri, svo sem kynforeldra sína, systkini og fósturforeldra.

Þegar rætt er við fósturbarn þarf ætíð að hafa markmið fóstursins í huga. Ef stefnt er að því að barnið fari aftur heim til kynforeldra þarf að ræða um hvað er að gerast heima hjá barninu á meðan það er í fóstri, hvaða hugmyndir barnið hefur um að snúa aftur heim o.fl. Ef um varanlegt fóstur er að ræða þarf að hjálpa barninu að festa rætur á fósturheimilinu en eiga jafnframt kynforeldra sína að og fortíð sína með þeim.

Þarfir fósturbarna breytast eftir því sem þau eldast. Þegar fósturforeldrar kynnast barninu kemur einnig stundum í ljós að barnið á við einhvern vanda að etja sem ekki var vitað um áður. Hér þarf að hafa í huga að mörg fósturbörn hafa búið við langvarandi vanrækslu áður en þau fara í fóstur, jafnvel allt frá því fyrir fæðingu. Áhrif vanrækslu geta verið alvarleg og komið betur í ljós eftir því sem barnið eldist og því þarf barnaverndarstarfsmaðurinn stöðugt að vera vakandi fyrir því hvort barnið þurfi frekari stuðning, svo sem viðtöl við sérfræðinga eða annað.

➤ **Stuðningur við kynforeldra**

Það að horfa á eftir barni sínu í fóstur er flestum afar erfitt, hvort heldur um er að ræða tímabundið eða varanlegt fóstur. Foreldrar líta auðveldlega á það sem merki um að þeim hafi mistekist, þau geta verið hrædd við fordæmingu umhverfisins og ekki síst sakna þau barnanna sinna og tekur sárt að geta ekki fylgst með þeim í sínu daglega lífi og fylgst með því hvernig þau stækka, þroskast og takast á við lífið. Ástæðan fyrir því að barn fer í fóstur er ekki sú að foreldrum þess þyki ekki vænt um það og það er auðvelt að setja sig í spor þessara foreldra. Í þeim tilvikum sem um forsjárviptingu er að ræða finnst foreldrunum einnig oft þeir hafa verið beittir miklum órétti og reiðin getur beinst bæði að barnaverndarnefnd og fósturforeldrunum.

Með hliðsjón af þessu er ljóst að það þarf að styðja foreldrana vel á þessu tímabili. Með því að tryggja að þeir fái reglulegan stuðning, hvort heldur sem það er hjá starfsmanni barnaverndarnefndar eða öðrum sérfræðingi, er hægt að hjálpa foreldrinu að takast á við allar þær tilfinningar sem vakna. Á þann hátt getur einnig skapast meiri sátt um fósturráðstöfunina og barnið getur þá notið umgenginnar betur.

Ef markmið fóstursins er að barnið komi aftur heim er ein meginforsenda þess að vel til takist að foreldrarnir séu aðstoðaðir við að breyta þeim aðstæðum sem leiddu til þess að barnið fór að heiman eða að þeir fái aðstoð við að takast á við vandamál barnsins á annan hátt. Takist sú vinna ekki er hætt við að barnið komi aftur í óbreyttar aðstæður og að vandamálin haldi áfram, þrátt fyrir alla þá röskun sem orðið hefur á lífi þess við að fara í fóstur. Foreldrum þarf því að vera ljóst hvað þeir þurfa að takast á við og breyta á meðan barnið er í fóstri. Einnig er mikilvægt að þeir séu boðaðir á samráðsfundi (teymisfundi) með starfsmönnum og fósturforeldrum þar sem markmið og tilgangur fósturráðstöfunarinnar eru yfirfarin og metin.

➤ **Stuðningur við fósturforeldra**

Barnaverndarnefnd ber skv. 72. gr. bvl. að undirbúa fósturforeldra fyrir hlutverk sitt áður en barni er ráðstafað til þeirra í fóstur. Í því felst m.a. að veita upplýsingar um barnið, sögu þess og stöðu. Það að taka að sér fósturbarn þýðir einnig að allt heimilislíf fósturforeldra breytist, nýjar venjur verða til og uppfylla þarf nýjar kröfur og því nauðsynlegt að vanda allan undirbúning undir komu fósturbarnsins. Þess vegna er nauðsynlegt að ræða hvaða áhrif væntanlegir fósturforeldrar telja að koma barnsins muni hafa á heimilið, hvort þau þurfi einhvern frekari stuðning o.fl. Fósturráðstöfun er teymisvinna á milli starfsmanns barnaverndarnefndar og fósturforeldra. Í tímabundnu fóstri er mikilvægt að kynforeldrar séu hluti af teyminu því markmiðið er að barnið fari heim aftur. Hér geta aðrir einnig þurft að koma að málinu, allt eftir þörfum barnsins og markmiðum ráðstöfunarinnar, svo sem kennari, skólasálfræðingur o.s.frv.

Góður stuðningur við fósturforeldra þegar barn er komið á heimilið getur skipt sköpum um það hvort markmið fóstursins náist eða ekki. Fósturforeldrar þurfa að geta rætt um og fengið stuðning og handleiðslu við hlutverk sitt og hjálp til að takast á við ólíkar aðstæður og tilvik sem tengjast fósturbarninu. Eftir að barnið hefur öðlast dálítið öryggi á fósturheimilum segir það ef til vill frá erfiðri lífsreynslu og uppákomum sem það hefur aldrei áður trúað neinum fyrir en kann að hafa haft áhrif á hegðun þess og líðan. Þá geta fósturforeldrar haft þörf fyrir að

ræða um breytingar sem orðið hafa á heimilinu eftir að fósturbarnið kom og sérstök ástæða er til að vera vakandi fyrir því hvaða áhrif það hefur haft á eigin börn fósturforeldra sem oft geta orðið dálítið útundan á þessu tímabili.

Barnaverndarlögin kveða á um að barnaverndarstarfsmaður skuli koma á fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Oft er þó þörf á mun tíðari heimsóknum, svo sem fyrst eftir að barnið kemur á fósturheimilið, ef miklar breytingar verða á högum barnsins og/eða fósturfjölskyldunnar og kringum umgengni barnsins við kynforeldra sína.

Þegarúið er að velja fósturforeldra fyrir ákveðið barn er rétt að barnverndarstarfsmaður rifji upp með fósturforeldrum ákveðin atriði sem farið var yfir á námskeiði Barnaverndarstofu og undirstrika sérstaklega mikilvægi samvinnu fósturforeldra við bæði barnaverndarnefnd og kynforeldra allan þann tíma sem fóstrið varir.

- að annast og ala upp barn
- að koma til móts við þarfir barns og taka á misfellum í þroskaferli barnsins
- að styðja tengsl milli barnsins og fjölskyldu þess eftir því sem við á
- að stuðla að því að barnið geti myndað traust, varanleg og þroskandi tengsl
- samvinnu við barnaverndarnefnd, kynforeldra eftir því sem við á og aðra sem koma að umönnun barnsins

20.7 Samstarf við aðra aðila

Þegar verið er að undirbúa fósturráðstöfun þarf að meta við hverja aðra þarf að hafa samstarf en ákvæði um það er að finna í flestum fóstursamningnum. Hér getur verið um að ræða skóla, leikskóla, félagsþjónustu vegna stuðnings á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, eða aðra.

➤ Skóli

Ef barnið er á skólaaldri þarf barnaverndarnefnd, strax og ljóst er að barnið muni fara í fóstur, að hafa samband við skólaskrifstofu í eigin skólaumdæmi og tryggja að samið verði um skólagöngu barnsins í heimilisumdæmi fósturforeldra. Um greiðslu kostnaðar vegna skólagöngu fósturbarns fer skv. 75. gr. bvl. og 5. gr. grunnskólalaga nr. 71/2008 og 9. gr. reglugerðar nr. 547/2012. Sveitarfélög skulu ganga frá skriflegu

samkomulagi um þær greiðslur. Komi upp ágreiningur milli sveitarfélaga um greiðslu kostnaðar geta þau vísað ágreiningsmálum til úrskurðarnefndar sem ráðherra skipar skv. 6. mgr. 5. gr. grunnskólalaga. Samband íslenskra sveitarfélaga gefur út viðmiðunarreglur vegna grunnskólagöngu barna utan lögheimilissveitarfélags ásamt gjaldskrá. Í þeim reglum kemur m.a. fram að semja skuli fyrirfram um námsvist og kostnað vegna hennar. Þar segir jafnframt að meginreglan í samskiptum sveitarfélaga sé sú að komi fram ósk frá lögheimilissveitarfélagi um skólavist í öðru sveitarfélagi skal orðið við slíkri ósk. Geti skóli/skólar viðkomandi sveitarfélags ekki séð þeim nemanda sem óskað er eftir skólavist fyrir viðunandi þjónustu að mati sérfræðiþjónustu skóla skal slíkt koma fram sem rökstuðningur fyrir synjun á umsókn til lögheimilissveitarfélags. Komi upp ágreiningur um greiðslur fyrir skólavist skv. 3. og 4. gr. reglnanna og sveitarfélögin geta ekki leyst þann ágreining sín á milli er hægt að vísa honum til umfjöllunar nefndar til umsagnar sbr. 7. grein viðmiðunarreglnanna. Nefndin gerir tillögu til úrlausnar ágreiningnum sem þó er ekki bindandi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög. Viðmiðunarreglurnar er að finna á:

<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/grunnskoli/vidmidunarreglur-grunnskoli/>

Miklu skiptir að vel sé gengið frá skólamálum barnsins. Hafa þarf samband við skólafyrirvöld með góðum fyrirvara þannig að skólinn fái tækifæri til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að barnið fái þá kennslu sem það hefur þörf fyrir.

20.8 Endurskoða fóstursamning

Ef aðstæður fósturforeldra breytast svo sem vegna alvarlegra veikinda, skilnaðar, andláts eða búferlaflutnings ber þeim að tilkynna það barnaverndarnefnd sem þarf í framhaldi af því að endurskoða fóstursamninginn ef ástæða er til.

20.9 Segja upp eða rifta fóstursamningi

Fóstursamning skal ætíð gera með þeim fyrirvara að hann falli úr gildi ef krafa kynforeldris um endurskoðun á ráðstöfun barnaverndarnefndar nær fram að ganga.

Ef fóstursamningurinn er gerður til 12 mánaða eða skemmri tíma getur hvor aðili, þ.e. fósturforeldrar eða barnaverndarnefnd, sagt honum upp og skal miða við eins mánaðar

gagnkvæman uppsagnarfrest nema annars sé sérstaklega getið. Gert er ráð fyrir að uppsögn sé skrifleg og miðist við mánaðarmót.

Ef fóstursamningurinn er gerður til lengri tíma en 12 mánaða getur hvor aðili þ.e. fósturforeldrar eða barnaverndarnefnd, óskað eftir að breyta honum eða fella samninginn úr gildi. Náist ekki samkomulag getur nefndin með rökstuddum úrskurði breytt fóstursamningi eða felld hann úr gildi. Úrskurður er kæránlegur til kærunefndar barnaverndarmála. (<http://www.velferdarraduneyti.is/raduneyti/nefndir-rad-stjornir/nr/1383>)

Ef aðilar telja verulegar vanefndir á fóstursamningi geta þeir tafarlaust rift honum. Nánari leiðbeiningu um hvað teljast verulegar vanefndir er að finna í 32. gr. reglug.

Ef fóstursamningur fellur úr gildi fyrr en áætlað var af einhverjum ástæðum er mjög mikilvægt að barnaverndarnefndar sendi Barnaverndarstofu tilkynningu um það ásamt greinargerð um ástæður samningslita. Þetta getur haft áhrif á mat Barnaverndarstofu á hæfi fósturforeldra ef þau sækja um að taka barn í fóstur að nýju.

20.10 Réttindi barns í fóstri

Á meðan barn dvelur í fóstri þarf að tryggja að það njóti þeirra réttinda sem það hefur. Barnið á rétt á umgengni við foreldra sína, það á rétt á að njóta stuðnings barnaverndarnefndar og að eftirlit sé með aðbúnaði þess og líðan á fósturheimilinu.

20.11 Eftirlit með barni í fóstri

Barnaverndarnefnd sem ráðstafað hefur barni í fóstur fer með mál þess á meðan fóstursamningur er í gildi. Þetta þýðir að þó kynforeldrar flytji á því tímabili flyst þessi hluti málsins ekki milli nefnda. Barnaverndarnefnd ber að fylgjast með aðbúnaði og líðan barns á meðan það er í fóstri og heimsækja fósturheimilið a.m.k. einu sinni á ári. Eins og getið var hér að framan getur verið ástæða til að heimsækja fósturheimilið mun oft og ætíð skal rætt við barnið þegar farið er á fósturheimili.

20.12 Réttur foreldra og barns til að taka mál upp að nýju

Barnaverndarnefnd verður alltaf að fylgjast með því hvort fósturráðstöfun barns þjóni hagsmunum þess og nái markmiði sínu. Hver sem er getur á hverjum tíma komið ábendingum til barnaverndarnefndar um hið gagnstæða og hefur barnaverndarnefnd það á valdi sínu að kanna slíkar ábendingar ef þær eru taldar á rökum reistar, taka mál fyrir að nýju og breyta fyrri ákvörðunum. Barnaverndarnefnd getur almennt breytt hvaða ákvörðun sem er, bæði þegar foreldrar hafa samþykkt ráðstöfun og í þeim tilvikum þegar dómstóll hefur veitt heimild fyrir vistun barns utan heimilis eða jafnvel svipt foreldri forsjá.

Ef foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri telur fósturráðstöfun ekki lengur þjóna hagsmunum barns verður að skoða annars vegar hvort viðkomandi aðili samþykkti fósturráðstöfun og hins vegar hvort ráðstöfun var tímabundin eða varanleg.

- Tímabundið fóstur - samþykki
Foreldri getur hvenær sem er afturkallað samþykki sitt fyrir tímabundnu fóstri. Ef barnaverndarnefnd telur að barnið skuli engu að síður vera áfram í fósttrinun verður nefndin að grípa til ráðstafana skv. 26., 27, 28. eða 29. gr. bvl. ef skilyrðum þeirra er talið fullnægt, og eftir atvikum 31. gr. um neyðarráðstafanir. Hið sama gildir um barn í fóstri þegar það hefur náð 15 ára aldri og er það óháð því hvort barnið var yngra en 15 ára þegar það fór í fóstur.
- Tímabundið fóstur - úrskurður
Ef kveðinn hefur verið upp úrskurður um fóstur í allt að 12 mánuði og málskotsfrestur er liðinn þá hafa foreldrar og barn ekki aðra kosti en að koma á framfæri ábendingum til barnaverndarnefndar.
- Varanlegt fóstur – samþykki eða dómur um forsjárviptingu
Þegar um varanlega ráðstöfun er að ræða skiptir ekki máli hvort foreldri og/eða barn samþykkti fóstur eða hvort kveðinn var upp dómur um sviptingu forsjár. Í þessum tilvikum er eðlilegt að foreldri og/eða barn sem náð hefur 15 aldri snúi sér fyrst til barnaverndarnefndar með ósk um endurskoðun fósturráðstöfunar. Ef nefndin telur ekki ástæðu til að endurskoða ráðstöfun

getur foreldri og/eða barn sem náð hefur 15 ára aldri höfðað mál fyrir dómi og gert kröfu um að fóstursamningi verði hnekkt eða dómi um sviptingu breytt og að foreldri verði falin forsjá eða umsjá barns að nýju. Krafan verður því aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna, raski ekki stöðugleika í uppeldi barns og taki mið af hag og þörfum þess.

Í þeim tilvikum þegar foreldri hefur verið svipt forsjá getur það einungis gert kröfu ef liðnir eru tólf mánuðir hið minnsta frá því að dómstóll leysti síðast úr máli með endanlegum dómi.

20.13 Lok fóstursamnings

Varanlegu fósturi lýkur almennt við 18 ára aldur barnsins. Heimilt er að framlengja fóstursamning til 20 ára aldurs óski barnið eftir því. Þrátt fyrir að fósturi sé lokið er markmið með varanlegu fósturi að barnið dvelji hjá fósturforeldrum þar til það sjálft getur staðið á eigin fótum og byggt upp sjálfstætt líf.

Í tímabundu fósturi er markmiðið að barnið fari heim aftur eftir ákveðinn tíma. Mikilvægt er að heimkoma barnsins aftur til kynforeldra sé vandlega undirbúin og skal að jafnaði gera nýja skriflega áætlun í máli barns ekki síðar en mánuði áður en fósturi lýkur, sbr. 30. gr. reglug. Flutningur barns á fósturheimili getur verið átakamikill fyrir barnið, það sama má segja um flutninginn aftur heim. Því er mikilvægt að hafa aðdraganda að flutningum heim, t.d. með að auka umgengni áður en barnið flytur alfarið. Einnig má hugsa sér að fósturforeldrar taki að sér ákveðið hlutverk gagnvart barninu svo sem í formi stuðnings eftir að barnið er komið til kynforeldra.

Barnaverndarnefnd ber að tilkynna Barnaverndarstofu um lok fósturs.

20.14 Gagnlegir tenglar um fósturmál

<http://www.ifco.info/>

<http://www.bornetinget.dk/>

<http://www.barnevernsbarna.no/>

21. Önnur verkefni barnaverndarnefnda

Barnaverndarnefndir hafa ýmis verkefni á hendi sem ekki varða beint meðferð mála einstaklinga. Helstu verkefnin varða ýmis konar leyfisveitingar vegna úrræða í barnaverndarmálum svo og umsagnir í málefnum barna vegna úrlausna annarra yfirvalda, svo sem sýslumanna og dómstóla. og dómsmálaráðuneytis.

21.1 Leyfisveitingar barnaverndarnefndar

24. gr. og XIV. kafli l. nr. 80/2002

Reglug. nr. 652/2004 og 366/2005

Í reglugerð nr. 652/2004 er fjallað um ýmis úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Flest þessara úrræða eru leyfisskyld og ber barnaverndarnefnd að afgreiða leyfin, nema úrræði skv. 84. gr. barnaverndarlaganna sem fjallað er um hér að neðan. Úrræðin sem hér um ræðir eru:

- Sumardvalir
- Tilsjónarmaður og persónulegur ráðgjafi
- Stuðningsfjölskylda

Í kaflanum um stuðningsúrræði er nánar fjallað um úrræðin sjálf og hér verður því aðeins fjallað um leyfisveitingarnar.

21.2. Sumardvöl á vegum annarra en barnaverndarnefnda

1. mgr. 91. gr. l. nr. 80/2002

reglug. nr. 366/2005

21.2.1 Sumardvöl á einkaheimili

Þeir sem óska eftir að taka barn til sumardvalar á einkaheimili gegn gjaldi í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma þurfa til þess leyfi barnaverndarnefndar þar sem þeir búa.

Umsókn með upplýsingum um nöfn, heimilisföng o.fl. auk umsagna og vottorða þarf að koma til barnaverndarnefndar með góðum fyrirvara og áður en börnin koma á

heimilið. Nánari upplýsingar um þau atriði sem fram þurfa að koma í umsókninni er að finna í 14. og 15. gr. reglugerðarinnar. Umsækjandi skal ekki vera yngri en 23 ára og þarf að sækja viðurkennt námskeið í skyndihjálpi fyrir börn. Að jafnaði skal ekki veita leyfi til að taka fleiri en fjögur börn í einu til dvalar og aldrei fleiri en sex, þar með talin önnur börn sem dvelja á heimilinu. Þegar barnaverndarnefnd hefur borist umsókn skal fulltrúi hennar fara a.m.k. einu sinni á heimilið og skrifa greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun. Við gerð úttektar skal taka mið af sömu atriðum og þegar um er að ræða sumardvalir barna á vegum barnaverndarnefnda og fram koma í kafla 19.3.1 hér að neðan. Umsækjanda skal gefinn kostur á að kynna sér greinargerðina og að koma með athugasemdir við hana. Nefndin afgreiðir síðan umsóknina með bókun.

Við fyrstu umsókn skal aldrei veita leyfi til lengri tíma en eins árs. Ef um er að ræða endurnýjun leyfis er unnt að veita leyfi til 3ja ára og í þeim tilvikum metur barnaverndarnefnd hvaða gögn eru nauðsynleg til að unnt sé að afgreiða umsóknina. Þó skulu upplýsingar úr sakaskrá frá þeim tíma sem liðinn er frá því sakavottorðs var síðast aflað liggja fyrir.

Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um öll heimili sem fá leyfi til að taka börn í sumardvöl.

Barnaverndarnefnd ber að fylgjast með því að leyfishafi uppfylli hverju sinni almenn skilyrði leyfisveitingar. Þá ber nefndinni að fylgjast með högum og aðbúnaði barna sem dvelja í sumardvöl á einkaheimilum og heimsækja þau eins oft og þurfa þykir. Ef umönnun barns er óhæfileg, rekstri heimilis ábótavant eða um annars konar brot á ákvæðum reglugerðarinnar er að ræða getur barnaverndarnefnd svipt rekstraraðila starfsleyfinu.

Þá skal barnaverndarnefnd einnig gæta þess að öll einkaheimili sem taka börn í sumardvöl í umdæminu hafi til þess tilskilið leyfi.

21.3 Sumardvöl á vegum barnaverndarnefnda

86. gr. l. nr. 80/2002

IV. kafli reglug. nr. 652/2004

Eitt af þeim úrræðum sem barnaverndarnefndum er ætlað að hafa eru sumardvalir sbr. c. lið 24. gr. og 86. gr. bvl. Hér er átt við dvöl á einkaheimili í allt að þrjú mánuði yfir sumarstíma. Sumardvöl er þó almennt ekki ætluð börnum yngri en 6 ára. Þeir sem óska eftir að taka börn í sumardvöl þurfa að sækja um leyfi til barnaverndarnefndar þar sem þeir búa.

Skilyrði og afgreiðsla leyfis er að finna í IV. kafla reglug. nr. 652/2004. Umsóknnum þurfa að fylgja ýmis vottorð, svo sem samþykki allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að barnaverndarnefnd afli upplýsinga úr sakaskrá. Þegar nefndin hefur fengið öll nauðsynleg gögn skal fulltrúi hennar heimsækja umsækjanda, gera úttekt á aðstæðum umsækjanda, skrifa greinargerð sem umsækjanda gefst kostur á að gera athugasemdir við og afgreiða svo umsóknina með bókun.

Hafa ber í huga að leyfi sem umsækjandi kann að hafa frá barnaverndarnefnd og /eða Barnaverndarstofu til annarra starfa, svo sem að vera persónulegur ráðgjafi, stuðningsforeldri eða fósturforeldri veitir ekki sjálfkrafa leyfi til að taka börn í sumardvöl, heldur þarf að fjalla um þá umsókn sérstaklega. Almennt er gert ráð fyrir að aðili taki börn í sumardvöl annað hvort frá barnaverndarnefndum eða frá öðrum. Við mat á því hvort rétt sé að sami staðurinn sinni mörgum verkefnum fyrir barnaverndarnefnd þarf að meta hvaða áhrif ný starfsemi hefur á börnin sem njóta þjónustunnar sem fyrir er (koma t.d. reglulega í stuðningsdvöl). Hafi nefndin í höndum upplýsingar um umsækjanda vegna annarra starfa má nýta þær við afgreiðslu umsóknar um að taka börn í sumardvöl. Umsækjandi og leyfishafi geta skotið ákvörðunum barnaverndarnefndar um leyfisveitingu eða leyfissviptingu til kærunefndar barnaverndarmála sjá nánar á vefsíðu ráðuneytis <http://www.velferdarraduneyti.is/kaerunefndir/barnaverndarmal/>

21.3.1. Úttekt vegna umsóknar um að taka börn í sumardvöl

Þau atriði sem skoða þarf sérstaklega þegar úttekt er gerð vegna umsóknar um að taka börn í sumardvöl eru:

1. Inngangur

- nafn umsækjanda og heimilisfang
- hvernig var upplýsinga aflað
- hvenær var heimilið heimsótt
- við hverja var rætt og hvenær
- fjöldi barna sem óskað er leyfi fyrir
- aldur barnanna
- hvenær fjallaði barnaverndarnefnd um umsögnina

2. Lýsing á aðstæðum og viðtöl

a) Heimilið og umsækjandi

- nafn og kennitala allra heimilismanna
- atvinna umsækjanda
- menntun og starfsreynsla umsækjanda
- stutt lýsing á bakgrunni umsækjanda og félagslegri stöðu
- reynsla umsækjanda af vinnu með börnum
- reynsla og þekking umsækjanda á börnum með sérþarfir
- hver eru helstu áhugamál umsækjanda og tómstundaiðkan
- hvert er viðhorf umsækjanda til umönnunar og uppeldis barna
- neytir umsækjandi áfengis, tóbaks eða annarra vímuefna og hver er afstaða til þessara efna
- hvers vegna óskar viðkomandi eftir að taka börn i sveit
- hvernig telur umsækjandi að sumardvölin geta nýst börnunum
- hverjar eru helstu áherslur umsækjanda í starfinu með börnunum
- hvernig telur umsækjandi sig geta náð markmiðunum sínum

b) Húsnæði

- lýsing á húsnæði
- hvernig hentar húsnæðið markmiðum staðarins og fjölda barna
- aðstæður í svefnherbergjum og öðrum vistarverum
- hvernig er öryggismálum háttað, s.s. brunavörnum
- eru hættur innandyra

c) Umhverfi

- Lýsing á umhverfi
- hvernig hentar umhverfið börnunum og markmiðum starfsins
- eru einhverjar hættur utandyra

d) Annað

- verða aðrir en þeir sem nefndir hafa verið í umsókninni með aðsetur á heimilinu
- er önnur starfsemi en sú sem sótt er um leyfi fyrir á heimilinu, t.d bændagisting
- annað sem máli kann að skipta

3. Sérstök atriði sem þarf að meta ef sótt er um að taka börn í sumardvöl á vegum barnaverndarnefnda

- hefur umsækjandi áður unnið fyrir barnaverndarnefnd og ef svo er hvernig var sú reynsla
- hvert er viðhorf umsækjanda til barna og fjölskyldna í vanda
- hefur umsækjandi sérstaka þekkingu eða reynslu af að vinna með börnum í vanda
- er umsækjandi tilbúinn í samstarf við barnaverndarnefnd

4. Mat og niðurstöður

- hvert er mat barnaverndarnefndar á ofangreindum upplýsingum
- hver er niðurstaða barnaverndarnefndar
- bókun barnaverndarnefndar

Hluti þeirra atriða sem nefnd eru hér að ofan er að finna í umsókninni sjálfri og má þá að sjálfsögðu vísa til þeirra við gerð umsagnar.

21.3.2 Endurnýjun á leyfi

Við endurnýjun á leyfi þarf fyrst og fremst að fjalla um þau atriði sem hafa breyst frá þeim tíma sem umsögn var síðast veitt. Þá skal ætíð fylgja sakavottorð umsækjanda og fara skal í heimsókn á heimilið.

Þegar leyfi hefur verið afgreitt skal barnaverndarnefnd tilkynna það Barnaverndarstofu. Jafnframt skulu nefndir sem ráðstafa börnum í sumardvöl ganga úr skugga um að heimilið hafi leyfi. Þá hefur nefndin þar sem leyfishafi býr þá skyldu að fylgjast með að öll þau heimili sem taka börn í sumardvöl hafi leyfi, á meðan nefnd sem ráðstafar barni í sumardvöl ber að fylgjast með líðan þess og aðbúnaði. Telji nefndin umönnun barna óviðunandi eða rekstri ábótavant getur hún svipt heimili leyfi til að taka við börnum.

Umsækjandi og leyfishafi geta skotið ákvörðunum barnaverndarnefndar um leyfisveitingu eða leyfissviptingu til kærunefndar barnaverndarmála.

21.4 Tilsjónarmaður og persónulegur ráðgjafi

24. gr. l. nr. 80/2002

V. kafli reglug. nr. 652/2004

Tilsjónarmaður er fenginn á vegum barnaverndarnefndar og er fyrst og fremst ætlað að aðstoða foreldra við að sinna forsjár- og upveldisskyldum sínum sem best hentar hag og þörfum barns.

Persónulegur ráðgjafi er fenginn á vegum barnaverndarnefndar og fyrst og fremst ætlað að veita barni ráðgjöf og leiðbeiningar í þeim tilgangi að styrkja það félagslega og tilfinningalega svo sem í sambandi við tómsundur, menntun og vinnu.

Þeir sem óska eftir að taka að sér verkefni tilsjónarmanns eða persónulegs ráðgjafa þurfa að sækja um það til þeirrar barnaverndarnefndar sem þeir vilja vinna fyrir. Sumar barnaverndarnefndar ráða einstaklinga í ákveðið fast starfshlutfall til að sinna þessum hlutverkum gagnvart börnum og fjölskyldum eftir þörfum. Í öðrum tilvikum er ráðinn sérstakur einstaklingur eingöngu fyrir tiltekið barn eða fjölskyldu, t.d. vegna tengsla sem eru fyrir hendi eða sérþarfa barns.

Umsókn um að gerast tilsjónarmaður eða persónulegur ráðgjafi þurfa að fylgja eftirfarandi gögn:

- heilbrigðisvottorð

- samþykki fyrir því að barnaverndarnefnd afli upplýsinga úr sakaskrá
- yfirlit yfir starfsferil, menntun og reynslu af starfi með börnum

Þegar búið er að ráða umsækjenda og hann fær ákveðið verkefni þarf að gera samning, sbr. 5. gr. reglug. nr. 652/2004, þar sem m.a. kemur fram hvert verkefnið er, hversu lengi því er ætlað að vara og hvenær eigi að meta verkefnið. Auk þess þarf að koma fram að viðkomandi er bundinn þagnarskyldu um hvernig hann skilar frá sér upplýsingum og skýrslu og um greiðslur.

Tilsjónarmaður og persónulegur ráðgjafi starfa undir stjórn bvn. og eiga rétt á handleiðslu.

21.5 Stuðningsfjölskyldur

24. gr. l. nr. 80/2002

VI. kafli reglug. nr. 652/2004

Stuðningsfjölskylda er fengin á vegum barnaverndarnefndar og er fyrst og fremst ætlað að taka á móti barni eða í sumum tilvikum barni og foreldrum á einkaheimili. Markmiðið er meðal annars að tryggja öryggi barnsins, létta álagi af barni og fjölskyldu og leiðbeina og styðja foreldra í uppeldishlutverki.

Vista má barn hjá stuðningsfjölskyldu í allt að sjö daga samfelld. Ef vistun er ætlað að vara í lengri tíma þarf að fara eftir ákvæðum 84. gr. barnaverndarlaga eða ákvæðum um fóstur eftir því sem við á.

Þeir sem óska eftir að verða stuðningsforeldrar þurfa að sækja um það hjá barnaverndarnefnd í sínu heimilisumdæmi. Umsókninni þurfa að fylgja eftirfarandi gögn:

- heilbrigðisvottorð
- samþykki allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að barnaverndarnefnd afli upplýsinga úr sakaskrá
- yfirlit yfir starfsferil, menntun og reynslu af starfi með börnum
- upplýsingar um önnur leyfi eða verkefni fyrir barnaverndarnefndir

Umsækjandi skal ekki vera yngri en 23 ára og ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða þurfa þau að sækja um saman.

Barnaverndarnefnd er heimilt að leita eftir upplýsingum um umsækjanda hjá öðrum. Áður en umsókn er afgreidd skal fulltrúi nefndarinnar fara a.m.k. einu sinni á heimili umsækjanda og skrifa greinargerð að lokinni gagnaöflun sem kynnt er umsækjanda. Nefndin afgreiðir síðan umsóknina með bókun.

Leyfi til að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu skal veitt til eins árs í senn. Ef óskað er endurnýjunar umsóknar metur nefndin hvaða gögn þurfa að fylgja umsókninni. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og atriði sem kunna að hafa breyst ef liðin eru meira en þrjú ár frá því upplýsingar voru veittar.

Barnaverndarnefnd þar sem stuðningsfjölskylda býr ber að fylgjast með því að leyfishafi uppfylli almenn skilyrði fyrir leyfisveitingu.

Ákvörðun bvn. um leyfisveitingu og leyfissviptingu er unnt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála sjá nánar á vefsíðu ráðuneytis
<http://felagsmalaraduneyti.is/kaerunefndir/barnaverndarmal/>

21.6 Leyfisveitingar Barnaverndarstofu

84. gr. l. nr. 80/2004

VII. kafli reglug. nr. 652/2004

21.6.1 Heimili og önnur úrræði sem bvn. skulu hafa tiltæk

Í 84. gr. bvl. eru ákvæði um úrræði sem bvn. skulu hafa tiltæk. Um er að ræða bæði heimili og stofnanir svo sem vistheimili og sambylí svo og vistforeldra sem veita barni móttöku á einkaheimili sbr. kafla 13.5.

Umsóknum um leyfi á grundvelli 84. gr. eru sendar Barnaverndarstofu. Á heimasíðu stofunnar er að finna umsóknareyðublað, (<http://www.bvs.is/files/file261.doc>), bæði

fyrir heimili/stofnanir og fyrir önnur úrræði (t.d. vistun hjá ættingja). Umsókninni þurfa að fylgja umboð frá öllum heimilismönnum eldri en 15 ára um heimild Barnaverndarstofu til að afla sakavottorða. Ef vistforeldrar búa í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar þarf að ganga úr skugga um að sú nefnd sjái því ekkert til fyrirstöðu að barn verði vistað á heimilinu. Hér er ekki átt við að gera þurfi sérstaka úttekt á heimilinu, heldur að gengið sé úr skugga um að ekki séu barnaverndarnefndar afskipti af viðkomandi heimili. Barnaverndarstofa leitast við að afgreiða þessar umsóknir eins fljótt og unnt er

21.6.2 Sumarbúðir ofl.

Í 2. gr. 91. gr. barnaverndarlaganna kemur fram að þeir sem óska eftir að setja á stofn og reka heimili til að veita börnum viðtöku til umönnunar, stuðnings, afþreyingar eða hollra tómstunda þurfa til þess leyfi Barnaverndarstofu. Hér er t.d. átt við sumarbúðir og reiðskóla þar sem börn dvelja allan sólahringinn.

Í reglug. nr. 366/2005 um vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda er fjallað nánar um skilyrði þessara leyfisveitinga. Almenn atriði er að finna í I. kafla og síðan sértækari atriði í III. kafla. Í 24. gr. kemur fram að barnaverndarnefnd á því svæði sem heimilið/stofnunin er starfandi skuli veita umsögn um staðinn áður en leyfi er gefið út.

➤ Umsagnir vegna umsókna um rekstur sumarbúða

Við gerð umsagnar þarf að taka mið af þeim atriðum sem fram koma í fyrrnefndri reglugerð og eru skilyrði fyrir því að leyfi fáiast. Þættir sem barnaverndarnefnd þarf að skoða sérstaklega og fram þarf að koma í umsögninni eru:

Inngangur

- nafn heimilis og staðsetning
- nafn forstöðumanns og ábyrgðaraðila
- hvernig var upplýsinga aflað
- hvenær var heimilið heimsótt
- við hverja var rætt og hvenær
- hvenær fjallaði barnaverndarnefnd um umsögnina

Lýsing á aðstæðum og viðtöl

a) Heimilið

- hvert er markmið heimilisins
- hvernig verður markmiðunum náð
- fjöldi barna sem óskað er leyfi fyrir
- áherslur í starfi með börnum
- aldur barnanna

b) Forstöðumaður:

- nafn og kennitala forstöðumanns
- menntun og starfsreynsla forstöðumanns

c) Starfsfólk

- fjöldi starfsmanna
- aldur starfsmanna
- menntun og reynsla starfsmanna
- verkaskipting starfsmanna

d) Húsnæði

- lýsing á húsnæði
- hvernig hentar húsnæðið markmiðum staðarins og fjölda barna
- aðstæður í svefnherbergjum, borðsal og öðrum vistarverum
- hvernig er öryggismálum háttað, s.s. brunavörnum
- eru hættur innandyra

e) Umhverfi

- lýsing á umhverfi
- hvernig hentar umhverfið börnunum og markmiðum starfsins
- eru einhverjar hættur utandyra

f) Annað

- verða aðrir en börnin og starfsmenn með aðsetur á heimilinu

- er önnur starfsemi en sú sem sótt er um leyfi fyrir á heimilinu
- annað sem máli kann að skipta

Mat og niðurstöður

- hvert er mat barnaverndarnefndar á ofangreindum upplýsingum
- hver er niðurstaða barnaverndarnefndar
- bókun barnaverndarnefndar

Hluti þeirra atriða sem nefnd eru hér að ofan er að finna í umsókninni sjálfri og má þá að sjálfsögðu vísa til þeirra við gerð umsagnar. (<http://www.bvs.is/files/file264.doc>)

➤ Endurnýjun á leyfi

Við fyrstu umsókn er ekki veitt leyfi nema til eins árs. Ef óskað er endurnýjunar á leyfi er metið hvaða gögn þurfa að fylgja umsókn. Í umsögn nefnda vegna endurnýjunar á leyfi þarf fyrst og fremst að fjalla um þau atriði sem hafa breyst frá þeim tíma sem umsögn var síðast veitt. Ætíð skal skoða sérstaklega aldur starfsmanna, en starfsmenn geta þeir einir talist sem orðnir eru 18 ára.

➤ Leyfisveiting og eftirlit

Þegar Barnaverndarstofa hefur veitt leyfi til reksturs heimilis skal hún tilkynna það barnaverndarnefnd í því umdæmi sem heimilið er rekið.

Barnaverndarnefnd skal fylgjast með að leyfishafi uppfylli almenn skilyrði fyrir leyfisveitingu og heimsækja heimilið eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Barnaverndarstofa getur svipt heimili rekstrarleyfi eftir ábendingar frá barnaverndarnefnd eða að eigin frumkvæði sé umönnun barna talin óviðunandi eða rekstri heimilisins ábótavant.

19.7.1 Forsjá og umgengni

Barnalög nr. 76/2003

Barnalögin fjalla m.a. um forsjá barna og umgengni þeirra við það foreldri sem barnið býr ekki hjá. Einnig, um það hvernig skuli fara með ágreiningsmál sem upp kunna að koma í tengslum við forsjá og umgengni. Í lögunum er að finna nokkur ákvæði þar sem kveðið er á um heimild til að leita til barnaverndarnefndar eða að hægt sé að leita liðsinnis hennar.

Í forsjármálum sem rekin eru fyrir dómstólum er algengast að aflað sé matsgerða dómkvaddra sérfræðinga en sá möguleiki er einnig fyrir hendi að dómari leggi fyrir aðila að afla eða óski sjálfir umsagnar barnaverndarnefndar.

Í 32. gr. barnalaga segir m.a. að foreldrar geti falið öðrum forsjá barns síns með samningi enda mæli barnaverndarnefnd með þeirri skipan. Þar sem samningar um forsjá öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns þá er það sýslumaður sem óskar umsagnar barnaverndarnefndar í þessum tilvikum.

Í 45. gr. barnalaga er fjallað um framkvæmd forsjárakvarðana. Ef sá sem barn dvelst hjá neitar að afhenda það réttum forsjáraðila þá er mögulegt að koma forsjánni á með þvingun eða svokallaðri aðfarargerð. Samskonar þvingun kemur einnig til greina til að koma á umgengni. Ef til aðfarar kemur þá skal sýslumaður boða fulltrúa barnaverndarnefndar til að vera viðstaddan aðgerðir til að styðja barnið og gæta hagnuna þess. Sýslumanni ber að haga framkvæmd þannig að sem minnst álag verði fyrir barn og hann getur stöðvað aðför ef hann telur sérstaka hættu á að barn hljóti skaða af framhaldi gerðar, t.d. að fengnu álitni fulltrúa barnaverndarnefndar.

Í 47. gr. er fjallað um úrskurði sýslumanns um umgengni. Þar kemur fram að sýslumaður geti mælt svo fyrir í úrskurði, að undangengnu samráði við barnaverndarnefnd, að umgengni skuli fara fram undir eftirliti eða með liðsinni barnaverndarnefndar eða sérstaklega tilnefnds umsjónarmanns. Miðað er við að eftirlit og liðsinni sé á ábyrgð barnaverndarnefndar þar sem barn býr en að nefndin leiti samvinnu við barnaverndarnefnd í öðrum umdæmi eftir atvikum. Með eftirliti er

almennt átt við að umgengnin fari fram í viðurvist barnaverndarstarfsmanns og getur sýslumaður úrskurðað að umgengni fari fram með þessum hætti í húsnæði á vegum nefndarinnar. Annað liðsinni barnaverndarnefndar getur falið í sér tilsjón eða umsjón með umgengni þannig að barnaverndarstarfsmaður sjái um að sækja barn og skila því, t.d. ef foreldri sem barn býr hjá heldur því fram að barn vilji ekki fara í umgengni eða óttist umgengnisforeldri. Hlutverk barnaverndarstarfsmanns verður einungis að reyna að framkvæma úrskurð sýslumanns en aldrei að breyta þeim ákvörðunum eða þvinga þær fram. Auk þess að annast framkvæmd umgenginnar með þessum hætti er litið svo á að eftirlitsaðili eða umsjónarmaður geti einnig haft það hlutverk að gefa yfirlit eða skýrslu um hvernig tekst til með umgengni. Þegar sýslumaður úrskurðar um eftirlit eða liðsinni barnaverndarnefndar þá er það yfirleitt tímabundin ráðstöfun. Skýrsla um framkvæmd tímabundinnar umgengni getur verið mjög þýðingarmikil þegar umgengni er svo ákveðin til frambúðar.

Í 48. gr. er fjallað um dagsektir til að koma á umgengni. Sýslumaður getur ákveðið að umgengni verði þvinguð fram með dagsektum ef forsjáradili barn er talinn tálma þeim sem eiga umgengnisrétt við barnið að njóta hans. Við rannsókn þessara mála getur sýslumaður óskað liðsinnis barnaverndarnefndar eða sérstaklega tilnefnds umsjónarmanns. Viðkomandi er þá ætlað að vera viðstaddur þegar látið er reyna á umgengni, eftir atvikum aðstoða við framkvæmd umgengnisréttarins ef honum er tálmað og staðfesta að svo hafi verið.

Í 74. gr. er kveðið á um að sýslumaður geti á öllum stigum leitað liðsinnis sérfræðings í málefnum barna. Það útilokar ekki að leitað sé umsagnar barnaverndarnefndar en með breytingu á barnalögum nr. 61/2012 var ákvæði um umsagnir barnaverndarnefndar tekið úr lögnum og miðað við að leitað sé til annara aðila. Tilkynningaskylda sýslumans er áréttað í ákvæðinu og að barnaverndarnefnd beri þá að taka málið til meðferðar. Hér er fyrst og fremst viðað við gerð umsagna í umgengnisdeilum en sá möguleiki er líka fyrir hendi að sýslumaður telji rétt að kanna aðstæður foreldra í tilefni af staðfestingu á samningi um forsjá eða umgengni. Þegar foreldrar óska úrskurðar sýslumanns um umgengni er talið að sýslumaður eigi í langflestum tilvikum að geta komist að niðurstöðu á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir.

Aðilar sem hafa athugasemdir við efnistöð, málsmeðferð, umsögn eða tillögur barnaverndarnefndar geta komið þeim athugasemdum á framfæri við sýslumann sem tekur afstöðu til þeirra. Barnaverndarstofa hefur með hliðsjón af þessu vísað frá kvörtunum um vinnubrögð barnaverndarnefnda við gerð umsagna samkvæmt ákvæðum barnalaga.

21.7.2 Ættleiðingar

Lög um ættleiðingar nr. 130/1999

Reglug. nr. 238/2005

Sýslumaðurinn í Reykjavík veitir leyfi til ættleiðingar í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 og reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005. Sótt er um leyfi til ættleiðingar á sérstöku eyðublaði http://www.syslumenn.is/media/eydublod/aettleidingar/Umsokn_um_leyfi_til_attleidingar_02_01_12_utfyllanlegt.pdf

Í 16. gr. ættleiðingarlaga kemur fram að leita skuli umsagnar barnaverndarnefndar þegar umsókn berst um leyfi til ættleiðingar, nema augljóst sé að skilyrði fyrir útgáfu ættleiðingarleyfis séu ekki uppfyllt. Reglugerð um ættleiðingar (<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/238-2005>) fjallar svo um hvað skuli skoða sérstaklega við gerð umsagnar, sbr. IV. og V. kafla reglugerðarinnar.

Þegar rituð hefur verið greinargerð skal kynna hana fyrir umsækjendum og gefa þeim tækifæri til að koma með athugasemdir áður en barnaverndarnefnd afgreiðir umsögn sína og sendir sýslumanni.

21.7.3 Tæknifrjógungun

Lög um tæknifrjógungun nr. 55/1996

Reglug. nr. 568/1997

Í 2. gr. laga um tæknifrjógungun kemur fram að tæknifrjógungun megi eingöngu framkvæma á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur til þess leyfi ráðherra og undir

eftirliti sérfræðinga í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp. Í dag er um að ræða eitt fyrirtæki sem nefnist ART Medica. Í lögunum eru sett fram ákveðin skilyrði sem uppfylla þarf til að tæknifrjógungun megi fara fram og m.a. kveðið á um að áður en tæknifrjógungun fari fram skuli þarinn veittar upplýsingar um meðferðina og þau læknisfræðilegu, félagslegu og lögfræðilegu áhrif sem hún kann að hafa. Nánar er fjallað um þessi atriði í reglugerð.

Í 4. gr. reglug. kemur fram að telji læknir ástæðu til sé honum rétt, með samþykki þess, að krefjast vottorða frá viðeigandi sérfræðingum um andlega og líkamlega heilsu þess. Á sama hátt er honum rétt að krefjast vottorða frá félagsráðgjafa eða öðrum sem veitt geta upplýsingar um félagslegar aðstæður þess. Samþykki þess ekki framangreinda upplýsingaöflun er lækni heimilt að synja um tæknifrjógungun. Telji læknir vafa leika á um að félagslegar aðstæður þess til uppeldis barns séu nægilega góðar getur hann leitað umsagnar barnaverndarnefndar.

Þegar beiðni um umsögn vegna tæknifrjógungunar berst þarf að ganga úr skugga um að sá sem biður um umsögnina hafi leyfi til að framkvæma slíka aðgerð. Læknir leitar eftir samþykki þess fyrir því að leita eftir þessum upplýsingum og ef það er ekki veitt er umsókn um tæknifrjógungun hafnað. Við gerð umsagnarinnar er rétt að skoða hvort barnaverndarnefnd hafi í fórum sínum einhverjar upplýsingar um þess sem haft geti áhrif á hæfni og getu þess til að annast barn og sé svo, hvers eðlis þær eru. Þá þarf einnig að skoða hvort einhver barnaverndarafskipti hafi verið af börnum þess og ef svo er hver ástæða afskipta hafa verið. Í umsögninni þarf ekki að gera grein fyrir félagsstöðu og öðrum þeim þáttum sem fram eiga að koma í umsögnum vegna ættleiðinga, þar sem þessar upplýsingar eiga að liggja fyrir áður en óskað er eftir þessari umsögn. Áður en umsögnin er afgreidd er rétt að gefa þarinn möguleika á að kynna sér og gera athugasemdir við greinagerðina.